

# Sérkennsla í grunnskólum Reykjavíkur

Könnun á

fjölda nemenda, ástæðum og framkvæmd

*Ritstjóri skýrslu:*

Gerður G. Óskarsdóttir

*Tölfræðileg úrvinnsla:*

Anna Ingeborg Pétursdóttir

Guðný Bergþóra Tryggvadóttir

*Höfundar skýrslu:*

Anna Ingeborg Pétursdóttir

Auður Hrólfsdóttir

Guðný Bergþóra Tryggvadóttir

*Meðhöfundar:*

Anna Kristín Sigurðardóttir

Arthur Morthens

Eyrún Ísfold Gísladóttir

Guðbjörg Andrea Jónsdóttir

Fræðslumiðstöð Reykjavíkur  
2000



## ÚTDRÁTTUR

Gerð var könnun á sérkennslu í grunnskólum Reykjavíkur þar sem m.a. var aflað upplýsinga um fjölda nemenda í sérkennslu og ástæður og framkvæmd sérkennslu. Markmið könnunarinnar var að draga upp sem skýrasta mynd af sérkennslu og sérúrræðum í skólunum. Tilgangurinn var að safna saman á einn stað margvíslegum upplýsingum til að auðvelda öllum er málið varðar, skólum, Fræðslumiðstöð og fræðsluráði, að taka ákvarðanir um frekari þróun og úrbætur á grunni upplýsinga.

Settar voru fram eftirfarandi rannsóknarspurningar: Hve margir nemendur fá sérkennslu í grunnskólum Reykjavíkur? Hvers vegna fá nemendur sérkennslu í grunnskólum Reykjavíkur og hverjir taka ákvörðun þar um? Hvernig er skipulag og framkvæmd sérkennslu í grunnskólum Reykjavíkur? Hvað er kennt í sérkennslu? Hver eru viðhorf foreldra nemenda í sérskólum til skólagöngu barna sinna?

Aflað var gagna með því að vinna úr upplýsingum um sérkennslu sem safnað er árlega frá öllum almennum grunnskólum í borginni á þar til gerðum eyðublöðum, einnig voru spurningalistar lagðir fyrir umsjónarkennara í 4. og 7. bekk (úrtak alls 52, svörun 83%) og talkennara (alls 8, sinntu 20 skólum) og spurningalisti sendur til foreldra nemenda í sérskólum (115 manns, svörun 58%). Auk þess var unnið úr margvíslegum fyrirbyggjandi gögnum.

Niðurstöður leiddu í ljós að alls voru tæplega 20% nemenda í sérkennslu og sérúrræðum í Reykjavík á ári. Um 14% nemenda voru að meðaltali í almennri sérkennslu, þó misjafnt eftir árgöngum og skólum, tæplega 3% í talkennslu, rúmlega 1% í sérdeildum og um 1,5% í sérskólum og sérhæfðum sérdeildum. Þriðjungur nemenda í sérskólum og sérhæfðum deildum eiga lögheimili utan Reykjavíkur.

Um 60% nemenda í sérkennslu og um 60% nemenda í almennum sérdeildum voru þar vegna námsvanda af ýmsum toga, bæði almenns og sértæks. Um 15% nemenda í sérkennslu og 37% nemenda í sérdeildum voru þar vegna félags- og tilfinningalegra örðugleika eða hegðunarvanda. Um 25% nemenda í almennri sérkennslu voru þar vegna fjölpættra vandamála, fötlunar, slysa o.fl.

Einkunnir virðast fremur vera notaðar sem viðmið þegar ákveðið er að nemandi fái sérkennslu en greining sérfræðinga. Um 40% nemenda í sérkennslu voru með einkunn yfir um 20% lægstu einkunn. Nemendur sem voru með einkunnir í hærri kantinum og trufluðu kennslu oft að mati umsjónarkennara voru líklegri til að fá sérkennslu en nemendur með sömu einkunnir sem sjaldan trufluðu kennslu.

Um 95-99% nemenda í sérkennslu fá hana í íslensku, þ.m.t. lestur, og stærðfræði.

Um 7% nemenda í 1.-7. bekk höfðu þörf fyrir talkennslu að mati talkennara, en tæplega 6% fengu talkennslu haustið 1998. Í um 15 skólum af 20 virtist þörf fullnægt, en munur var á skólum bæði hvað varðaði þörf að mati talkennara og hlutfall nemenda sem fékk talkennslu.

Meirihluti kennslustunda í sérkennslu, eða um 60-70%, voru nýttar fyrir nemendahópa þar sem nemendur að svipaðri getu voru saman (getumiðaðir hópar) og var þá kennt ýmist eftir hópáætlun eða einstaklingsáætlun. Segja má að aðeins 10-15% stunda hafi verið nýtt fyrir sérkennslu inni í bekk og um 10-15% stunda hafi verið nýtt fyrir einstaklingskennslu. Í blönduðu fyrirkomulagi (10-20%) eru einnig einstaklingstímar. Stundir í sérkennslu á nemanda voru 3,6 að meðaltali, en mismargar eftir aldri nemenda og skólum.

Fram kom að yfir 80% foreldra nemenda í Öskjuhlíðarskóla og Safamýrarskóla sem svöruðu könnun sögðu að ákvörðun um nám í sérskóla hefði verið í samræmi við vilja og óskir þeirra. Nokkur hópur foreldra sögðust velja nám í heimaskóla nú ef kostur væri á.





# EFNISYFIRLIT

Yfirlit yfir töflur .....	2
Yfirlit yfir myndir .....	3
<b>FORMÁLI .....</b>	<b>5</b>
<b>I. INNGANGUR .....</b>	<b>7</b>
SAGA SÉRKENNSLU HÉR Á LANDI .....	7
HUGMYNDAFRÆÐI .....	8
RANNSÓKNIR Á SÉRKENNSLU .....	10
LAGAÁKVÆÐI OG REGLUGERÐIR .....	13
FJÁRMAGN TIL SÉRKENNSLU .....	15
HUGTÖK - SKILGREININGAR .....	21
A. Hugmyndafræði .....	21
B. Ástæður .....	21
C. Kennsluáðstæður og námskrágerð .....	22
MARKMIÐ OG RANNSÓKNARSPURNINGAR .....	24
<b>II. AÐFERÐ .....</b>	<b>26</b>
UPPLÝSINGAÖFLUN FRÁ SKÓLUM (EYÐUBLÖÐ) .....	26
SPURNINGALISTI TIL KENNARA Í 4. OG 7. BEKK .....	26
SPURNINGALISTI TIL TALKENNARA .....	27
SPURNINGALISTI TIL FORELDRA NEMENDA Í SÉRSKÓLUM .....	28
SKOÐUN FYRIRLIGGJANDI GAGNA .....	29
<b>III. NIÐURSTÖÐUR .....</b>	<b>30</b>
1. FJÖLDI NEMENDA Í SÉRKENNSLU .....	30
2. ÁSTÆÐUR SÉRKENNSLU OG FRUMKVÆÐI AÐ HENNI .....	37
3. NÁMSGREINAR Í SÉRKENNSLU .....	50
4. TALKENNSLA .....	52
5. KENNSLUFYRIRKOMULAG .....	56
6. TÍMAFJÖLDI Á NEMANDA Í SÉRKENNSLU .....	63
7. MÖNNUN, FAGSTJÓRN OG RÁÐGJÖF .....	67
8. ÞJÓNUSTA FRÁ FRÆDSLUMIÐSTÖÐ VEGNA EINSTAKRA NEMENDA OG NEMENDAHÓPA .....	71
<b>IV. UMRÆÐA .....</b>	<b>76</b>
HELSTU NIÐURSTÖÐUR .....	76
NÝTING NIÐURSTAÐNA .....	79
LOKAORÐ .....	82
<b>HEIMILDIR .....</b>	<b>84</b>
<b>VIÐAUKAR .....</b>	<b>88</b>

## Yfirlit yfir töflur

Tafla 1. Skipting framlaga til sérúrræða og þjónustu við nemendur með sérþarfir árið 1999. <sup>1</sup> .....	16
Tafla 2. Skipting framlaga til almennra grunnskóla árið 1999.....	17
Tafla 3. Fjöldi 6 ára barna sem fengið hafa greiningu hjá Sérkennslu- og sálfræðideild Leikskóla Reykjavíkur (SOS) og Greiningar- og ráðgjafarstöð stöð Ríkisins (GRR) áður en þau innritast í grunnskóla. ....	17
Tafla 4. Fjöldi tíma á viku sem úthlutað hefur verið til sérkennslu í almennum grunnskólum 1994-1999. Staða að hausti. ....	17
Tafla 5. Nýting neyðarpotts skólaárið 1998-1999 skv., upplýsingum frá skólum í júní 1999. ....	19
Tafla 6. Lykiltölur fjármála .....	20
Tafla 7. Fjöldi nemenda sem fengu sérkennslu á haustönn skólaárin 1996-1999.....	31
Tafla 8. Fjöldi nemenda í sérdeild á yngra stigi (1.-7. bekkur).....	34
Tafla 9. Fjöldi nemenda í sérdeild á eldra stigi. ....	35
Tafla 10. Fjöldi nemenda í sérdeildum með sérhæft hlutverk haustið 1998. ....	35
Tafla 11. Fjöldi nemenda í sérskólum og kennslustundir á nemanda árin 1997-1999 <sup>1</sup> .....	36
Tafla 12. Nemendafjöldi í hverju þjónustuverfi og fjöldi nemenda sem fékk sérkennslu haustið 1998. 36	
Tafla 13. Fjöldi nemenda með greiningu frá sérfræðingi sem ekki fengu sérkennslu. ....	41
Tafla 14. Fjöldi nemenda sem höfðu fengið einkunn yfir landsmeðaltali á samræmdu prófi í þeirri grein sem þeir fengu sérkennsluáðstoð í. ....	42
Tafla 15. Hlutfall allra nemenda í 4. bekk og sérkennslunemenda í 4. bekk með einkunn á samræmdu prófi lægri en 5,0 í íslensku og einkunn lægri en 4,0 í stærðfræði og hlutfall allra nemenda í 7. bekk og sérkennslunemenda í 7. bekk með einkunn á samræmdu prófi lægri en 5,5 í íslensku og einkunn lægri en 4,5 í stærðfræði. <sup>1</sup> .....	43
Tafla 16. Námsgreinar og fjöldi nemenda sem fær sérkennslu samkvæmt hópnamskrá haust 1998. 50	
Tafla 17. Fjöldi nemenda með sérkennslu og meðalfjöldi nemendastunda eftir námsgreinum í 4. og 7. bekk. 51	
Tafla 18. Fjöldi stunda í talkennslu eftir skólum haustið 1998 .....	55
Tafla 19. Hlutfallsleg skipting tíma til almennrar sérkennslu eftir því hvernig þeir voru nýttir, skv. upplýsingum frá skólum haustið 1998.....	57
Tafla 20. Meðalnemendafjöldi í sérkennsluhópi eftir hverfum.....	58
Tafla 21. Fjöldi nemenda með sérkennslu í almennum grunnskólum að hausti skólárin 1996-1999 skipt eftir kennsluáðstöðum. ....	59
Tafla 22. Skipting tíma til almennrar sérkennslu á árganga og meðalfjöldi sérkennslutíma á viku á nemanda með sérkennslu samkvæmt upplýsingum frá skólum haustið 1998.....	63
Tafla 23. Fylgni (r) milli einkunna og fjölda tíma á viku í sérkennslu, hjá nemendum sem fengu sérkennslu í 4. og 7. bekk. ....	65
Tafla 24. Meðalfjöldi sérkennslutíma á viku á nemanda með sérkennslu, haustið 1998. ....	65
Tafla 25. Kennslufyrirkomulag og meðalfjöldi tíma á viku hjá nemendum sem fá sérkennslu skv. einstaklingsnámskrá haustið 1998. ....	66
Tafla 26. Fjöldi úthlutaðra tíma eftir þjónustuverfum og fjöldi tíma á hvern nemanda í almennri sérkennslu og sérdeildum haustið 1998. ....	67
Tafla 27. Fjöldi kennara sem sinnt hefur sérkennslu í grunnskólum Reykjavíkur frá 1994. <sup>1</sup> .....	67
Tafla 28. Tímafjöldi í sérkennslu eftir menntun kennara haustið 1998. ....	68
Tafla 29. Einstaklingsmál sem bárust umboðsmanni foreldra og skóla 1997-1999.....	72
Tafla 30. Fjöldi mála sem sinnt var af umboðsmanni foreldra og skóla eftir skólastigum og tilvísunaraðila árið 1999. ....	72
Tafla 31. Mál sem vísað var til forstöðumanns þjónustusviðs eftir ástæðu tilvísunar. ....	73
Tafla 32. Mál sem vísað var til forstöðumanns þjónustusviðs eftir skólastigum. ....	73
Tafla 33. Tilvísanir til sálfræðideildar 1996 til 1999. ....	73
Tafla 34. Þrjár algengustu tilvísunarástæður drengja og stúlkna skólaárið 1998-1999.....	74
Tafla 35. Yfirlit yfir ráðgjöf við kennara vegna bekkjarstarfs og heimsóknir í bekki.....	74
Tafla 36. Einstaklingsmál sem bárust kennsludeild. ....	75

## Yfirlit yfir myndir

Mynd 1. Hlutfall af heildarnemendafjölda í hverjum skóla sem fékk almenna sérkennslu haustið 1998 (sérdeildarnemendur ekki taldir með).....	32
Mynd 2: Hlutfall af heildarnemendafjölda í 4. og 7. bekk sem fékk sérkennslu annars vegar skv. könnun meðal umsjónarkennara í 4. og 7. bekk vorið 1999 og hins vegar skv. upplýsingum frá skólum haustið 1998.....	33
Mynd 3. Fjöldi umsækjenda um pláss í almennum sérdeildum fyrir unglingastig og yngri stig vorin 1997 og 1998.....	34
Mynd 4. Hlutfall nemenda með einstaklingsnámskrá sem fengu sérkennslu af mismunandi ástæðum haustið 1998.....	38
Mynd 5. Hlutfall nemenda sem höfðu fengið greiningu frá sérfræðingi, eftir því hvort þeir fengu sérkennslu eða ekki.....	39
Mynd 6. Fjöldi nemenda í 4. og 7. bekk sem höfðu fengið greiningu á mismunandi sviðum, eftir því hvort þeir fengu sérkennslu eða ekki (36 nemendur eru tvítaldir eða þrítaldir þannig að alls eru 158 greiningar flokkaðar í töflunni).....	40
Mynd 7. Hlutfall nemenda með greiningu úr algengustu flokkunum sem fær sérkennslu.....	40
Mynd 8. Meðaleinkunnir nemenda í 4. og 7. bekk á skólaprófum vorið 1998 og samræmdum prófum haustið 1998.....	41
Mynd 9. Meðaleinkunnir nemenda í 4. bekk á skólaprófum og samræmdum prófum eftir því hvort þeir fengu sérkennslu eða ekki.....	42
Mynd 10. Meðaleinkunnir nemenda í 7. bekk á skólaprófum og samræmdum prófum eftir því hvort þeir fengu sérkennslu eða ekki.....	42
Mynd 11. Einkunnir nemenda í 4. og 7. bekk á samræmdum prófum eftir greiningu.....	43
Mynd 12. Meðaleinkunn í stærðfræðiprófum hjá nemendum í 4. og 7. bekk sem fengu sérkennslu í stærðfræði og nemendum sem fengu sérkennslu í öðrum greinum.....	44
Mynd 13. Meðaleinkunn í lestri og íslensku hjá nemendum í 4. og 7. bekk sem fengu sérkennslu í lestri og nemendum sem fengu sérkennslu í öðrum greinum.....	44
Mynd 14. Meðaleinkunn í lestri og íslensku hjá nemendum sem fengu sérkennslu í íslensku og nemendum sem fengu sérkennslu í öðrum greinum.....	44
Mynd 15. Mat kennara á því hve hátt hlutfall nemenda í 4. og 7. bekk truflar kennslu oft eða stundum, eftir kyni og því hvort nemendur fá sérkennslu eða ekki.....	45
Mynd 16. Hlutfall nemenda í 4. og 7. bekk með einkunnirnar 4,1-8,0 á samræmdu prófi í íslensku sem fengu sérkennslu í íslensku, eftir því hve oft þeir trufluðu kennslu.....	45
Mynd 17. Hlutfall nemenda í 4. og 7. bekk með einkunnirnar 4,1-8,0 á samræmdu prófi í stærðfræði sem fengu sérkennslu í stærðfræði, eftir því hve oft þeir trufluðu kennslu.....	46
Mynd 18. Mat kennara á félagslegri stöðu nemenda í 4. og 7. bekk eftir því hvort þeir fengu sérkennslu eða ekki.....	46
Mynd 19. Félagsleg staða nemenda í 4. og 7. bekk að mati kennara, eftir því hve oft þeir trufla kennslu.....	47
Mynd 20. Hlutfallsleg skipting umsækjenda um sérdeild árin 1997 og 1998 eftir fyrstu ástæðu umsóknar.....	48
Mynd 21. Ákvörðun um skólavist í sérskóla miðað við vilja vilja foreldra.....	48
Mynd 22. Hlutfall nemenda í 4. og 7. bekk með sérkennslu sem fá aðstoð í mismunandi námsgreinum eftir því hvaða greiningu þeir hafa.....	51
Mynd 23. Hlutfall af heildarfjölda nemenda sem fengu sérkennslu í mismunandi greinum í 4. og 7. bekk.52	
Mynd 24. Hlutfall nemenda í 1.-7. bekk sem þarf á talkennslu að halda að mati talkennara, og hlutfall sem fær talkennslu.....	53
Mynd 25. Hlutfall af heildarfjölda nemenda í hverjum árgangi (1.-7. bekk) sem þarf á talkennslu að halda að mati talkennara, haustið 1998.....	54
Mynd 26. Fjöldi stunda á viku í talkennslu á nemanda eftir skólum vorið 1999.....	54
Mynd 27. Hlutfallsleg skipting nemenda sem þurfa talkennslu að mati talkennara eftir tegund mál- og talörðugleika.....	55
Mynd 28. Nemendur í 4. og 7. bekk sem fengu sérkennslu flokkaðir eftir kennsluáðstæðum.....	57
Mynd 29. Hlutfallsleg skipting tíma til almennrar sérkennslu eftir því hvernig þeir voru nýttir samkvæmt upplýsingum frá skólum haustið 1998.....	58
Mynd 30. Hlutfall sérkennslunemenda í 4. - 7. bekk sem fengu einstaklingstíma eða sérkennslu inni í bekk eftir því hvaða greiningu þeir höfðu.....	59

Mynd 31. Hlutfall af heildarnemendafjölda sem fékk sérkennslu skv. einstaklingsnámskrá annars vegar og hópnámskrá hins vegar, árin 1996-1999. ....	60
Mynd 32. Hlutfall nemenda með sérkennslu samkvæmt einstaklings- og hópnámskrá af heildarfjölda nemenda sem fékk sérkennslu haustið 1998, eftir skólum.....	61
Mynd 33 Hlutfall nemenda í almennri sérkennslu með hóp- og einstaklingsnámskrá eftir þjónustuverfum, haustið 1998.....	62
Mynd 34. Nemendur í 4. og 7. bekk sem fengu sérkennslu flokkaðir eftir fjölda kennslustunda á viku. 64	
Mynd 35. Meðalfjöldi sérkennslutíma á viku eftir greiningu í 4. og 7. bekk.....	64
Mynd 36. Meðalfjöldi tíma á viku í sérkennslu eftir kennsluaðstæðum .....	66

# FORMÁLI

Í starfsáætlun Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur fyrir árið 1998 er sett fram það markmið að „á næstu árum beinist áherslur í sérkennslu einkum að því að endurskoða starfshætti og aðferðir í þeim tilgangi að árangur þjónustunnar verði sem bestur.“ Árið eftir er þetta markmið útfært í starfsáætlun m.a. með markmið um að á árinu „fari af stað ítarleg gagnaöflun um sérkennslu og önnur sérúrræði í grunnskólum Reykjavíkur í þeim tilgangi að fá heildarmynd af þessum þætti skólustarfsins og auðvelda þar með framtíðaráætlanir um skipulag hennar og umfang.“ Í rökum með þessu markmiði segir m.a.

Sérkennsla er skipulögð með margvíslegum hætti í skólum og misjafnt hvernig kvóti til sérkennslu er nýttur, s.s. í einkatíma, hópa eða stuðning inni í bekk, og viðmið við val á nemendum í sérkennslu liggja ekki fyrir. Þörf fyrir sérkennslu er ekki nægilega vel skilgreind og sífellt koma fram óskir um aukna sérkennslu. Þar sem of litlar upplýsingar liggja fyrir um framkvæmdina er erfitt að huga að umbótum á starfinu.

Haustið 1998 var stofnaður stýrihópur til að sjá um framkvæmd verkefnisins og sátu í honum Arthur Morthens forstöðumaður þjónustusviðs, formaður, Anna Kristín Sigurðardóttir deildarstjóri kennsludeildar, Guðbjörg Andrea Jónsdóttir forstöðumaður þróunarsviðs, Gabriela Sigurðardóttir deildarstjóri sálfræðideildar, Anna Inngborg Pétursdóttir sérfræðingur á þróunarsviði og Eyrún Gísladóttir kennsluráðgjafi, en Anna Lilja Sigurðardóttir, kennsluráðgjafi tók við af Eyrúnu á síðari stigum vinnunnar. Auður Hrólfsdóttir, kennsluráðgjafi á Fræðslumiðstöð, var starfsmaður hópsins og á síðari stigum varð Guðný Bergþóra Tryggvadóttir, sérfræðingur á þróunarsviði, starfsmaður hópsins. Á lokastigi verksins vann Gerður G. Óskarsdóttir fræðslustjóri með hópnum.

Niðurstöður könnunar á sérkennslu og sérúrræðum í Reykjavík liggja nú fyrir og eru kynntar í þessari skýrslu. Annars vegar eru hér kynntar upplýsingar m.a. um fjölda nemenda í sérkennslu og ástæður þess að nemandi fær sérkennslu og hins vegar hvernig sérkennslan er framkvæmd, þ.m.t. inntak kennslunnar, kennslufyrirkomulag og fjöldi tíma á nemanda. Auk þess er fjallað um mönnun og ráðgjöf vegna nemenda með sérþarfir.

Markmiðið með þessu verkefni var að skapa sem skýrasta heildarmynd af framkvæmd sérkennslu í grunnskólum Reykjavíkur með því að safna saman á einn stað margvíslegum upplýsingum og auðvelda þar með öllum er málið varðar að taka ákvarðanir um frekari þróun.

Hér með er þeim fjölmörgu aðilum þakkað sem lögðu fram efni í þessa skýrslu, skólastjórnendum og kennurum sem lögðu fram efni í árlega gagnaöflun um sérkennslu, yfir fjórtíu umsjónarkennurum sem komu í viðtal um sérkennslu í bekk sínum, átta talkennurum sem svöruðu spurningalista og foreldrum nemenda í sérskólum sem svöruðu spurningalista.

Þess er vænst að sú mynd sem hér er dregin upp geti orðið grunnskólum í Reykjavík góður grunnur til að taka ákvarðanir um frekari þróun sérkennslu og komi Fræðslumiðstöð og fræðsluráði að gagni við mótun stefnu um ytri umgjörð. Ekki er ólíklegt að þessar niðurstöður geti einnig komið öðrum sveitarfélögum að gagni þar sem reikna má með að framkvæmd sérkennslu sé svipuð um land allt.



# I. INNGANGUR

Sérkennsla á rætur sínar að rekja allt aftur til upplýsingatímans á 18. öld. Á Norðurlöndum hafa hugmyndir um jafnrétti til náms alla tíð átt sterkan hljómgrunn innan skólakerfisins og meðal íbúanna. Ein fyrstu sérúrræðin voru fyrir blind og heyrnarlaus börn enda nokkuð augljóst að þau þörfuðust sérstakra aðferða í kennslu. Sama má segja um vangefna. Fyrsti skóli fyrir heyrnarlaus börn á Norðurlöndum var stofnaður í Kaupmannahöfn 1807 og á 19. öld voru allnokkrir skólar stofnaðir fyrir fatlaða.

Á tuttugustu öld þróaðist sérkennsla á Norðurlöndum og víðar frá sérskólum í sérkennslu innan hins almenna grunnskóla. Sérkennslan á Norðurlöndum hefur meðal þjóða heims hlotið almenna viðurkenningu. Hugmyndir sem þróuðust á 6. og 7. áratugnum um rétt fatlaðra til að lifa eðlilegu lífi í samfélaginu og vera jafngildir öðrum þjóðfélagsþegnum höfðu mikil áhrif á hugmyndir um rétt fatlaðra til skólagöngu og lög um grunnskóla á Norðurlöndum.

## Saga sérkennslu hér á landi

Rekja má sögu sérkennslunnar hér á landi aftur til 1867 er kennsla heyrnarlausra hófst austur í Þingmúla í Skriðdal en fluttist síðan í Gaulverjabæ og loks til Reykjavíkur. Kennnt var táknið við skólann. Árið 1922 voru sett lög um kennslu heyrnar- og málleysingja sem voru trúlega fyrstu lög um sérkennslu hér á landi. Kennsla í táknið þróaðist um tíma í aflestur af vörum, en nú hefur táknið hlotið viðurkenningu sem mál heyrnarlausra. Við skólann var lengi vel heimavist og nemendum kennt frá fjögurra ára aldri. Skólinn ber nú heitið Vesturhlíðarskóli.

Formleg kennsla blindra hófst 1933 á vegum Blindravinafélags Íslands og ríkisins í húsnæði Elliheimilisins Grundar. Skólinn fluttist síðan um bæinn en fékk aðsetur í Laugarnesskóla árið 1971 og var frá þeim tíma rekinn alfarið af ríkinu. Frá hausti 1982 hefur blindradeild verið í Álftamýrarskóla.

Um árið 1930 hóf Sesselja Sigmundsdóttir rekstur heimilis fyrir vangefna að Sólheimum í Grímsnesi í anda kenninga Rudolf Steiner. Þar hefur verið starfsemi allt til þessa dags. Síðar setti ríkið upp heimili að Kleppjárnsreykjum og Kópavogi og Góðtemplarar stofnuðu vistheimili að Skálatúni í Mosfellssveit sem Styrktarfélag vangefinna í Reykjavík gerðist síðar aðili að. Árið 1961 kom félagið á fót dagheimili í Lyngáasi og síðar í Bjarkarási og Lækjaráasi. Fleiri slík heimili risu síðan um landið. Með ákvörðun fræðsluyfirvalda í Reykjavík um stofnun Höfðaskóla árið 1961 voru þroskaheft börn tekin í skóla og var nemendafjöldinn yfir 100 nemendur árið 1968. Skólinn flutti síðan í nýtt húsnæði í Öskjuhlíðarskóla árið 1975.

Haustið 1969 hóf Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra ásamt ríkinu rekstur heimvistarskóla í Reykjadal fyrir nemendur sem vegna fötlunar og/eða erfiðra heimilisaðstæðna áttu þess ekki kost að sækja nám í almennum skólum. Dagheimili fyrir fjölfötluð börn var stofnað í Bjarkarhlíð við Bústaðarveg árið 1973 en fluttist árið eftir í Kjarvalshús. Safamýrarskóli var síðan stofnaður haustið 1982.

Snemma á 20. öld fóru ýmsir aðilar að vekja athygli á stöðu munaðarlausra barna, vanræktra barna og sem þá voru kölluð „vandráðabörn” og árið 1924 var Barnavinarfélagið Sumargjöf stofnað og lög um barnavernd voru sett árið 1932. Þegar Laugarnesskóli var stofnsettur árið 1935 var sett þar á fót heimavist fyrir veikluð börn úr Reykjavík. Á árunum 1943 og 1945 voru sett á fót upptökuheimili í Reykjavík sem síðar fluttu að Elliðahvammum og barnaheimili í Kumberavogi í Árnessýslu sem síðar

flutti að Reykjahlíð í Mosfellssveit. Heimavistarskóli starfaði að Jaðri í Heiðmörk frá 1944-1973 fyrir 20-30 drengi sem lent höfðu í félagslegum ógöngum. Heimili fyrir vangæfa pilta var rekið að Breiðuvík í Rauðasandshreppi á árunum 1953-1979. Frá 1964-1974 var starfrækt heimili fyrir um 10 stúlkur í félagslegum vanda að Hlaðgerðarkoti í Mosfellssveit. Þróunin varð sú að farið var að sinna nemendum með félagslega og hegðunarlega erfiðleika innan skólanna í stuðningskennslu, sérþekkingum og athvörfum (heilsdagsvistun), um tíma í svonefndri athvarfsiðju af athvarfsiðjukennurum sem í raun voru forverjar námsráðgjafa í skólum.

Geðverndardeild barna við Heilsværndarstöðina í Reykjavík var stofnuð árið 1960 og sama ár var sett á fót sálfræðideild skóla í Reykjavík. Geðdeild barnaspítala Hringins hóf störf árið 1971 og árið 1976 var stofnaður skóli í tengslum við deildina fyrir innlögð börn.

Hvatinn að stofnun sálfræðipjónustu var þörfin á að greina nemendur sem talið var að þyrftu á sérkennslu og séraðstoð að halda. Við upphaf þessarar þjónustu hér á landi var ákveðið að hún væri ráðgefandi en hefði ekki stjórnunarhlutverk. Í fyrstu voru bæði sálfræðingar og sérkennarar í starfslíði sálfræðipjónustunnar, en er frá leið voru þar nær eingöngu sálfræðingar. Í Reykjavík hefur sálfræðipjónusta skóla ýmist verið í nokkrum deildum úti í hverfum eða hefur verið veitt frá einum stað.

Um miðja 20. öld var komið á leshjálp og stofnaðir hjálparbakkir í skólunum þar sem leitast var við að hafa viðfangsefni í samræmi við getu nemenda og þróuðust þeir næstu árin. Þessir bakkir voru gjarnan helmingi fámennari en venjulegir bakkir, nemendur oft um 15 í stað 25-30. Á áratugnum varð talsverð uppbygging á leshjálp, sett voru á stofn lesver í skólunum og tímum í sérkennslu fjölgaði talsvert. Um miðjan áttunda áratuginn þegar hugmyndafræði um blöndun fór að ryðja sér til rúms voru hjálparbakkirnir lagðir niður að mestu og farið að móta stuðningskennslu í lestri, stafsetningu og reikningi fyrir alla árganga grunnskólans. Á níunda áratugnum var farið að stofna sérdeildir sem eru í eðli sínu svipaðar hjálparbakkjunum svonefndu að öðru leyti en því að sérdeildir eru fyrir nemendur með mikla námsörðugleika og hegðunarvandkvæði en gömlu hjálparbakkirnir voru fyrst og fremst fyrir seinþroska nemendur. Farið var að nota orðið sérkennsla í stað stuðningskennsla á síðari hluta níunda áratugarins því menn vildu búa til eitt hugtak sem næði yfir alla kennslu barna með sérþarfir.

Haustið 1968 fékk Kennaraskólinn leyfi til að setja af stað eins árs framhaldsdeild í sérkennslu og á næstu árum útskrifuðust stórir hópar sérkennara á tveggja til þriggja ára fresti, sem flestir fóru til starfa í Reykjavík, stærstu hóparnir árin 1971 og 1974.

Þessi kafli er byggður á Þorsteinn Sigurðsson, 1987, og Kristinn Björnsson, 1991.

## Hugmyndafræði

Þorri nemenda á að geta náð flestum þeim markmiðum sem fram eru sett í aðalnámskrá. Sumir eiga erfiðara með námið en aðrir ýmissa hluta vegna. Þeir þurfa lengri tíma til að ná viðkomandi markmiðum og laga þarf námið sérstaklega að þeim. Sérkennsla hefur alla tíð verið tengd hugmyndum manna um mannréttindi og jafnrétti til náms. Hún er tengd baráttu fjölbreytts hóps fatlaðra fyrir því að fá aukin stuðning í skóla til að geta staðið jafnfætis öðrum nemendum.

### *Sérkennsla*

Sérkennsla er sérstök leið til að styðja þann hóp nemenda sem eiga í erfiðleikum með öll eða ýmis þau markmið sem fram eru sett í aðalnámskrá. Hér er um að ræða nemendur með mikla þörf fyrir kennslu sem er sérstaklega aðlöguð að sértækum

námserfiðleikum, félags og tilfinningalegum erfiðleikum og/eða fötlunum. Sérkennsla er því ein af þeim leiðum sem farin er til að ná fram markmiðum grunnskólalaga og aðalnámskrár um kennslu sem aðlöguð er að getu og þörfum allra nemenda.

Hér er reynt að skilgreina hvað átt er við með hugtakinu sérkennsla (niðurstaða hóps fagaðila á Reykjavíkursvæðinu frá árinu 2000):

1. Sérkennsla er kennsla nemenda sem hafa svo mikla þörf fyrir sérstaklega aðlagða kennslu, að ekki er hægt að mæta henni í almennri kennslu nema með sérstökum stuðningi og breytingum á námsmarkmiðum, námsefni, náms- og/eða kennsluaðferðum. Sérkennsla er kennslutilboð fyrir nemendur með sértæka námsörðugleika, félags- og tilfinningalega örðugleika og/eða fötlun.
2. Gerðar eru rökstuddrar námsáætlunar fyrir nemendahópa eða hvern einstakling í sérkennslu sem byggð er á upplýsingum um heildaraðstæður nemanda og athugun og mati á stöðu hans eða hennar í námi og þroska. Tilgreind skulu markmið með kennslunni.

Oft hefur valdið vanda hve skilgreiningar á fötlun og sérþörfum eru óljósar. Því hafa starfsmenn á Fræðslumiðstöð unnið eftirfarandi skilgreiningar á nemendahópum sem fallið gætu undir 37. grein laga um grunnskóla. Þær eru í samræmi við reglur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem notaðar eru við úthlutun fjármagns til sveitarfélaga annarra en Reykjavíkur vegna fatlaðra nemenda.

1. Nemendur með sértæka námsörðugleika í lestri, skrift, stafsetningu og stærðfræði. Erfiðleikar stafa af líffræðilegum orsökum.
2. Nemendur með félagslega örðugleika, hegðunar- og samskiptaörðugleika sem hafa í för með sér erfiðleika í námi. Hér getur verið um að ræða:
  - Nemendur sem búa við erfið uppeldis- og félagsleg skilyrði, sem ekki veita örvandi námsumhverfi og hindra nemandann í að ná þeim markmiðum sem aðalnámskrá setur.
  - Nemendur sem hafa lent í afbrotum eða eiga við áfengis- og fíkniefnavanda að stríða og þurfa sérstakan stuðning í námi.
  - Nemendur með alvarlegar hegðunarraskanir, s.s misþroska, ofvirkni, athyglisbrest, Asperger heilkenni, Tourette og aðra skylda þætti er orsakast af líffræðilegum þáttum og trufla nám og samskipti.
  - Nemendur með tilfinningalega örðugleika, s.s. slaka sjálfsmýnd, kvíða, þunglyndi og lystarstol.
3. Nemendur með andlega og/eða líkamlegar fatlanir af ýmsum toga, s.s verulega seinþroska nemendur sem standa langt að baki öðrum nemendum í námi, þroskaheftir, fjölfatlaðir, hreyfihamlaðir, nemendur með alvarleg mál- og talgalla, blindir, heyrnarlausir, einhverfir og geðfatlaðir.

### *Blöndun*

Um 1970 fór hugmyndafræði blöndunar að ryðja sér til rúms hér á landi og barst hún bæði frá Bandaríkjunum og Norðurlöndum. Með blöndun er átt við að nemendur með mismunandi námsgetu og þroska séu saman í námi og borin sé virðing fyrir mismunandi getu einstaklingsins. Skólanum sé ætlað að aðlaga sig að nemendum sínum með sveigjanleika og mismunandi námstilboðum. Blöndun byggir á því að virða mismunandi þroska og getu nemenda og aðlaga skólastarfið að mismunandi getuhópum nemenda innan almennu kennslunnar. Blöndun er mótvægi við kennsluhætti þar sem öllum er kennt það sama með sama hraða og á sama tíma.

Í samnorrænu verkefni í sérkennslu frá 1970 dregur Gunnar Stangvik fram nokkrar meginniðurstöður rannsókna í Bandaríkjunum á árangri barna með greind á bilinu 50-75 stig í almennum bekkjum og sérbekkjum. Niðurstöður voru talsvert mótsagnakenndar. Almenn þekking nemenda virtist meiri ef þeir voru í almennum bekkjum en aðlögun þótti betri í sérbekkjum. Hann benti á að niðurstöður yrði að skoða í ljósi mismunandi rannsóknarskipulags og mælingaraðferðum.

Meginniðurstaða Stangvik var að aðgreining nemenda með lága greind ætti ekki að eiga sér stað fyrr en búið væri að rannsaka möguleika hins almenna bekkjar til að sinna þessum nemendum. Rannsóknir af þessu tagi höfðu áhrif á umræðuna og áttu þátt í að koma á stefnubreytingu í skólagöngu fatlaðra og opna umræðu um blöndun bæði í Bandaríkjunum og Evrópu og þar með á Norðurlöndunum.

### *Skóli án aðgreiningar*

Með skóla án aðgreiningar er einkum átt við að megináhersla sé lögð á kennslu barna með sérkennsluþarfir í heimaskóla. Hver skóli mótar sér heildarstefnu í málefnum allra nemenda og aðlagar námið að stöðu hvers nemanda fyrir sig. Námið er því nemendamiðað og kennslan stuðlar að námi og þroska allra nemenda.

Grétar Marinósson og Kolbrún Gunnarsdóttir (1992) segja hugmyndina um skóla fyrir alla náskylda hugmyndum um blöndun, en hugtakið skóli fyrir alla gangi lengra þar eð fatlaðir og ófatlaðir séu ekki aðgreindir heldur eigi jafnan rétt til menntunar. Ennfremur benda þau á að hugmyndin um skóla fyrir alla eigi nokkuð langt í land með að komast til framkvæmda hér á landi. Orsakir þess liggja fyrst og fremst í viðhorfum í samfélaginu sem séu andsnúin fötluðum að mörgu leyti og ekki síður í aðstæðum innan grunnskólans, s.s. þekkingu, stuðningi og skipulagi námsaðstæðna.

### *Aðlöguð kennsla og sérkennsla*

Í núgildandi aðalnámskrá frá 1999 er talað um kennsluaðlögun eða kennslu sem aðlöguð er að hverjum og einum. Norðmenn hafa notað kennsluaðlögun (tilpasset opplæring) undanfarin 15 ár sem hugtak um kennslu sem aðlöguð er að einstökum nemendum, þörfum þeirra og getu. Markmiðið er að nemandinn sé fær um að nýta sér þá þekkingu og færni sem veitt er í námi og kennslu.

Vert er að skoða nánar hugtökin aðlöguð kennsla, almenn kennsla og sérkennsla. Norðmennirnir Nordahl og Overland (1998, bls 23) draga upp mynd af þessum hugtökum með eftirfarandi hætti.

Aðlöguð kennsla	
Í almennri kennslu í bekk þar sem viðhafðir eru sveigjanlegir kennsluhættir.	Í sérkennslu þar sem kennsla er aðlöguð að sérþörfum nemenda með umtalsverðar sérþarfir.

Hægt er að veita nemendum kennslu sem er aðlöguð að þeim, bæði með almennri kennslu og með sérhæfðri kennslu sem byggir á ítarlegu mati á stöðu nemandans. Sú kennsla sem aðlöguð er að nemanda með þörf fyrir sérhæfða kennslu má nefna sérkennslu. Ljóst er að aðlöguð kennsla og sérkennsla eru greinar af sama meiði og oft erfitt að greina þar á milli.

## **Rannsóknir á sérkennslu**

Fyrsta könnunin um þörf barna fyrir sérkennslu hér á landi var að öllum líkindum gerð í Melaskóla árið 1955. Niðurstöður voru þær að kennarar töldu um 7% barna skorta hæfileika til að stunda nám í almennum barnaskóla, um 10% barna höfðu dregist aftur úr vegna annarra ástæðna en greindarskorts og tæplega 2% spilltu góðri reglu og voru miður heppileg fordæmi öðrum börnum. Kennarar skólans töldu því að alls um 19% nemenda þyrftu á sérkennslu að halda (Þorsteinn Sigurðsson, 1987). Það skal tekið fram að í könnunum á „þörf“ fyrir sérkennslu bæði hér á landi og annars staðar er „þörfin“ skilgreind á mismunandi hátt, ef hún er þá skilgreind yfir höfuð.

Í rannsókn Sigurjóns Björnssonar (1980) á tíðni og eðli sálrænna vandamála kom m.a. fram að um 8% barna og unglunga á aldrinum 5-15 ára (800 manna úrtak) voru með lestrar- og skriftarörðugleika, um 3% með einbeitingarörðuleika og um 6% með hegðunar- og aðlögunarerfiðleika í skóla, alls um 17% nemenda.

Guðjón Ólafsson (1986) spurði umsjónarkennara í 22 skólum í Reykjavík um mat þeirra á þörf fyrir sérkennslu og um framkvæmd hennar (svör frá um 400 kennurum sem var 86% heildarinnar). Um 12% nemenda voru í sérkennslu á þeim tíma. Ástæður sérkennslu voru í um 73% tilfella vandi í móðurmáli og stærðfræði eða námsvandi almennt, rúmlega 6% sérkennslunemenda átti við mál- og talörðugleika að stríða, um 3% hegðunarvanda, um 2% fötlun og um 14% sérkennslunemenda voru í sérkennslu af fleiri en einni ástæðu. Til viðbótar töldu kennarar að tæplega 7% hefðu þörf fyrir sérkennslu þótt þeir fengju hana ekki, þörfin að þeirra mati var því alls 19%. Svarendur töldu að um 2% nemenda væru í svo miklum vanda bæði námslega og félagslega að þeim kæmi best að fá alla sína kennslu utan almenns bekkjar. Aðeins tæplega 8% kennara töldu sig vita hvað réði vali á nemendum í sérkennslu.

Arthur Mortens (1987) átti viðtöl við 24 kennara í 10 skólum Reykjavík og á Reykjanesi, m.a. um sérkennslu. Fram kom að kennararnir sögðust fyrst og fremst nota niðurstöður prófa og almennt innsæi til að meta stöðu nemenda, þeir töldu 19% af nemendum sínum í þörf fyrir sérkennslu, þar af fengu um 62% sérkennslu þegar viðtölin fóru fram. Um 8% þeirra nemenda fengu sérkennslu vegna félagslegra og tilfinningalegra vandamála.

Sigríður Þ. Valgeirsdóttir stýrði rannsókn fyrir menntamálaráðuneytið á sérkennslu hér á landi (1992). Í svörum úrtaks umsjónarkennara í grunnskólum kom m.a. fram að þeir töldu sig þurfa tímabundna aðstoð fyrir um 9,6% nemenda sinna og verulega aðstoð fyrir um 8% þeirra eða alls um 17,6% nemenda. Ástæður þessa voru námslegar í um 50% tilfella, félagslegar ástæður í um 9% tilfella, fleiri en ein ástæða í 28% tilfella og líkamlegar ástæður í 3% tilfella. Um 35% sérkennslunemenda voru í sérkennslu í 1-2 kennslustundir á viku, um 27% innan við eina kennslustund á viku, um 21% fengu aðstoð 3-4 kennslustundir á viku og um 16% í 5 kennslustundir eða fleiri. Þannig voru um 83% sérkennslunemenda í 4 kennslustundum eða færri í sérkennslu á viku. Algengast var að nemendur væru teknir út úr bekk til að fara í sérkennslu eða um 83% sérkennslunemenda, en um 17% sérkennslunemenda fékk stuðning inni í bekknum. Umsjónarkennarar töldu að um 21% nemenda sem þeir treystu sér ekki til að sinna án aðstoðar hafi liðið fremur illa í skólanum. Um 47% þeirra kennara sem önnuðust sérkennslu sögðust semja heildarnámsáætlun fyrir nemendur í upphafi hvorrar annar *alltaf* eða *oftast*. Um 73% skólastjóra töldu að stuðningur við nemendur ætti að vera í höndum umsjónarkennara en það var álit aðeins um þriðjungs umsjónarkennara og sérkennara. Niðurstöður bentu til að mikið vantaði á að raunveruleg greining færi fram, t.d. að hún væri einhver fram yfir hefðbundin skólapróf, en greining umfram venjuleg skólapróf var lítil eða engin í 62% tilfella.

Í rannsókn á læsi sem var hluti af alþjóðlegri rannsókn á læsi barna kom fram að af öllum bekkjum 9 ára barna hér á landi voru í 27% bekkja engir nemendur sem þurftu sérkennslu en í 30% bekkja voru allt að 10% talin þurfa sérkennslu í lestri. Kennarar töldu að í svipuðu hlutfalli bekkja (32%) þyrftu 10-20% nemenda sérkennslu og í liðlega 1% bekkja þyrftu fleiri sérkennslu. Fram kom að í 67% allra bekkja 9 ára barna var eitt eða fleiri börn í bekk sem nutu sérkennslu. Í þriðjungi bekkja fékk enginn sérkennslu en það voru 6% færri bekkir en kennarar áætluðu að þyrftu sérkennslu (Sigríðar Valgeirsdóttur, 1997).

Í skýrslu um sérkennslu í Reykjavík árið 1997 kom fram að hlutfall nemenda sem fékk sérkennslu að talkennslu undanskildri var um 17%, þar af um 25% í sérdeildum (Anna Kristín Sigurðardóttir, 1997).

Á 10 ára tímabili eða árunum 1977-1986 voru nýskráð börn á sálfræðideild í Reykjavík sem þjónuðu vesturhluta borgarinnar um 19% af meðalnemendafjölda þar á þessum árum, samkvæmt könnun sem gerð var. Á skólaárinu 1987-1988 var áætlað að um 6% grunnskólanemenda á landinu hefðu leitað til sálfræðideilda (Kristinn Björnsson, 1991).

Á Norðurlöndum hafa menn metið þörf fyrir sérkennslu nokkuð svipað milli landa. Niels Egelund (1999) telur að í Danmörku hafi sérkennsluþörf barna frá því á áttunda áratugnum og fram á daginn í dag verið 12-14% ef litið er til hvers skólaárs, en 23-35% ef litið er til allrar skólagöngu barnsins. Þetta er misjafnt eftir svæðum.

Samkvæmt könnun Nordahl og Overland (1998) fengu um 17% nemenda í Osló sérkennslu og aðlagða kennslu að sínum þörfum árið 1998. Í Noregi er sérkennslunni tvískipt. „Tilpasset opplæring“ eða kennsluáðlögun í bekk er fyrir þann hóp barna í sérkennslu sem eiga við minnsta námsörðugleika að stríða og eru þau um 10% nemenda. Þessi hópur fær úthlutað sérstökum viðbótarkennslustundum af heildartímamagni fræðsluumdæmis (10%). „Þyngri“ hópurinn sem fær sérkennslu er um 7% nemenda. Áætlað er fjármagn vegna hvers einstaklings á grundvelli mats sérfræðinga fræðsluskrifstofu í hverju tilviki fyrir sig. Ef upp kemur ágreiningur milli foreldra og sérfræðinga skólayfirvalda geta foreldrar áfrýjað til sérstakrar áfrýjunarnefndar í menntamálaráðuneytinu.

Samkvæmt rannsókn Skárbrevik frá árinu 1996 (sjá í Nordahl, 1999) var yfir 28% úthlutaðra tíma til sérkennslu í Noregi nýtt í einstaklingstíma, um 21% tímanna nýtt í hóptíma, 29% í stuðningsfulltrúa og um 22% nýtt inni í bekk með tveggja kennara kerfi. Voru því um 70% sérkennslutíma nýtt utan bekkjar. Í rannsókn Markussen frá árinu 1998 (sjá í Nordahl, 1999) kom fram að nemendur í sérkennslu í grunnskólum eru að miklum meirihluta drengir eða um 70% sérkennslunemenda.

Í New Brunswick í Kanada, svo tekið sé dæmi vestan hafs, er talið að um 5-15% nemenda þurfi á einhvers konar stuðningi að halda (Elín G. Ólafsdóttir, 2000).

Fróðlegt er að bera Ísland saman við OECD löndin í þeim tilgangi að sjá hvar við stöndum miðað við þau lönd sem standa okkur næst þjóðfélagslega. Meijer (1998) bar saman 14 Evrópulönd með hliðsjón af blöndun. Hann bendir á að Grikkir, Ítalir, Portúgalir, Spánverjar, Norðmenn og Svíar leggi mesta áherslu á að nemendur með sérþarfir fái kennslu innan hins almenna bekkjar. Englendingar, Walesbúar og Danir eru með fjölbreytt tilboð fyrir þessa nemendur innan og utan hins almenna skóla. Hins vegar hafa lönd með aðgreint skólakerfi nemendur í ríkari mæli í sérskólum og sérdeildum. Hér er um að ræða lönd eins og Belgíu, Holland, Þýskaland, Frakkland og Austurríki.

Á Grikklandi, Ítalíu, Spáni, Portúgal, í Noregi og Svíþjóð er minna en 1% nemenda með sérþarfir í sérskólum eða aðgreindum sérbekkjum. Í Þýskalandi og Hollandi eru 4-8% nemenda í sérskólum. Meijer bendir á að í Skandinavíu og Suður-Evrópu séu nemendur með sérþarfir frekar í almennum skólum heldur en í Norðvestur-Evrópu, þar sem öflugt sérskólakerfi hefur verið byggt upp.

Ef aðstæður á Íslandi eru bornar saman við aðstæður í þessum 14 OECD-löndunum kemur eftirfarandi í ljós: Á Íslandi eru fáir sérskólar. Árið 1985 voru 0,7% grunnskólanemenda á landinu öllu í sérskólum eða 271 nemandi. Haustið 1998 voru nemendur í sérskólum 160 eða einungis 0,4% grunnskólanemenda og hafði fækkað um 105 eða rúmlega þriðjung frá 1985. Skýringuna má rekja að hluta til þess að nemendur á framhaldsskólastigi voru inni í tölunum frá 1985. Blöndun nemenda með

sérþarfir með nemendum í almennum skólum er því sterk hér á landi. Óhætt er því að segja að Ísland sé í hópi þeirra þjóða innan OECD sem ríkasta hefð hafa fyrir blöndun, ásamt Noregi, Svíþjóð og þjóðum Suður-Evrópu.

#### *Samantekt*

Samkvæmt nokkrum athugunum hér á landi á árunum 1955 til 1992 töldu kennarar aðspurðir að 17-19% nemenda þyrfti á sérkennslu að halda. Í einni af könnunum kom fram að í kringum 1985 voru 12% nemenda í sérkennslu í almennum grunnskólum.

Í tveimur athugunum voru ástæður námslegar, annað hvort eingöngu eða í bland við annað, í 70-90% tilfella. Þegar Ísland er borið saman við önnur lönd má sjá að þörf fyrir sérkennslu er talin minni en á Íslandi, eða um 10-17% að meðaltali í þeim þremur löndum sem nefnd voru.

Blöndun nemenda með sérþarfir og annarra nemenda í almennum skólum er hér sterk og Ísland virðist í hópi þeirra þjóða innan OECD sem ríkasta hefð hafa fyrir blöndun, ásamt Noregi, Svíþjóð og þjóðum Suður-Evrópu.

## **Lagaákvæði og reglugerðir**

Í þessum kafla er stuttlega gerð grein fyrir þróun sérkennslu sem endurspeglast í lögum og reglugerðum og hvernig réttur nemenda með sérþarfir í grunnskólum birtist í núverandi lögum um grunnskóla og reglugerð við þau.

#### *Lög*

Það var fyrst með lögum um fræðslu barna frá 1946 sem kveðið var á um að fötluðum og vangefnum börnum skyldi „séð fyrir vist í skóla eða stofnun sem veitir þeim uppeldi og fræðslu við þeirra hæfi” (Lög um fræðslu barna, nr. 34/1946, 6. gr.). Þar með varð menntun þeirra lögboðin og þau ekki undanþegin skólaskyldu þó svo að almennir barnaskólar sæju ekki endilega um menntun þeirra.

Með grunnskólalögum frá 1974 (Lög um grunnskóla nr. 63/1974) var í fyrsta skipti lögfest að öll börn ættu rétt á skólagöngu. Með þessum lögum var skólanum gert að skyldu að veita öllum börnum kennslu, en í 2. gr. laganna sagði: „Grunnskólinn skal leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, heilbrigði og menntun hvers og eins.“ Í lögum sagði einnig (50. gr.): “Börn, sem talin eru víkja svo frá eðlilegum þroskaferli, að þau fái ekki notið venjulegrar kennslu í einni eða fleiri námsgreinum, eiga rétt til sérstakrar kennslu við sitt hæfi”. Í greininni segir að skóla sé heimilt að fjölga í þessu skyni vikulegum skyldustundum einstakra nemenda um allt að tveimur kennlustundum. Í 52. gr. segir að börn sem skorti hæfileika til að stunda venjulegt grunnskólanám eða hafa ekki til þess heilsu eða önnur líkamleg skilyrði skuli séð fyrir kennslu á sérstofnunum.

Með grunnskólalögum frá 1991 (Lög um grunnskóla, nr. 49/1991) birtist fyrst í lagatexta áhersla á blöndun fatlaðra og ófatlaðra nemenda í grunnskólanum. Þar var tekið fram að meginstefnan skyldi vera sú að kennslan færi fram í heimaskóla (54. gr.). Þessi lög og Aðalnámskrá grunnskóla frá 1989 kváðu á um að í öllu skólastarfi skyldi tekið mið af mismunandi þroska nemenda og grunnskólinn skyldi leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, heilbrigði og menntun hvers og eins (2. gr. laganna; Aðalnámskrá grunnskóla, 1989, bls. 13). Í þessum lögum var einnig kveðið á um umtalsverða lengingu skóladagsins.

Í núgildandi grunnskólalögum frá 1995 (Lög um grunnskóla nr. 66/1995), segir m.a. í 37. gr.:

1. Börn og unglingar, sem eiga erfitt með nám sökum sértækra námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra örðugleika og/eða fötlunar, sbr. 2. gr. laga nr. 59/1992, eiga rétt á sérstökum stuðningi í námi.
2. Kennslan getur verið einstaklingsbundin eða farið fram í hópi innan eða utan almennra bekkjardeilda, í sérdeildum eða í sérskóla.
3. Meginstefnan skal vera sú að kennslan fari fram í heimaskóla. Telji foreldrar barns eða forráðamenn, kennarar eða aðrir sérfræðingar að barnið fái ekki notið kennslu við sitt hæfi í heimaskóla geta forráðamenn sótt um skólavist fyrir það í sérskóla.

Samkvæmt markmiðsgrein og 29. grein laganna er aðalnámskrá ætlað að vera nánari útfærsla á þeim grundvallarmarkmiðum skólastarfs sem fram koma í markmiðsgrein. Í kaflanum um hlutverk og markmið grunnskóla í almenna hluta Aðalnámskrár frá 1999 er markmiðsgrein laganna undirstrikuð. Þar segir:

Grunnskólinn skal leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska hvers og eins. Grunnskólar eiga að taka við öllum börnum hvernig sem á stendur um atgervi þeirra til líkama og sálar, félagslegt og tilfinningalegt ásigkomulag eða málþroska. Þetta á við um fötluð börn og ófötluð, afburðagreind og greindarskert og allt þar á milli, börn úr afskekktum byggðarlögum, börn úr minnihlutahópum sem skera sig úr hvað varðar mál, þjóðerni eða menningu. Grunnskólum er skylt að mennta öll börn á árangursríkan hátt.

Jafnframt segir að stefna stjórnvalda sé að fatlaðir nemendur stundi nám með öðrum nemendum eftir því sem kostur er.

Hér er um að ræða samhljóm við hina alþjóðlegu yfirlýsingu frá 1994 um kennslu fatlaðra sem kennd hefur verið við Salamanca. Í Salamanca yfirlýsingunni er lýst hinum alþjóðlegu viðhorfum sem fram hafa komið til skóla án aðgreiningar og eru Íslendingar aðilar að þeirri samþykkt.

#### *Reglugerðir*

Sérkennslureglugerð er ætlað að vera nánari útfærsla á markmiðsgrein grunnskólalaga og þeim greinum öðrum þar sem fjallað er um réttindi nemenda. Tvær sérkennslureglugerðir voru gefnar út við grunnskólalög frá 1974, árin 1977 og 1990. Sú þriðja kom út árið 1992 við lög frá 1991. Fjórða sérkennslureglugerðin kom út árið 1996 við nágildandi grunnskólalög.

Reglugerð um sérkennslu nr. 270/1977 er nánari útfærsla á hugmyndum markmiðsgreinar grunnskólalaga um kennslu fyrir öll börn í grunnskóla. Í reglugerðinni er fötluðum grunnskólanemendum skipt í 6 meginflokka eftir greindri fötlun (2. gr.). Sett eru viðmið um kennslustundafjölda á nemenda á viku í sérskólum og sérdeildum miðað við fötlun (gr. 16). Reglugerðin fjallaði einkum um sérskóla og sérdeildir en minna um sérkennslu í almennum grunnskólum.

Með sérkennslureglugerð nr. 98 frá 1990 kom fram grundvallarbreyting á því hvernig sérkennsluþörf skyldi metin í skólunum. Í reglugerð frá 1977 var gengið út frá fötlun nemenda, en með reglugerðinni frá 1990 skyldu heildaraðstæður í skólum metnar af skólastjórum. Undirstrikað er að þörf ræðst af mörgum þáttum í umhverfi barnanna. Reglugerðin frá 1990 setti kennslunni ákveðinn ramma og með tilkomu hennar var réttur fatlaðra nemenda til að stunda nám í almennum grunnskóla skýrt undirstrikaður. Þar sagði m.a. í 2. gr. að með markvissu þróunarstarfi skyldi stefnt að samskipan fatlaðra og ófatlaðra í heimaskóla og kveðið á um námsáætlanir í sérkennslu.

Í þessari reglugerð var einnig hafnað þeirri stífu flokkun sem áður hafði verið og þeirri úthlutun kennslustunda á einstaka fötlunarhópa sem áður hafði gilt. Tvær meginástæður voru fyrir þessu. Þær voru annars vegar hugmyndir um blöndun og hins

vegar var talið nauðsynlegt að breyta úthlutunarreglum og miða þær við fræðsluumdæmi í heild í stað þess að miða við fötlun sérstaklega. Fræðslustjóra í hverju fræðsluumdæmi fyrir sig var falið að bera ábyrgð á úthlutun og framkvæmd sérkennslu í viðkomandi fræðsluumdæmi.

Sérkennslureglugerð nr. 106 frá 1992 var að mestu samhljóma reglugerð frá 1990 en uppfærð miðað við grunnskólalög frá 1991.

Í núgildandi reglugerð um sérkennslu nr. 389 frá 1996 endurspeglast sömu hugmyndir um hlutverk og skyldur skóla við grunnskólanemendur og í tveimur fyrri reglugerðum.

#### *Samantekt*

Þróun sérkennslu samkvæmt lögum er skýr. Fyrst er talað um að fötluð börn og vangefin skuli hljóta fræðslu við hæfi í skóla eða á stofnun. Síðan er talað um rétt til sérstakrar kennslu við hæfi. En nú er áherslan á blöndun fatlaðra og ófatlaðra og sagt að meginstefnan skuli vera sú að kennslan fari fram í heimaskóla.

Á það skal minnt í þessu sambandi að oft er framkvæmd á undan lagasetningu og lögum síðan í raun breytt í samræmi við þróun sem hafin er á hverjum tíma. T.d. var blöndun fatlaðra og ófatlaðra komin til framkvæmda að ákveðnu marki löngu fyrir árið 1990 þegar ákvæði þar um voru loks fest í lög.

## **Fjármagn til sérkennslu**

Á upphafsárum almennrar sérkennslu fyrir tveimur til þremur áratugum voru fjárframlög vegna sérkennslu í almennum grunnskólum ákveðin í menntamálaráðuneytinu. Haustið 1979 varð til það viðmið að reikna 6% af heildartímamagni fræðsluumdæmis og bæta því við. Reykjavík hafði þó nokkra sérstöðu á landsvísu, en þar var kennsumagn til sérkennslu nokkru meira. Upp úr 1983 var farið að veita fjármagn til stuðningskennslu í skólum í Reykjavík með því að miða við 6% af heildartímamagni, en þungum sérkennslutilvikum, talkennslu, athvörfum og sérdeildum var bætt við sérstaklega (Skýrsla menntamálaráðherra, 1986-87).

Samkvæmt munnlegu samkomulagi fræðslustjóra og fulltrúa menntamálaráðherra skólaárið 1987-1998 fékk Reykjavík úthlutað kennslumagni til sérkennslu er nam rúmlega 3.000 sérkennslutímum á viku og að auki 100 vikustundir í sjúkrakennslu. Fræðsluumdæmið fór þó örlítið fram úr þessum viðmiðum.

#### *Breytingar árið 1990 og árið 1996*

Við gerð sérkennslureglugerðar 1990 var tekist á um fjármagn til sérkennslu. Fræðslustjórar úti á landi gerðu ákveðna kröfu um að fá úthlutað fjármagn til sérkennslu umfram Reykjavík. Í rökum sínum bentu þeir sérstaklega á staðsetningu sérskólanna. Í Reykjavík var hins vegar telft fram þeim rökum að bekkir væru fjölmennari í borginni en víðast annars staðar á landinu og félagslegir örðugleikar meiri. Á þessum tíma varð Reykjavíkurdæmi að láta sérkennslutíma með nemendum sem vistaðir voru utan Reykjavíkur af eigin úthlutun til sérkennslu.

Í sérkennslureglugerð nr. 270 frá 1990 varð niðurstaðan sú að 0,25 kennslustundir skyldu reiknaðar á fyrstu 1.700 nemendum í fræðsluumdæmi og síðan 0,23 stundir x nemendafjöldi eftir það. Þetta þýddi að Reykjavík fékk litla viðbót frá því sem verið hafði árin á undan. Fyrir litlu fræðsluumdæmin, s.s. Austurland, Vestfirði og Norðurland vestra, þýddi þetta aftur á móti verulega aukningu á kennslutímum til sérkennslu. Eftir að reglugerðin tók gildi var á árinu 1990-1991 úthlutað 0,17 tímum x nemendafjölda á skóla. Ákveðið var að úthluta ákveðnum hluta af fjármagni til

sérkennslu til skóla vegna mikið fatlaðra nemenda og til sérdeilda áður en almenn úthlutun færi fram. Árið eftir fór stærri hluti sérkennslumagns í þennan þátt og urðu tímar til almennrar sérkennslu þá 0,15 x nemendafjöldi og síðan 0,13 x nemendafjöldi.

Reikniviðmið í sérkennslureglugerð nr. 389 frá 1996 hafa verið notuð sem viðmið í Reykjavík eftir flutning grunnskólans frá ríki til borgar árið 1996, en jafnframt hafa orðið nokkrar breytingar á öðrum þáttum sem koma nemendum með sérþarfir til góða.

Frá hausti 1997 fjölgaði stuðningsfulltrúum í almennum grunnskólum í Reykjavík um 17 og starfa þeir fyrst og fremst í 1. og 2. bekk til stuðnings nemendum með þörf fyrir séraðstoð (sjá nánar um heildarfjölda og störf stuðningsfulltrúa í kafla 7). Frá haustinu 1997 fjölgaði einnig námsráðgjöfum sem starfa nú í öllum skólum með unglingastig og tveimur til viðbótar. Ætla má að þeir sinni nemendum í vanda að ýmsu leyti (sjá nánar í kafla 7). Einnig var stofnuð ný sérdeild fyrir einhverfa í Hamraskóla (á móti fækkaði nemendum úr Reykjavík í deild einhverfra í Digranesskóla í Kópavogi) og sérdeild í Bjarkarhlíð í Réttarholtsskóla breytt úr yngri barna deild í unglingadeild fyrir nemendur í félagslegum vanda.

Á þessum tíma hafa einnig komið til stundir til sveigjanlegs skólastarfs sem að einhverju leyti eru nýttar í tveggja kennara kerfi sem ætti að nýtast vel nemendum sem þurfa aðstoð umfram aðra. Stærstu skólarnir hafa fengið aukið fé til stjórnunar sem að hluta hefur verið nýtt fyrir stjórnendur eða fagstjóra í sérkennslu, en gera má ráð fyrir að styrk stjórnun og skipulag sérkennslu stuðli að árangursríkara starfi.

#### *Krafa um blöndun*

Vaxandi krafa foreldra fatlaðra barna um skólagöngu fyrir börn sín í heimaskóla kallar á aukinn kostnað til sérkennslu í almenna grunnskólanum. Fatlað barn sem hefur nám í heimaskóla þarfnast í flestum tilvikum mikillar aðstoðar. Fjöldi úthlutaðra kennslustunda á nemanda í sérskólum samsvarar frá 12 til 17 vikustundum að meðaltali á viku, minnst í Öskjuhlíðarskóla og mest í Safamýraskóla og Vesturhlíðarskóla. Ef barnið fer í almennan skóla er ekki gert ráð fyrir að slíkt kennslumagn liggji fyrir. Ekki er flutt kennslumagn úr sérskólanum í almenna skólann. Þetta hefur valdið vaxandi erfiðleikum í Reykjavík við fjármögnun sérkennslu á síðustu árum.

#### *Fjárframlög til sérúrræða árið 1999*

Framlög til sérúrræða í Reykjavík voru alls rúmlega 818 m.kr. á árinu 1999 sem er 16% af heildarframlögum til reksturs grunnskóla í Reykjavík (sjá töflu 1). Þessi upphæð skiptist í 695 m.kr. til sérkennslu og sérúrræða og 123 m.kr. til annarrar þjónustu við nemendur með sérþarfir, s.s. akstur fatlaðra og sálfræðiþjónustu. Um þriðjungur þess heildarfjármagns sem varið er til sérúrræða kemur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga (til nýbúafræðslu og reksturs sérskóla), tæplega 55% úr borgarsjóði og tæp 11% frá öðrum sveitarfélögum (tafla 2).

**Tafla 1. Skipting framlaga til sérúrræða og þjónustu við nemendur með sérþarfir árið 1999.<sup>1</sup>**

	Fjármagn í þúsundum króna
Almenn sérkennsla	241.223
Almennar sérdeildir	61.361
Sértækar sérdeildir	38.993
Safnliður sérkennslu	24.296
Sérskólar	329.347
<b>Samtals</b>	<b>695.220</b>
Skólaakstur fatlaðra	28.087
Nýbúafræðsla	35.376

Sálfræðiþjónusta	36.395
Hluti af stjórnunarkvóta (9,25%)	2.775
Hluti af eflingarfé (9,25%)	8.455
Hluti af skammtímaforföllum (9,25%)	4.625
Hluti af langtímaforföllum (15%)	7.650

**Samtals** **818.583**<sup>2</sup>

- 1) Kostnaður vegna reksturs húsnæðis er ekki meðtalinn.
- 2) Hér má bæta við að borgin styrkir Tónstofu Valgerðar sem veitir hljóðfærakennslu og músíkþerapíu fyrir fatlaða, sem samsvarar einu stöðugildi á ári og að Vinnuskóli Reykjavíkur sér um svonefnt innherjaverkefni (eitt stöðugildi) sem er blanda af skóla og vinnu, ætlað nemendum í 9. og 10. bekk sem hætta er á að falli brátt úr námi félagslegs vanda.

**Tafla 2. Skipting framlaga til almennra grunnskóla árið 1999.**

	Fjármagn í þúsundum króna	Hlutfall af heildarfjármagni	Hlutfall af fjármagni til sérkennslu
Framlag Reykjavíkur til sérúrræða	448.904	8,8%	54,8%
Tekjur frá sveitarfélögum	87.847	1,7%	10,7%
Tekjur frá Jöfnunarsjóði	281.832	5,5%	34,4%
Framlag til fræðslumála, annað en sérúrræði	4.271.776	83,9%	-
<b>Samtals</b>	<b>5.090.359</b>	<b>100,0%</b>	<b>100%</b>

Við ákvörðun á fjármagni til sérkennslu í almennum grunnskólum í Reykjavík er miðað við 27. gr. sérkennslureglugerðar nr. 398/1996, eins og áður segir. Þar er kveðið á um að sveitarstjórn skuli ráðstafa, vegna sérkennslu eða annarra starfa á því sviði, sem svarar 0,25 kennslustundum á hvern nemanda miðað við fyrstu 1.700 nemendur í sveitarfélaginu og 0,23 kennslustundum á hvern nemanda umfram það. Í grunnskólum Reykjavíkur voru 14.103 nemendur haustið 1998 og samtals 3.256 stundir til ráðstöfunar á viku samkvæmt þessum útreikningum og 14.242 nemendur haustið 1999 og stundir þá 3.278 (tafla 4).

Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2000 var úthlutað fjármagni til hvers skóla vegna sérkennslu og sérdeilda í stað tímafjölda áður. Tímaviðmiðum, sem áður voru 0,13 stundir x heildarnemendafjöldi skóla, var þá breytt í 0,145 þar sem talkennsla, neyðarpottur og sjúkrakennsla var nú sameinuð almennri sérkennslu. Kennslustundum var síðan breytt í krónur.

Nokkru fjármagni var síðan úthlutað til skóla samkvæmt upplýsingum sem þeir gáfu um nemendur í almennum bekk með mikla þörf fyrir sérkennslu og upplýsingum frá Leikskólum Reykjavíkur um nemendur sem voru að hefja skólagöngu og notið höfðu sérstuðnings í leikskóla (sjá töflu 3).

**Tafla 3. Fjöldi 6 ára barna sem fengið hafa greiningu hjá Sérkennslu- og sálfræðideild Leikskóla Reykjavíkur (SOS) og Greiningar- og ráðgjafarstöð stöð Ríkisins (GRR) áður en þau innritast í grunnskóla.**

Ár	Fæðingarár	Fjöldi innritaðra í 1. bekk grunnskóla <sup>1</sup>	Fjöldi nemenda frá SOS og GRR	Hlutfall
1995	1989	1401	104	7%
1996	1990	1462	105	7%
1997	1991	1447	87	6%
1998	1992	1467	92	6%
1999	1993	1484	121	8%

1) Innritaðir nemendur í almennan grunnskóla í Reykjavík

2) Upplýsingar um heildarfjölda, sumir af þeim nemendum fara í sérskóla eða einkaskóla.

**Tafla 4. Fjöldi tíma á viku sem úthlutað hefur verið til sérkennslu í almennum grunnskólum 1994-1999. Staða að hausti.**

	Almenn sérkennsla	Sér- deildir	Talkennsla	Neyðar- pottur	Annað	Stundir samtals	Fj. nem í alm. grunnsk.	Stundir pr. nem.
1994-1995	2.102	845	130		100 <sup>1</sup>	3.177	13.198	0,24
1995-1996	2.002	933	135		118 <sup>1</sup>	3.188	13.195	0,24
1996-1997	1.967	969	145		28	3.109	13.340	0,23
1997-1998	1.999	987	145	76	53	3.260	13.844	0,24
1998-1999	2.033	979	145	56	43	3.256	14.103	0,23
1999-2000	2.084	960	145	59	30	3.278	14.242	0,23

1) Þ.m.t. sjúkrakennsla

Tafla 4 sýnir tímafjölda á viku sem hefur verið til ráðstöfunar til almennrar sérkennslu í grunnskólum Reykjavíkur miðað við nemendafjölda síðastliðin sex ár og hvernig þeir skiptast á einstaka þætti sérkennslunnar.

Í töflu 4 má sjá þá þróun milli ára 1994 og 1997 að tímar færast frá almennu sérkennslunni yfir í t.d. almennar sérdeildir og neyðarpott. Tímar sem falla undir „annað“ í töflu 4 eru tímar sem Fræðslumiðstöð úthlutaði til sjúkrakennslu, lestrargreiningar á Lestrarmiðstöð Kennaraháskóla Íslands og í annað ófyrirséð.

Til viðbótar við úthlutun til sérkennslu samkvæmt viðmiðum í reglugerð, var úthlutað 32 stöðum stuðningsfulltrúa í Reykjavík á árinu 1998 (stuðningsfulltrúar eru þó talsvert fleiri, sjá kafla 7). Stuðningsfulltrúar eru í skólunum m.a. til stuðnings fyrir fatlaða einstaklinga. Úthlutað var a.m.k. 0,5 stöðugildum stuðningfulltrúa til þeirra skóla sem taka á móti nemendum í 1. bekk.

Áður var miðlægur neyðarpottur sem úthlutað var úr á Fræðslumiðstöð (sjá töflu 5). Frá og með árinu 2000 geta skólarnir sjálfir komið sér upp varasjóði eða neyðarpotti til að grípa til ef aðstæður breytast hjá nemanda eða nýir nemendur koma í skóla sem hafa þörf fyrir séraðstöð.

**Tafla 5. Nýting neyðarpotts skólaárið 1998-1999 skv., upplýsingum frá skólum í júní 1999.**

Ástæður	Heildarfjöldi tíma á skólaárinu 1998-1999 (ekki vikustundir) <sup>1</sup>
Sérkennslumál sem upp koma ófyrirséð	677
Nemendur sem sótt hafa um í sérdeild	299
Námskeið	163
V/ flutnings nemenda milli skóla	162
Greining/mat	105
Undirbúningur fyrir samræmd próf	73
Upplýsingar vantar um nýtingu	576
<b>Samtals</b>	<b>2.055</b>

1) Heildarfjöldi tíma samsvarar 59 vikustundum.

#### *Stundir til sveigjanlegs skólastarfs*

Hér má nefna að skólar fá nú árlega til ráðstöfunar svonefndar stundir til sveigjanlegs skólastarfs sem reiknaðar eru út frá nemendafjölda í bekk og samsvara um tveimur stöðugildum kennara á skóla að meðaltali (um 1.950 stundir haustið 1999), en þær má að sjálfsögðu nýta til sérkennslu eins og annarra þátta. Þeim er úthlutað miðað við stærð bekkjardeilda. Einni kennslustund er úthlutað á hvern nemanda umfram 16 í 1.-3. bekk, einni kennslustund á hvern nemanda umfram 20 í 4.-8. bekk og einni kennslustund á hvern nemanda umfram 22 í 9. og 10. bekk. Á árunum 1998 og 1999 var um 13-18% þessara stunda varið í tveggja kennara kerfi sem er í raun ekki svo ólíkt sérkennslu inni í bekk (sjá skilgreiningu í kafla um hugtök). Um 15% þeirra voru nýtt til að skipta bekkjum í tvennt í öðrum greinum en verklegum greinum, listum og sundi sem hefð er fyrir að skipta bekkjum í (upplýsingar frá 25 skólum í ársskýrslu 1998 og frá 27 skólum í ársskýrslu 1999) og um 1% var nýtt í sérkennslu árið 1998.

#### *Fjárframlög til sérdeilda*

Um þriðjungi tímamagns til sérkennslu í almennum grunnskólum, eða tæplega 1000 tímum, er ráðstafað í sérdeildir sem þjóna nemendum sem hafa hvað mesta sérkennsluþörf í hverfinu hverju sinni. Fjármagn til sérdeilda er ákveðið í fjárhagsáætlun og hefur verið nokkuð stöðugt frá ári til árs.

#### *Fjárframlög til sérhæfðra sérdeilda og sérskóla*

Ríkið hafði með höndum rekstur sérskóla og sérhæfðra sérdeilda á landsvísi þar til árið 1997. Þangað sækja nemendur með miklar sérkennsluþarfir. Frá og með hausti 1996 hefur rekstur grunnskóla að fullu verið á hendi sveitarfélaga og haustið 1997 var gerður samningur milli Reykjavíkurborgar og Jöfnunarsjóðs sveitafélaga um að Reykjavíkurborg tæki að sér rekstur sérhæfðra sérdeilda og sérskóla. Fjárframlög koma úr Jöfnunarsjóði.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga stendur einnig straum af þremur stöðugildum til sjúkrahúskennslu í Reykjavík.

Í töflu 6 má m.a. sjá framlög á nemanda í sérskólum og almennum skólum.

**Tafla 6: Lykiltölur fjármála**

	1998 kr.	1999 kr.
Framlög til fræðslumála á íbúa <sup>1</sup>	41.961	46.390
Framlög á nemanda í almennum grunnskóla <sup>2</sup>	250.900	281.500
Framlög á nemanda í sérskóla <sup>3</sup>	1.849.429	2.015.915
Framlög á nemanda í sérkennslu (til viðbótar við almennt framlag)	-	170.000

1) Miðað við áætlaðan íbúafjölda 1. desember ár hvert.

2) Án þyngri sérúrræða og viðhalds, bygginga eða stofnframkvæmda.

3) Með framlögum frá öðrum sveitarfélögum.

### *Fjárframlög til námsráðgjafar og atferlisþjálfunar*

Námsráðgjafar verja stórum hluta starfstíma síns í stuðning við nemendur í vanda (sjá nánar í kafla 7). Haustið 1999 störfuðu 23 námsráðgjafar í 13 stöðugildum við grunnskóla Reykjavíkur. Haustið 1999 störfuðu atferlisþjálfar í tæplega 12 stöðugildum með einhverfum nemendum.

### *Samantekt*

Þegar ákveðin eru heildarframlög til sérkennslu og sérúrræða hvert ár, er fyrsta skrefið að reikna heildarkennslustundafjölda samkvæmt sérkennslureglugerð (0,25 stundir x 1.700 nemendur + 0,23 stundir x nemendafjöldi að frádregnum þessum 1.700). Fé til sérkennslu er síðan skipt á milli skóla eftir leiðum a, b, c og d, sbr. hér á eftir. Til viðbótar koma framlög sbr. leiðum e og f:

- Framlag í fjárhagsáætlun til hvers skóla sem samsvarar 0,145 kennslustundum x nemendafjöldi skóla.
- Um þriðjungur heildarframlags fer til sérdeilda sem þjóna þyngstu nemendum í fleiri en einum skóla (er á viðkomandi skóla í fjárhagsáætlun).
- Framlög til skóla til að mæta nemendum með mikla sérkennsluþörf að teknu tilliti til upplýsinga um fjölda, þ.m.t. nemendur sem eru að hefja skólagöngu og notið hafa stuðnings í leikskóla. Til viðbótar eru framlög vegna stuðningsfulltrúa sem sinna þessum nemendum (sjá e-lið).
- Framlag sem samsvarar um hálfu stöðugildi sérkennara er greitt árlega til Lestrarmiðstöðvar Kennaraháskóla Íslands fyrir að annast lestrargreiningu nemenda í Reykjavík.

Til viðbótar koma eftirfarandi framlög:

- Framlög vegna stuðningsfulltrúa eru með tvennum hætti, annars vegar er hálf staða á alla skóla með 1. bekk, alls um 15 stöðugildi, hins vegar um 17 stöðugildi sem er skipt milli skóla eftir þörf með sama hætti og í c-lið.
- Framlag til sérskóla og sérhæfðra sérdeilda er um helmingur af heildarfjármagni til sérkennslu og sérúrræða í Reykjavík eða um 400 milljónir kr. á ári. Þetta framlag kemur að mestu leyti frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga (hluti er innheimtur beint frá lögheimilissveitarfélögum nemenda).
- Hér mætti einnig telja hluta framlaga til námsráðgjafar og hluta stunda til sveigjanlegs skólstarfs.

Eins og sjá má stýrir fjármagnsúthlutun til almennrar sérkennslu nokkuð framkvæmdinni. Það varðar t.d. sérdeildir, þar sem fjármagn ákveður fjölda nemenda og stuðningsfulltrúa samkvæmt e-lið hér að ofan. Velta má fyrir sér hvort fjármagn til þessara þátta (b og e) ætti að sameinast framlögum samkvæmt lið a hér að ofan.

Þróunin síðustu ár hefur verið sú að skipta langstærstum hluta fjármagns til sérkennslu strax á milli skólanna við upphaf skólaárs, en halda sem minnstu fé eftir á

Fræðslumiðstöð til skiptanna yfir árið. Skoða þarf vel hvort ekki megi einfalda þetta kerfi og gera það skilvirkar, auk þess að færa ábyrgðina á nýtingu þess fjármagns sem til ráðstöfunar er til skólanna sjálfra (sjá tillögu í kafla IV).

## Hugtök - Skilgreiningar

Á sviði sérkennslu og stuðnings við nemendur með sérþarfir hefur þróast sérhæfð hugtakanotkun eins og á við um önnur sérfræðisvið. Hér verður gerð grein fyrir helstu hugtökum sem notuð eru í þessari skýrslu. Tekið skal fram að ágreiningur er á alþjóðavettvangi um skilgreiningar margra þessara hugtaka.

### A. Hugmyndafræði

Í fyrsta lagi er hér gerð grein fyrir nokkrum hugtökum er varða hugmyndafræði á þessu sviði.

#### *Sérkennsla*

Sérkennsla er kennsla nemenda sem hafa svo mikla þörf fyrir sérstaklega aðlagða kennslu að ekki er hægt að mæta henni í almennri kennslu nema með sérstökum stuðningi og breytingum á námsmarkmiðum, námsefni, náms- og/eða kennsluáðferðum. Sérkennsla er kennslutilboð fyrir nemendur með sértæka námsörðugleika, félags- og tilfinningalega örðugleika og/eða fötlun (sbr. hér að framan).

#### *Blöndun (integration)*

Blöndun er samskipan fatlaðra og ófatlaðra í sama skóla. Börnum með sérþarfir er kennt í sérdeild eða sérbekk, í litlum hópum að hluta til utan bekkjar eða alfarið innan bekkjar.

#### *Skóli án aðgreiningar (inclusion)*

Skóli án aðgreiningar byggir starf sitt á því að hver nemandi sé einstakur og því verði að sníða námið að þörfum barnsins fremur en að barnið verði að laga sig að skólanum. Allir starfsmenn og allt fjármagn er nýtt til að stuðla að námi og þroska allra nemenda, vinnubrögð og aðstæður eru miðaðar við það. Námið er það sem kallað er nemendamiðað og ekkert til sem kallast sérþarfir. Börn eru ekki flokkuð t.d. í sérkennslubörn og önnur börn (Menntamálaráðuneytið, 1995).

### B. Ástæður

Í öðru lagi er hér gerð grein fyrir hugtökum sem lýsa ástæðum þess að nemandi er talinn hafa þörf fyrir sérkennslu. Þessar skilgreiningar voru gerðar árið 1998 á Fræðslumiðstöð Reykjavíkur og voru m.a. notaðar þegar spurt var um ástæður sérkennslu í árlegri upplýsingaöflun frá skólum og í viðtölum við umsjónarkennara í 4. og 7. bekk. Þessar skilgreiningar hafa verið í mótun og eru það enn.

#### *a) Námsvandi*

##### *Sértækir námserfiðleikar*

Erfiðleikar vegna líffræðilegra orsaka sem tengjast skilningi, skynjun og/eða notkun á rituðu eða töluðu máli, geta verið á einu eða fleiri sviðum. Um getur verið að ræða skerta hæfileika við að hlusta, tala, lesa, skrifa, stafsetja eða beita stærðfræðiaðgerðum.

### *Almennir námserfiðleikar*

Ástæðan er oftast almennur seinþroski eða væg greindarskerðing (tornæmisstig). Almennir námsörðugleikar birtast í flestum eða öllum námsgreinum. Nemendur með almenna námserfiðleika geta ekki tileinkað sér sama námsefni og jafnaldrar þeirra á sama tíma.

### **b) Hegðunar- og samskiptavandamál**

#### *Hegðunar- og tilfinningalegir erfiðleikar*

Hér er um að ræða erfiðleika af líffræðilegum toga, þeir birtast í hegðun, samskiptum og líðan nemenda í skóla. Hegðunin getur hindrað nám hjá nemendum og einnig skólafélögum þeirra. Þessir nemendur fá oft greininguna ofvirkir, með athyglisbrest, misþroska, þunglyndir, með andstöðuþrjóskuröskun, en geta einnig verið með samsettar/gagntækar þroskaraskanir og geðraskanir eins og einhverfu /Aspergerheilkenni eða alvarlegar geðraskanir eins og geðklofa, árattu og þráhyggjuröskun eða kjörþögli.

#### *Félagslegir erfiðleikar*

Hér er átt við örðugleika tengda líðan og félagslegum aðstæðum nemenda innan og utan skóla. Nemendur þurfa sérkennslu vegna samskiptavanda og/eða erfiðra uppeldisaðstæðna. Félagslegir erfiðleikar barna í skólanum geta birst í andfélagslegri hegðun, einangrun, einelti o.fl.

### **c) Fötlun**

#### *Skynhamlanir*

Hér er um að ræða blindu/sjónskerðingu, heyrnarskerðingu/heyrnarleysi og getur nemandinn þurft á viðvarandi sérkennslu að halda, t.d. í táknmáli og blindralettri vegna þessa, en einnig getur hann átt möguleika á að aðlagast í almennri kennslu með þeim stuðningi og tækjum sem í boði eru.

#### *Hreyfihamlanir/skert hreyfifærni*

Nemendur geta þurft sérkennslu vegna skertrar hreyfifærni, t.d. hreyfiþjálfun í íþróttum og þjálfun fínhreyfinga. Einnig getur sérkennsla hreyfihamlaðra falið í sér notkun hjálpartækja eða aðstoð við umferli.

#### *Sjúkdómar og slys*

Sjúkdómar eða slys geta hindrað eðlilega skólagöngu barns. Börn á sjúkrahúsum njóta kennslu að því marki sem auðið er. Nemendur sem eiga í langvarandi veikindum og þurfa að glíma við afleiðingar þess, eiga rétt á aðstoð við nám í veikindum eða í kjölfar þeirra.

#### *Fjölpætt vandamál*

Við skilgreiningu á ástæðum þess að nemandi fái sérkennslu getur verið um samsettan vanda að ræða. Þá er um að ræða námslega, félagslega og tilfinningalega erfiðleika þar sem erfitt er að greina frumorsök.

## **C. Kennsluáðstæður og námskrágerð**

Loks er hér gerð grein fyrir hugtökum sem lýsa kennsluáðstæðum. Þessi hugtök eru m.a. notuð þegar safnað er árlegum upplýsingum frá skólum um sérkennslu (sjá eyðublað og skýringar við eyðublað sem skólar fylla út árlega í viðaukum 1-4).

### **a) Námskrágerð**

#### *Einstaklingsnámskrá*

Einstaklingsnámskrá eða einstaklingsáætlun er gerð aðeins fyrir einn nemanda. Þar er tilgreind staða nemandans, val á áherslum í námi, rökstuðningur fyrir vali, framkvæmd og hvernig framfarir skulu metnar í námi nemenda. Tilgreindar eru aðrar áherslur, námsefni og kennsluaðferðir en jafnaldrar þeirra fá og aðalnámskrá kveður á um. Nemandinn fær yfirleitt sérkennslu allt skólaárið og oftast alla skólagöngu sína. Kennsla samkvæmt einstaklingsnámskrá er ekki það sama og einkatímar, hún getur farið fram í litlum hópi eða í bekk jafnframt því að vera einstaklingsleg. (sjá 3 gr. reglugerðar um sérkennslu nr. 389/1996).

#### *Hópnámskrá*

Hópnámskrá eða hópáætlun er gerð fyrir hóp nemenda sem þurfa minniháttar aðstoð í einni eða fleiri námsgreinum. Slík aðstoð er oft veitt tímabundið í formi námskeiða en getur einnig verið viðvarandi allan veturinn. Í námskránni er m.a. kveðið á um markmið, námsgrein, námsefni, tímabil og mat.

### **b) Almenn sérkennsla**

#### *Einstaklingstímar*

Nemendur fá sérkennslu í einkatímum, sem geta verið skipulagðir allan veturinn eða í tímabilum.

#### *Aldursblandaðir hópar*

Tímar þar sem nemendur úr fleiri en einum árgangi eru saman í hópi. Kennslan fer fram utan bekkjar og er oftast einstaklingsmiðuð (getur verið ígildi sérdeildar).

#### *Getumiðaðir hópar*

Tímar þar sem tveir eða fleiri nemendur á svipuðu getustigi eða með svipaða færni innan árgangs fá sérkennslu. Kennslan getur farið fram inni í bekk þar sem nemendum er raðað í hópa eftir getu, eða í sérkennslurými, á tímabundnum námskeiðum eða um er að ræða ákveðinn tímafjölda á viku allan veturinn. Nemendum getur ýmist verið kennt samkvæmt einstaklings- eða hópnámskrá.

#### *Sérkennsla inni í bekk (tveggja kennara kerfi)*

Skipulagt tveggja kennara kerfi þar sem sérkennari og umsjónarkennari vinna saman að undirbúningi, kennslu og úrvinnslu fyrir hópinn/bekkinn eða tímar þar sem sérkennari kemur inn í bekkjarstarf ákveðna tíma á viku, eða í ákveðinni námsgrein, t.d. í íslensku eða stærðfræði, og sinnir ákveðnum nemendum.

### **c) Sérdeildir**

Sérdeildir grunnskóla eru fyrir nemendur sem að mati foreldra/forráðamanna, umsjónarkennara eða annarra sérfræðinga geta ekki stundað nám í almennum bekk einvörðungu. Samkvæmt starfsreglum sérdeilda, sem voru settar áður en til yfirfærslu til grunnskólans kom árið 1996, er að jafnaði miðað að því að sérdeild sé tímabundið úrræði innan skóla og stefnt að því að nemendur verði í stakk búnir til að takast á við nám í almennum bekk í heimaskóla, með eða án stuðnings. Innritun fer fram með ákveðnum hætti og miðast við að nemendur sækji sérdeild í skólahverfi sínu. Nemendur sem innritast í sérdeild eru mjög mismengi í deild, allt frá fáum mánuðum upp í að vera í sérdeild til loka grunnskólagöngu. Þeir flytjast þá milli deilda með umsókn frá yngri deild yfir í deild á unglingastigi.

#### **d) Sérhæfðar sérdeildir**

Starfandi eru fimm sérdeildir skilgreindar með sérhæft hlutverk í Reykjavík. Þær þjóna nemendum sem eru blindir og sjónskertir (ein deild), hreyfihamlaðir (ein deild), málhamlaðir (ein deild) og einhverfir (tvær deildir). Tekin hefur verið ákvörðun um að leggja niður deild málhamlaðra og deild hreyfihamlaðra í Hlíðaskóla í núverandi mynd. Innritun í þessar deildir og þjónusta þeirra er þvert á hverfi. Meginstefnan er samkvæmt lögum að nemendur stundi nám í heimaskóla sínum og hafa foreldrar í ríkari mæli valið að hafa fötluð börn sín í heimaskóla. Þannig hefur nemendum sem eru t.d. með einhverfu eða sjónskerðingu fjölgað í almennum bekkjum og nemendum í sérhæfðum sérdeildum fækkað að sama skapi.

#### **e) Sérskólar**

Sérskóli er skóli sem ætlaður er nemendum sem vegna fötlunar eða skerðingar af einhverju tagi eiga erfitt með að fylgja nemendum í almennum skólum. Starfsemi sérskóla er gjarnan sérhæfð til að mæta þeirri fötlun sem þeir sérhæfa sig í.

## **Markmið og rannsóknarspurningar**

### *Markmið*

Meginmarkmið þessarar athugunar á sérkennslu í grunnskólum Reykjavíkur var að safna saman á einn stað margvíslegum upplýsingum og skapa þar með eins skýra heildarmynd af framkvæmd sérkennslu í skólunum og unnt væri. Gengið var út frá að skýr heildarmynd auðveldaði öllum er málið varðar að taka ákvarðanir um frekari þróun, þ.m.t. skólunum sjálfum, Fræðlumiðstöð og fræðsluráði.

### *Rannsóknarspurningar*

Settar voru fram eftirfarandi rannsóknarspurningar áður en gagnaöflun hófst:

1. Hve margir nemendur fá sérkennslu í grunnskólum Reykjavíkur?
2. Hvers vegna fá nemendur sérkennslu í grunnskólum Reykjavíkur og hverjir taka ákvörðun þar um?
3. Hvernig er skipulag og framkvæmd sérkennslu í grunnskólum Reykjavíkur?
4. Hvað er kennt í sérkennslu?
5. Hver eru viðhorf foreldra nemenda í sérskólum til skólagöngu barna sinna?

Hér á eftir er reynt að svara ofangreindum spurningum. Fyrst er lýst aðferðum við könnunina. Niðurstöðum athugunarinnar er skipt í sex meginkafla. Í fyrstu tveimur köflunum er fjallað um nemendur í sérkennslu, þ.e. fjölda þeirra og ástæður þess að þeir eru í sérkennslu, þ.m.t. náms- og hegðunarvandi, greiningar og einkunnir. Síðan er framkvæmd sérkennslunnar lýst í fjórum köflum sem fjalla um námsgreinar í sérkennslu, talkennslu, kennslufyrirkomulag og fjölda kennslustunda á nemanda. Í sjöunda kafla er rætt um mönnun og ráðgjöf á sviði sérkennslu. Loks er gefið yfirlit yfir ráðgjöf og aðstoð frá Fræðslumiðstöð Reykjavíkur vegna einstakra nemenda. Í lok hvers kafla um niðurstöður er samantekt og umræða.

Í lokakafla eru helstu niðurstöður dregnar saman og þær ræddar, auk þess sem velt er upp hvernig megi nýta þær í frekari þróun sérkennslu og sérúræða í Reykjavík.



## II. AÐFERÐ

Aflað var gagna í þessa könnun með fernum hætti:

- 1) Eyðublöð send í skóla árlega (viðaukar 1-4), fyllt út af fagstjóra í sérkennslu, kennara eða skólastjóra.
- 2) Spurningalisti lagður fyrir umsjónarkennara í 4. og 7. bekk í viðtali í 18 skólum (viðauki 5).
- 3) Spurningalisti sendur til talkennara við 20 skóla (viðauki 6).
- 4) Spurningalisti póstsundur til foreldra 115 nemenda í sérskólum (viðauki 7).
- 5) Fyrirliggjandi gögn skoðuð, s.s. vinnugögn við gerð fjárhagsáætlunar, upplýsingar úr nemendaskrá og greining á umsóknum.

Hér verður gerð nánari grein fyrir framkvæmdinni.

### Upplýsingaöflun frá skólum (eyðublöð)

Upplýsingar frá skólunum eru byggðar á árlegri skráningu sérkennara og skólastjórna. Eyðublöð eru send í alla grunnskóla í Reykjavík í október ár hvert og óskað eftir tölulegum upplýsingum um fjölda nemenda í sérkennslu, ástæður, tímafjölda og fleira. Eyðublöðunum fylgja leiðbeiningar um útfyllingu (viðaukar 1-4).

Í þessari könnun var aðallega unnið úr upplýsingum sem var safnað í nóvember 1998 fyrir skólaárið 1998-1999. Skráningin gildir fyrir haustönn, t.d. varðandi fjölda námskeiða, fjölda einstaklingstíma og fjölda nemenda sem fá sérkennslu í skólunum í hverjum árgangi. Þannig geta aðrir nemendur skólans fengið sérkennslu á vorönn þó svo að sama tímamagn sé til ráðstöfunar, en það ræðst af forgangsriðun og viðmiðunum skóla við mat á þörf fyrir sérkennslu hverju sinni.

Fyrir nemendur með einstaklingsnámskrá var m.a. spurt um kennsluáðstæður, tímafjölda í sérkennslu á viku og hverjar væru helstu ástæður þess að nemandi væri í sérkennslu. Í upplýsingum um nemendur með hópnaámskrá kemur m.a. fram í hvaða námsgreinum nemandinn fær sérkennslu, hve marga tíma o.s.frv.

Upplýsingar bárust um nýtingu 1.860 tíma, af þeim 2.033 sem úthlutað var til almennrar sérkennslu skólaárið 1998-1999 eða 89% tímana.

### Spurningalisti til kennara í 4. og 7. bekk

Til þess að fá nánari upplýsingar um nemendur í sérkennslu og framkvæmd kennslunnar en unnt er að afla í árlegri gagnaöflun um sérkennslu var spurningalisti lagður fyrir umsjónarkennara í 4. og 7. bekk í viðtali. Umsjónarkennararnir voru heimsóttir af spyrli og beðnir að svara ýmsum spurningum um sérkennslu nemenda í bekk þeirra.

#### *Úrtak og svörun*

Tekið var úrtak úr öllum bekkjardeildum í 4. og 7. bekk í Reykjavík þar sem að minnsta kosti einn nemandi fékk sérkennslu. Rétt er að benda á að þessi aðferð við val á úrtaki ofmetur fjölda barna sem fá sérkennslu. Úrtakið var tekið á þann hátt að upphaflega var tekið 119 manna tilviljunarúrtak úr hópi nemenda í þessum árgöngum sem fengu sérkennslu, samkvæmt skýrslum frá sérkennurum haustið 1998. Bekkjardeildir þessara nemenda voru síðan valdar í endanlegt úrtak, að undanskildum bekkjardeildum í Breiðagerðisskóla, Grandaskóla, Hamraskóla, Hlíðaskóla, Hvassaleitisskóla, Melaskóla, Rimaskóla og Selásskóla, en kennarar þeirra höfðu fyrir á skólaárinu tekið þátt í svipaðri könnun um sérkennslu í lestri. Þannig lentu 52

bekkjardeildir úr 18 skólum í úrtakinu, en í þeim voru samtals um 1.125 nemendur. Umsjónarkennarar sex bekkjardeilda neituðu að taka þátt í könnuninni og ekki náðist í þrjá kennara. Upplýsingar fengust því um 43 bekkjardeildir sem í var 851 nemandi, að frátöldum nokkrum sérdeildarnemendum sem skráðir voru í bekkjardeildirnar. Þar af voru 23 bekkjardeildir í 4. bekk með alls 485 nemendur og 20 bekkjardeildir í 7. bekk með alls 366 nemendur. Miðað við fjölda bekkjardeilda/umsjónarkennara í úrtaki var svarhlutfall 82,7% en 75,6% sé miðað við nemendafjölda bekkjardeilda í úrtaki og telst það viðunandi svörun.

#### *Framkvæmd*

Notaður var spurningalisti sem þróaður var af skólastjórnendum sem tóku þátt í námskeiði um mat á skólastarfi á vegum Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur árið 1998 (viðauki 5). Skólastjórnendur nálguðust upplýsingarnar með því að biðja umsjónarkennara að merkja inn á eyðublað svör við nokkrum spurningum um hvern nemanda í umsjónarbekkjum sínum, án þess að nemendur væru nafngreindir. Þessi könnun var unnin á svipaðan hátt, en tekin voru viðtöl við kennara í stað þess að biðja þá að svara spurningum skriflega, og spurt var um sérkennslu í öllum greinum í stað þess að spyrja eingöngu um lestur.

Haft var samband við umsjónarkennara þeirra bekkjardeilda í 4. og 7. bekk sem lentu í úrtakinu og óskað eftir viðtali. Viðtölin fóru fram í skólunum utan kennslutíma og tóku á bilinu 20 til 50 mínútur hvert. Umsjónarkennari var spurður nokkurra spurninga um hvern einasta nemanda í bekknum, án þess að nöfn væru nefnd. Spurt var hvort nemandi fengi sérkennslu, í hvaða greinum, hve marga tíma á viku og í hvernig kennsluáðstæðum. Þá var spurt hversu lengi hann hefði fengið sérkennslu og hver hefði átt frumkvæði að því að nemandi fengi sérkennslu. Ef nemandi fékk ekki sérkennslu var spurt hvort hann hefði fengið sérkennslu fyrr á skólagöngunni, hvort foreldrar hefðu óskað eftir sérkennslu og hvort kennari teldi nemanda hafa þörf fyrir sérkennslu. Spurt var hve oft nemandi truflaði kennslu, hvort hann væri vinsæll meðal bekkjarfélaga sinna, einangraður eða mitt á milli, og hvort hann hefði fengið greiningu hjá sálfræðingi, sérkennara eða öðrum sérfræðingi, svo kennari vissi. Þá var beðið um einkunnir hvers nemanda í lestri og stærðfræði frá vori 1998 og einkunnir úr samræmdum prófum í íslensku og stærðfræði frá hausti 1998. Allar upplýsingar voru skráðar á þar til gerð eyðublöð (sjá viðauka 5). Ekki var unnið úr upplýsingum um nemendur í sérdeildum sem einnig voru skráðir í þær bekkjardeildir sem spurt var um.

## **Spurningalisti til talkennara**

Til þess að fá yfirsýn yfir þörf fyrir talkennslu meðal grunnskólanemenda í Reykjavík og veitta þjónustu af hálfu talkennara var spurningalisti sendur til talkennara. Rétt er að taka fram að þetta haust vantaði talkennara til starfa við nokkra skóla. Á vorönn 1999 voru sjálfstætt starfandi talmeinafræðingar fengnir til að taka að sér þjónustu við þá. Þær upplýsingar sem hér koma fram komu eingöngu frá þeim skólum þar sem talkennari var við störf haustið 1998.

#### *Úrtak*

Svarendur voru átta talkennarar sem kenndu við 20 skóla: Álftamýrarskóla, Borgaskóla, Breiðagerðisskóla, Engjaskóla, Fellaskóla, Foldaskóla, Grandaskóla, Hamraskóla, Háteigsskóla, Hlíðaskóla, Hólabrekkuskóla, Húsaskóla, Hvassaleitisskóla, Langholtsskóla, Laugarnesskóla, Melaskóla, Rimaskóla, Seljaskóla, Vesturbæjarskóla og Vogaskóla. Samtals voru 10.004 nemendur í þessum

skólum, þar af 7.835 í 1.-7. bekk. Að auki bárust upplýsingar frá sérkennara sem sér um talkennslu í Ártúnsskóla um fjölda nemenda sem þurfa á talkennslu að halda þar og flokkun þeirra eftir mál- og talörðugleikum.

#### *Framkvæmd*

Spurningalisti (viðauki 6) var sendur til talkennaranna átta og þeir beðnir að senda hann útfylltan til baka. Spurt var um fjölda nemenda í hverjum skóla sem að þeirra mati hafði þörf fyrir talkennslu, fjölda nemenda sem áætlað var að fengi talkennslu veturinn 1998-1999, hve mörgum nemendum hafði verið vísað af öðrum til talkennara, hve margir nemendur hefðu verið í talþjálfun áður en þeir hófu skólagöngu og hvort athugun á öllum nemendum 1. bekkjar hefði farið fram haustið 1998. Að auki voru svarendur beðnir að fylla út töflu þar sem fram kom hvernig þeir nemendur sem þurftu á talkennslu að halda í 1.-7. bekk skiptust í hópa eftir mál- og talörðugleikum, bekk og kyni. Þá voru nokkrar opnar spurningar til talkennaranna, þar sem spurt var um ráðgjafarþátt í starfi þeirra og álit þeirra á þróun og framtíð talkennslu í skólum.

## **Spurningalisti til foreldra nemenda í sérskólum**

Tilgangur þessarar könnunar var að kanna viðhorf foreldra nemenda í sérskólum til skólagöngu þeirra.

#### *Úrtak og svörun*

Úrtakið samanstóð af foreldrum eða öðrum forráðamönnum allra nemenda í Öskjuhlíðarskóla og Safamýrarskóla eða 89 nemenda í Öskjuhlíðarskóla og 26 nemenda í Safamýrarskóla. Í meirihluta tilfella svaraði móðir könnuninni eða í 64% tilfella, en í 25% tilfella svöruðu foreldrar könnuninni saman. Feður svöruðu listanum í 9% tilfella en í aðeins 1,5% tilfella svaraði annar forráðamaður. Flestir svöruðu könnuninni út frá 13 ára eða eldra barni eða í 46% tilfella. Um 39% foreldra svöruðu svo út frá 6-9 ára barni og 15% svöruðu út frá 10-12 ára barni. Svarhlutfall var 61,8% í Öskjuhlíðarskóla og 46,2% í Safamýrarskóla en heildarsvarhlutfall var aðeins 58,3%.

#### *Framkvæmd*

Spurningalisti (viðauki 7) var póstsundur til foreldra nemenda í Öskjuhlíðarskóla og Safamýrarskóla. Í bréfi sem sent var með listanum voru foreldrar hvattir til að svara honum og að senda svo spurningalistann til Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur í meðfylgjandi umslagi. Í spurningalistanum var spurt hversu ánægðir foreldrar væru með þjónustu, þjálfun, kennslu, umönnun, samskipti barns og kennara/starfsfólks og samskipti barns við aðra nemendur. Einnig var spurt um líðan barns í skóla, samskipti foreldra við kennara og starfsfólk og upplýsingastreymi milli heimilis og skóla. Spurt var hvort barn hefði stundað nám í almennum grunnskóla og þá hve mörg ár og hvor skólinn hentaði barninu betur á ýmsum sviðum. Spurt var hver hefði haft frumkvæði að því að barnið hæfi nám í sérskóla og hvort foreldrar hefðu verið hlynntir því. Einnig var spurt hvað þyrfti að bæta í skólanum, t.d. hvers kyns þjálfun vantaði og hvort skólatími væri hentugur.

Hér í þessari skýrslu er aðeins hluti niðurstaðna könnunarinnar birtur. Heildarniðurstöður eru birtar í sérstakri skýrslu (Guðný Bergþóra Tryggvadóttir, (2000).

## **Skoðun fyrirleggjandi gagna**

Skoðuð voru ýmis fyrirleggjandi gögn, s.s. vinnugögn við gerð fjárhagsáætlunar, upplýsingar úr nemendaskrá og starfsáætlanir og ársskýrslur fræðslumála í Reykjavík. Skoðuð voru yfirlit yfir nemendur sem sótt var um sérdeildarpláss fyrir vorin 1997 og 1998.

### III. NIÐURSTÖÐUR

Hér verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum. Kaflanum er skipt í 8 undirkafla. Í fyrstu tveimur köflunum er fjallað um nemendur í sérkennslu. Sagt er frá fjölda nemenda í sérkennslu í almennum grunnskólum, sérdeildum og sérskólum og flokkað eftir hverfum. Þá er rætt um ástæður þess að nemandi fær sérkennslu og frumkvæði að sérkennslu í almennum grunnskólum. Í þriðja kafla er greint frá námsgreinum sem kenndar eru í sérkennslunni og í næsta kafla er greint frá talkennslu. Í fimmta kafla er sagt frá kennslufyrirkomulagi og sjötti kafla fjallar um tímafjölda á nemanda í sérkennslu í almennum grunnskólum. Í sjöunda kafla er greint frá mönnun í sérkennslu, fagstjórn og ráðgjöf til kennara um sérkennslu innan skólanna, auk umfjöllunar um námsráðgjafa, stuðningsfulltrúa og atferlisþjálfara. Í áttunda og síðasta kafla er loks fjallað um ráðgjöf og aðstoð frá Fræðslumiðstöð vegna einstakra nemenda. Í lok hvers kafla eru helstu niðurstöður teknar saman og ræddar.

#### 1. Fjöldi nemenda í sérkennslu

Ein mengingsspurningin að baki þessari könnun var um hlutfall og fjölda nemenda í sérkennslu. Í þessum kafla er að finna svör við henni.

##### *Almennir grunnskólar*

Í töflu 7 má sjá fjölda nemenda sem fengu sérkennslu með mismunandi hætti á haustönn árin 1996-1999 í almennum grunnskólum í Reykjavík. Bent er á að taflan tekur hvorki til fjölda nemenda í sérskólum og sérhæfðum sérdeildum né nemenda með lögheimili í Reykjavík sem fá sérkennslu utan Reykjavíkur. Í töflunni kemur fram að svipað hlutfall af heildarfjölda nemenda í Reykjavík hefur fengið sérkennslu að hausti þessi þrjú ár eða 14-15%. Ef talkennslunemendur eru meðtaldir, en þeir voru rúmlega 400 árið 1998-1999, er hlutfallið 18%. Í könnun frá 1986 voru um 12% í sérkennslu í almennum grunnskólum. Á þessum tíma hefur skóladagurinn lengst talsvert. Lenging skóladagsins frá hausti 1995 fram til ársins 2001 er alls 43 stundir eða 4,3 stundir á hvern árgang að meðaltali (reyndar meira í yngri bekkjum en eldri). Fjölgun kennslustunda á viku virðist ekki hafa áhrif á það hversu hátt hlutfall nemenda fær sérkennslu. Ætla hefði mátt að fjölgun kennslustunda í ákveðnum greinum, s.s. íslensku og stærðfræði, hefði dugað einhverjum nemendum sem annars hefðu verið í sérkennslu og því hefði verið unnt að fækka nemendum í sérkennslu og bjóða þeim fleiri tíma. Á þessum tíma hafa einnig bæst við stundir til sveigjanlegs skólastarfs sem nema að meðaltali um tveimur stöðugildum kennara á skóla. Ætla hefði mátt að hluti þeirra hefði nýst nemendum með þörf fyrir einhvern viðbótarstuðning. Skólar hafa m.a. nýtt þessar stundir til að hafa tvo kennara í bekk sem er ekki svo frábrugðið sérkennslu inni í bekk með tveggja kennara kerfi (sjá skilgreiningar á hugtökum). Skýringin á þessum stöðugleika í nemendafjölda er trúlega sú að þörf fyrir sérkennslu að mati þeirra sem skipuleggja hana hefur aldrei verið fullnægt og að nemendum sem þörf hafa fyrir sérkennslu fjölgar eftir að fleiri ástæður koma til, s.s. atferlisvandi (sjá nánar í kafla um ástæður). Því má bæta hér vð að nemendur með alvarlegan hegðunarvanda eru e.t.v. oftarnir út úr bekk í sérkennslu eftir að skóladagurinn lengdist. Einnig má benda á að mikið fatlaðir nemendur þurfa meiri þjónustu eftir því sem skóladagurinn lengist.

**Tafla 7. Fjöldi nemenda sem fengu sérkennslu á haustönn skólaárin 1996-1999.**

	1996-1997		1997-1998		1998-1999		1999-2000	
	Fjöldi	Hlutfall (%) af heildarfj. <sup>1</sup>	Fjöldi	Hlutfall (%) af heildarfj. <sup>2</sup>	Fjöldi	Hlutfall (%) af heildarfj. <sup>3</sup>	Fjöldi	Hlutfall (%) af heildarfj. <sup>4</sup>
Almenn sérkennsla	1935	14,1%	1814	13,1%	1961	13,9%	2000	13,9%
Almennar sérdeildir	162	1,2%	154	1,1%	155	1,1%	175	1,3%
<b>Samtals</b>	<b>2097</b>	<b>15,3%</b>	<b>1968</b>	<b>14,2%</b>	<b>2116</b>	<b>15,0%</b>	<b>2175</b>	<b>15,2%</b>
Talkennsla					406	2,9%		
<b>Samtals</b>					<b>2522</b>	<b>17,9%</b>		


1) Heildarfjöldi nemenda í almennum grunnskólum skólaárið 1996-1997 var 13.707 nemendur.

2) Heildarfjöldi nemenda í almennum grunnskólum skólaárið 1997-1998 var 13.844 nemendur.


3) Heildarfjöldi nemenda í almennum grunnskólum skólaárið 1998-1999 var 14.103 nemendur.

4) Heildarfjöldi nemenda í almennum grunnskólum skólaárið 1999-2000 var 14.242 nemendur.

Á mynd 1 má sjá hlutfall af heildarfjölda nemenda sem fengu almenna sérkennslu í hverjum skóla haustið 1998, en það var allt frá 6% upp í 24%. Myndin segir ekki til um þörf fyrir sérkennslu í hverjum skóla, einungis hve hátt hlutfall nemenda fékk sérkennslu að hausti 1998. Erfitt er að skýra þennan mun. Í hverjum skóla ræðst forgangsröð af mati á þörf fyrir sérkennslu á hverjum stað, meðaltímafjöldi, af skipulagi og úthlutuðum tímafjölda til sérkennslu (sjá kafla um tímafjölda á nemanda). Ekkert er vitað um viðmið einstakra skóla við val á nemendum í sérkennslu. Skýringin á þessum mun á milli skóla getur m.a. verið fólgin í því að misjafnt er eftir skólum hvort kennsla er skipulögð sem einstaklingskennsla eða hópkennt. Vinnuskipulag og hefð í skóla hafa hér áhrif. Hugsanlegt er að fáir nemendur nýti stóran hluta tímamagns í skólunum þar sem lágt hlutfall nemenda er í sérkennslu. Aftur á móti er hugsanlegt að meira sé um námskeið og stærri hópa saman í sérkennslu þar sem margir nemendur fá slíka kennslu. Einnig getur verið að í skólum þar sem lágt hlutfall nemenda er í sérkennslu sé lögð höfuðáhersla á að aðlaga almenna bekkjakennslu að sem allra flestum nemendum. Þessar niðurstöður er ekki unnt að skýra með hliðsjón af bakgrunni nemenda í skólahverfum, s.s. menntun foreldra ( $r = -0,04$ ).



**Mynd 1. Hlutfall af heildarnemendafjölda í hverjum skóla sem fékk almenna sérkennslu haustið 1998 (sérdeildarnemendur ekki taldir með).**



**Mynd 2: Hlutfall af heildarnemendafjölda í 4. og 7. bekk sem fékk sérkennslu annars vegar skv. könnun meðal umsjónarkennara í 4. og 7. bekk vorið 1999 og hins vegar skv. upplýsingum frá skólum haustið 1998.**

Í könnun meðal kennara í 4. og 7. bekk kom fram að 185 nemendur alls fengu sérkennslu á þeim tíma sem könnunin var gerð, eða 21,7% þeirra 851 nemanda sem upplýsingar fengust um. Þar af voru 107 drengir (58%) og 78 stúlkur (42%). Eins og fram kemur á mynd 2 er þetta hærra hlutfall af heildarnemendafjölda en fram kom að fengi sérkennslu í 4. og 7. bekk í sömu skólum í haustskýrslum sérkennara frá hausti 1998. Líklegt er að þessi munur stafi að einhverju leyti af því hvernig úrtakið í þessari könnun var valið, þ.e. aðeins var tekið úrtak úr bekkjardeildum sem í var að minnsta kosti einn sérkennslunemandi. Það skal tekið fram að þessi könnun var gerð að vori, en gagnaöflun 1998 fór fram að hausti. Mögulegt er að fleiri nemendur hafi verið í sérkennslu að vori en að hausti.


Til viðbótar þeim sem fengu sérkennslu þegar könnunin var gerð höfðu 40 nemendur (4,7% af 851 nemanda) fengið sérkennslu fyrr á skólagöngunni svo vitað væri til, en fengu hana ekki lengur. Því hafði alls rúmur fjórðungur nemenda einhvern tíma notið sérkennsluáðstoðar. Ekki er vitað hvort ekki var talin þörf á að þessir nemendur fengu sérkennslu lengur eða aðrir voru framar í forgangs röðinni.

Meðal þeirra sem aldrei höfðu fengið sérkennslu voru 13 nemendur (1,5% allra nemenda) sem foreldrar höfðu óskað eftir sérkennslu fyrir og höfðu einnig þörf fyrir sérkennslu að mati umsjónarkennara. Þegar einkunnir þessara nemenda voru skoðaðar kom í ljós að meðaleinkunn þeirra á samræmdu prófi í stærðfræði var 6,58, skólaeinkunn í stærðfræði var 7,30, meðaleinkunn á samræmdu prófi í íslensku var 6,13 og skólaeinkunn í íslensku var 6,98. Athygli vekur að umsjónarkennarar töldu nemendur með svo háar einkunnir þurfa á sérkennslu að halda. Foreldrar höfðu óskað eftir sérkennsluáðstoð fyrir sex nemendur (0,7%) sem ekki höfðu þörf fyrir hana að mati umsjónarkennara. Umsjónarkennarar töldu 49 nemendur (5,8%) hafa þörf fyrir sérkennslu án þess að foreldrar hefðu óskað eftir henni sérstaklega. Samtals voru það því 68 nemendur (8% allra nemenda) sem ekki fengu sérkennslu en þurftu á henni að halda að mati umsjónarkennara eða foreldra. Kynjaskipting í þessum hópi var svipuð og meðal þeirra sem fengu sérkennslu, 64% voru drengir en 36% stúlkur.

Nemendur sem fengu sérkennslu, nemendur sem höfðu fengið sérkennslu fyrr á skólagöngunni og nemendur sem aldrei höfðu fengið sérkennslu en þurftu á henni að halda að mati foreldra eða kennara voru samtals 293, eða um 34% allra nemenda sem upplýsingar fengust um. Því hafði rúmur þriðjungur allra nemenda annað hvort fengið sérkennsluáðstoð eða verið talinn þurfa á henni að halda. Þessar niðurstöður vekja upp þá hugsun hvort stórauka þurfi sérkennslu frá því sem nú er eða hvort fremur ætti að huga að því að breyta núverandi kennsluháttum almennt þar sem þeir virðast ekki henta nema tveimur þriðju nemenda.

### Sérdeildir

Vorið 1997 bárust umsóknir um sérdeildarpláss fyrir 73 nemendur, en vorið 1998 bárust umsóknir fyrir alls 97 nemendur, þar af bárust umsóknir fyrir 13 nemendur bæði árin. Umsóknir voru fleiri vorið 1998 en árið áður og bæði árin var sótt um pláss fyrir fleiri nemendur á unglingastigi en á yngri stigum (sjá mynd 3).



**Mynd 3. Fjöldi umsækjenda um pláss í almennum sérdeildum fyrir unglingastig og yngri stig vorin 1997 og 1998.**

Flestir þeirra sem sótt var um sérdeildarpláss fyrir voru nemendur í almennum grunnskólum, en árið 1997 barst þó ein umsókn vegna nemanda í sérskóla og árið 1998 bárust fjórar umsóknir vegna nemenda í sérskólum.

Skólaárið 1998-1999 voru 155 nemendur við nám í 15 almennum sérdeildum í grunnskólum Reykjavíkur. Alls eru til 140 pláss, en breytilegt er á milli ára hve margir nemendur nýta þessi pláss þar sem sumir eru að hálfu í sérdeild og að hálfu í bekk. Nemendur sem innritast í sérdeild eru mjög mismengi í deild, allt frá fáum mánuðum upp í að vera í sérdeild til loka grunnskólagöngu. Í drögum að starfsreglum fyrir sérdeildir sem unnið er að á Fræðslumiðstöð Reykjavíkur kemur m.a. fram að nemendur geti verið í sérdeild í 3-5 ár.

**Tafla 8. Fjöldi nemenda í sérdeild á yngri stigi (1.-7. bekkur).**

Sérdeildir fyrir yngri nemendur 1- 7. bekkur	Fjöldi	Úthlutaðir tímar á viku	Meðalfj. tíma á viku pr. nemanda í sérdeild
Breiðagerðisskóli	16 (14) <sup>1</sup>	113	7,1
Fellaskóli	9 (8)	54	6,0
Foldaskóli	8 (7)	54	6,8
Laugarnesskóli	10 <sup>2</sup>	80	8,0
Melaskóli	7	54	7,7
Rimaskóli	9 (8)	70	7,8
Selásskóli	7	54	7,7
Ölduselsskóli	10	90	9,0
<b>Samtals</b>	<b>76 (71)</b>	<b>569</b>	<b>7,5</b>

1) Utan sviga er fjöldi nemenda í deild haustið 1998, í sviga er viðmiðunarfjöldi nemenda í deild. Nemendur geta verið í 1/2 pláss sem viðbótarnemendur tímabundið eða úrræðið er ekki fullnýtt.

2) Fjórir af nemendum deildar eru jafnframt í meðferð á Kleifaravegshemilinu/BUGL

Í töflu 8 má sjá nemendafjölda í átta sérdeildum á yngri stigi. Þar sem hægt er að koma því við, aðlaga sérkennarar námstilboð nemenda í sérdeildum að vinnu nemenda í bekk og fá nemendur deilda því mismarga tíma á viku með sínum árgangi, oftast með stuðningi frá sérdeildinni. Þannig getur myndast svigrúm í deildinni til þess að innrita nemendur í hálf pláss og fleiri nemendur hafa því átt þess kost að tengjast sérdeildarúrræði heldur en formleg pláss gera ráð fyrir.

**Tafla 9. Fjöldi nemenda í sérdeild á eldra stigi.**

Sérdeildir fyrir unglinga 8.-10. bekkur	Fjöldi	Úthlutaðir tímar á viku	Meðalfjöldi tíma á viku pr. nem. í sérdeild
Austurbæjarskóli	12	40	3,3
Árbæjarskóli	6	30	5,0
Breiðholtsskóli	12	65	5,4
Fellaskóli	11 (14)	62	5,6
Foldaskóli	10	45	4,5
Réttarholtsskóli	18	60	3,3
Bjarkarhlíð v/Réttarholtsskóli	10 (7)	60	6,0
<b>Samtals</b>	<b>79 (79)</b>	<b>362</b>	<b>4,7</b>

1) Nemendur hafa einungis viðvöl hluta úr skólaári eða upp í eitt skólaár meðan verið er að leita eftir öðru skólaúrræði og/eða viðeigandi meðferð.

Tafla 9 sýnir nemendafjölda í sjö sérdeildum á unglingsstigi. Vorin 1997 og 1998 voru mun fleiri umsóknir um vist í sérdeild en hægt var að verða við. Samtals voru 64% umsækjenda beggja ára innritaðir í sérdeild. Af því má ætla að um 36% nemenda sem sótt var um fyrir í sérdeild séu í almennri sérkennslu.

Eins og sjá má á töflum 8 og 9 fjölga nemendum í sérdeild þegar ofar dregur í aldri nemenda. Í 1.-7. bekk eru um 10 nemendur úr árgangi að meðaltali í sérdeild og í 8.-10. bekk eru 26 nemendur að meðaltali í sérdeild. Þannig virðast sérdeildir ekki vera nýttar sem fyrirbyggjandi úrræði heldur frekar gripið til þeirra þegar erfiðleikar magnast.

#### *Sérhæfðar sérdeildir og sérskólar*

Í töflu 10 má sjá yfirlit yfir þá nemendur sem fengu kennslu í fimm sérhæfðum sérdeildum sem starfa þvert á hverfi í borginni haustið 1998, alls um 30 að tölu.

**Tafla 10. Fjöldi nemenda í sérdeildum með sérhæft hlutverk haustið 1998.**

Sérdeildir með sérhæft hlutverk	Fjöldi	Úthlutaðir tímar á viku	Meðalfjöldi tíma á viku pr. nem. í sérdeild
Deild fyrir blinda og sjónskerta nemendur (Álftamýrarskóli)	5 <sup>1</sup>	75	15,0 <sup>2</sup>
Deild fyrir hreyfihamlaða nemendur (Hlíðarskóli) <sup>3</sup>	7	86	12,2
Deild fyrir málhamlaða nemendur (Hlíðarskóli)	7	50	7,1
Deild fyrir einhverfa nemendur (Hamraskóli)	5	85	14,1
Deild fyrir einhverfa nemendur (Langholtsskóli)	6	75	14,7
<b>Samtals</b>	<b>30</b>	<b>371</b>	<b>12,6</b>

1) Einnig 3 nemendur í heimaskóla

2) Einnig 18 tímar í heimaskóla

3) Allir nemendur deildar eru með fylgifytlu, s.s. þroskahömlun eða eru fjölfatlaðir.

Um 165 nemendur voru í fimm sérskólum í Reykjavík haustið 1999, sem er rúmlega 1% af heildarfjölda nemenda í grunnskólum Reykjavíkur (tafla 11). Í fjórum þessara sérskóla áttu um tveir þriðju nemenda lögheimili í Reykjavík og einn þriðji annars staðar á Reykjavíkursvæðinu. Í Dalbrautarskóla voru hins vegar tæplega 40% nemenda búsettir í Reykjavík, um 20% annars staðar á Reykjavíkursvæðinu og um 40% úti á landi.

Starfsemi og hlutverk sérskóla og sérhæfðra sérdeilda í Reykjavík hefur verið í endurskoðun síðastliðin ár. Benda má á skýrslu um úttekt M. Allyson Macdonald á Dalbrautarskóla árið 1999 og hugmyndir um þróun skólans og hlutverk. Gerður hefur verið samningur um tvíburaskólana Vesturhlíðarskóla og Hlíðaskóla og einnig er í athugun sameining Öskjuhlíðar- og Safamýrarskóla. Rætt hefur verið um að móta breytt hlutverk málörvunardeildar í þá veru að veita ráðgjöf vegna nemenda með mál- og talörðugleika í almennum grunnskólum. Hlutverk blindradeildar breyttist árið 1999

þegar þrír nemendur hennar tengdust heimaskóla en kennarar fengu ráðgjöf og aðstoð blindradeildar.

Af þessu er ljóst að sérhæfðar sérdeildir eru ýmist að hverfa eða breyta um hlutverk og sérskólar eru einnig að breytast.

**Tafla 11. Fjöldi nemenda í sérskólum og kennslustundir á nemanda árin 1997-1999<sup>1</sup>.**

	1997-1998			1998-1999			1999-2000
	Fjöldi nemenda	Fjöldi stunda	Stundir pr. nemanda	Fjöldi nemenda	Fjöldi stunda	Stundir pr. nemanda	Fjöldi nemenda
Dalbrautarskóli	9	210	23,3	9	210	23,3	13
Einholtsskóli	19	190	10,0	18	190	10,6	16
Safamýrarskóli	29	505	17,4	30 <sup>2</sup>	525	17,5	26
Vesturhlíðarskóli	30 <sup>3</sup>	394 <sup>4</sup>	13,1	20	285 <sup>4</sup>	14,3	21
Öskjuhlíðarskóli	90	1.070	11,9	83	961	11,6	89
<b>Samtals</b>	<b>177</b>	<b>2.369</b>	<b>13,4</b>	<b>160</b>	<b>2.171</b>	<b>13,6</b>	<b>165</b>

- 1) Um þriðjungur nemenda á lögheimili utan Reykjavíkur
- 2) Þrír nemendur í Safamýrarskóla voru á framhaldsskólastigi
- 3) Sex nemendur voru á leikskólaaldri
- 4) Sex börn voru í leikskóla með greiðslu frá Fræðslumiðstöð Reykjavíkur

#### *Fjöldi nemenda í sérkennslu eftir hverfum*

Hér verður fjallað um fjölda nemenda í sérkennslu eftir hverfum samkvæmt upplýsingum frá skólum um fjölda barna í almennri sérkennslu og sérdeildum. Reykjavík er skipt upp í fjögur þjónustuverfi: Vesturbær/Miðbær, Austurbær, Grafarvogur og Árbær/Breiðholt. Haustið 1998 voru 13.898 nemendur í 29 grunnskólum í þessum fjórum hverfum sem upplýsingar bárust frá. Nemendur eru alls 14.103 í öllum grunnskólum í Reykjavík (31 skóli) en ekki bárust upplýsingar um skipulag sérkennslu frá Klébergsskóla á Kjalarnesi og frá Borgaskóla í Grafarvogi.

**Tafla 12. Nemendafjöldi í hverju þjónustuverfi og fjöldi nemenda sem fékk sérkennslu haustið 1998.**

	Fjöldi skóla	Fjöldi nem.	Fj. með alm. sérkennslu	Hlutfall með alm. sérkennslu	Fj. í alm. sérdeildum	Hlutfall í alm. sérdeildum	Fj. sérkennslu-nem. alls	Hlutfall sérkennslu nem. alls
Vesturbær/Miðbær	7	3.377	480	14,2%	19	0,6%	499	14,8%
Austurbær	9	3.265	418	12,8%	54	1,7%	472	14,5%
Grafarvogur	5	2.841	344	12,1%	27	1,0%	371	13,1%
Árbær/Breiðholt	8	4.415	711	16,1%	55	1,2%	766	17,3%
Uppl. vantar um nem.			8				8	
<b>Samtals</b>	<b>29<sup>1</sup></b>	<b>13.898</b>	<b>1.961</b>	<b>14,1%</b>	<b>155</b>	<b>1,1%</b>	<b>2.116</b>	<b>15,2%</b>

- 1) Grunnskólar Reykjavíkur voru alls 31 skólaárið 1998-1999. Klébergsskóli á Kjalarnesi er ekki tekinn með í samanburð á þjónustuverfum. Borgaskóli í Grafarvogi (um 80 nemendur 1998-1999) er ekki inni í neinum tölum í þessari skýrslu þar sem engar upplýsingar bárust þaðan um skipulag og framkvæmd sérkennslu.

Tafla 12 sýnir heildarfjölda nemenda í hverju hverfi og hlutfall þeirra sem fengu almenna sérkennslu og þeirra sem fengu sérkennslu í sérdeild, samkvæmt upplýsingum frá skólunum haustið 1998. Hlutfallslega fengu flestir nemendur sérkennslu í Árbæ/Breiðholti á haustönn en lægst var hlutfallið í Grafarvogi. Engin einhlít skýring er á þessum mun, en munurinn getur m.a. orsakast af mismunandi viðmiðum skóla við mat á þörf fyrir sérkennslu. Einnig getur mismunandi

fyrirkomulag í skólum, þ.e. fjöldi í sérkennsluhópi og fjöldi nemenda með einstaklingskennslu auk samsetningar nemendahópa í hverfum haft nokkur áhrif.

Af þessum fjórum hverfum í Reykjavík sker Grafarvogur sig úr með lægst hlutfall nemenda í sérkennslu, bæði í sérdeildum og almennri sérkennslu. Eins og áður er getið segir þetta þó ekki til um þörf fyrir sérkennslu í Grafarvogi, heldur einungis fyrir hve marga nemendur þessir 5 skólar skipuleggja sérkennslu miðað við úthlutaða tíma á haustönn 1998.

### *Samantekt og umræða*


Alls fengu tæplega 20% nemenda í Reykjavík sérkennslu haustið 1998, þ.e. um 15% í almennri sérkennslu og almennum sérdeildum, um 3% í talkennslu og um 1,5% í sérskólum og sérhæfðum úrræðum. Hlutfall nemenda í almennri sérkennslu er nokkrum prósentum hærra en í könnun Guðjóns Ólafssonar frá 1986 sem var 12% og hærra en greindur vandi nemenda í könnun Sigurjóns Björnssonar (1980) sem var 17%. Þetta hlutfall er hærra en í nágrannalöndum sem upplýsingar lágu fyrir um.

Nokkrir þættir vekja einkum athygli í þessum niðurstöðum. Í fyrsta lagi hefur hlutfall nemenda í sérkennslu ekki breyst frá árinu 1996. Ekki er unnt að sjá af fyrirbyggjandi gögnum hvort hér er um óbreytta þörf að ræða eða hvort sambærileg fjárframlög ráða hér ferð. Lenging skóladagsins hefur ekki haft áhrif á þetta hlutfall. Í öðru lagi virtust 34% nemenda í 4. og 7. bekk vera í þörf fyrir sérkennslu þegar sameinaður var fjöldi nemenda sem fengu sérkennslu, nemendur sem höfðu fengið sérkennslu fyrr á skólagöngunni (og þurftu e.t.v. enn á henni að halda) og nemendur sem aldrei höfðu fengið sérkennslu en þurftu á henni að halda að mati foreldra eða kennara. Þetta vekur upp spurningar um „þörf“ annars vegar og framkvæmd kennslu eða kennsluhætti í skólum hins vegar. Þegar um þriðjungur nemenda þarf á sérkennslu að halda vaknar sú spurning hvort aðlaga má kennslu í bekk betur að nemendum. Þetta er talsvert hærra hlutfall en kom fram í könnunum á árunum 1955 til 1992 þar sem spurt var um mat kennara á þörf fyrir sérkennslu, en það var 18-19%. Í þriðja lagi vekur munur á hlutfalli nemenda í sérkennslu á milli skóla athygli. var unnt að skýra hann með hliðsjón af bakgrunni nemenda. Í fjórða lagi er erfitt að sjá af þessum niðurstöðum hvað ræður fjölda nemenda í sérdeildum, þ.e. hvort eiginleg þörf er ráðandi, hvort fjármagn sem úthlutað er til deildanna ræður hér ferð eða hefðir deildanna. Í fimmta lagi vekur munur á milli hverfa athygli. Loks er athyglisvert að hlutfall nemenda í sérskólum er mjög lágt eða aðeins um 1% af heildarfjölda nemenda í borginni, en minnt er á að hluti þeirra á lögheimili utan Reykjavíkur. Eftir stendur spurningin um hvað ræður nemendafjölda í sérkennslu. Sú spurning er til skoðunar í næsta kafla.

## **2. Ástæður sérkennslu og frumkvæði að henni**

Samkvæmt niðurstöðum hér að framan eru um 15% nemenda í sérkennslu í almennum grunnskólum í Reykjavík ef talkennsla er undanskilin. Hér verður reynt að svara spurningunni um ástæður þess að nemendur eru í sérkennslu og hverjir taka ákvörðun þar um.

Helstu ástæður fyrir sérkennslu eru a) námserfiðleikar (almennir og sértækir), b) félagslegir og tilfinningalegir örðugleikar (þ.m.t. hegðunarerfiðleikar), c) fötlun (þroska-, skyn- og hreyfihamlanir) eða fjölþættur vandi þar sem erfitt er að greina aðalorsök (sjá nánar í kafla um hugtök).



**Mynd 4. Hlutfall nemenda með einstaklingsnámskrá sem fengu sérkennslu af mismunandi ástæðum haustið 1998.**

Langalgengasta ástæðan sem kennarar tilgreina hjá nemendum sem kennt er samkvæmt einstaklingsnámskrá eru námserfiðleikar, eða nánar tiltekið lestrar- og/eða stærðfræðiörðugleikar eða í 46% tilfella (mynd 4). Vakin er athygli á því að hér eru aðeins þeir nemendur sem eru með einstaklingsnámskrá. Nemendur með hópnaámskrá eru hér ekki meðtaldir. Aftur á móti er merkjanlegur munur á fjölda þeirra nemenda sem fá sérkennslu vegna tilgreindra félags- og tilfinningalegra örðugleika milli ára, hann fer úr 11,6% árið 1997 í 15% árið 1998. Þar sem fjölþætt vandamál gætu haft áhrif á þessa ástæðu til hækkunar skal tekið fram að 11,6% tiltóku fjölþætt vandamál sem ástæðu árið 1997 en 14% nefna það sem ástæðu 1998 sem sýnir einnig aukningu á milli ára. Kennarar voru ekki spurðir um ástæður fyrir því að nemendur fengu kennslu samkvæmt hópnaámskrá haustið 1998.

#### *Frumkvæði að sérkennslu*

Fyrirkomulag um val á nemendum í sérkennslu er mismunandi eftir skólum. Umsjónarkennarar óska í flestum tilfellum eftir sérkennslu og/eða stuðningi fyrir nemendur með náms- og/eða hegðunarörðugleika í bekknum í samráði við foreldra. Algengast er að umsjónarkennari sem telur að nemandi í bekk sínum hafi þörf fyrir sérkennslu fylli út eyðublað eða komi skilaboðum til sérkennara með öðrum hætti. Sérkennarar (fagstjórar sérkennslu) í hverjum skóla fara yfir þessar umsóknir, greina þær og raða í forgangsörð eða vísa nemendum í frekari athugun. Ekki var kannað hver viðmið skólanna eru þegar ákveðið er að nemandi fari í sérkennslu.


Ákvörðun um innritun í sérdeildir er tekin, eftir að fjallað hefur verið um umsóknir af teymi fagfólks frá skólum og Fræðslumiðstöð á inntökufundum í viðkomandi skóla undir stjórn skólustjóra. Mun fleiri umsóknir eru lagðar fram ár hvert en hægt er að þjónusta í sérdeildum.

Í könnun meðal umsjónarkennara í 4. og 7. bekk var spurt hver hefði átt frumkvæði að því að þessir nemendur fengju sérkennslu, en kennarar gátu ekki alltaf svarað því, þar sem nokkrir nemendur höfðu fengið sérkennslu frá því áður en þeir komu í bekkinn eða áður en kennari tók við bekknum. Algengast var að umsjónarkennarar segðust sjálfir hafa átt frumkvæði að því, eða í 69% þeirra tilvika sem upplýsingar fengust um. Í 19% tilvika voru foreldrar sagðir hafa átt frumkvæði að

sérkennslu (stundum var tekið fram að það hefði verið í samráði við umsjónarkennara) og sérkennari í 12% tilvika.

#### *Greining sérfræðinga á vanda nemenda*

Til þess að fá upplýsingar um að hve miklu leyti greining lægi að baki ákvörðun um að nemandi færi í sérkennslu voru umsjónarkennarar í 4. og 7. bekk spurðir um greiningar á nemendum í bekk þeirra. Fram kom að alls höfðu um 13% nemenda í þeim bekkjum sem í könnuninni voru (112 nemendur af 851) að sögn þeirra fengið einhvers konar greiningu frá sálfræðingi, sérkennara eða öðrum sérfræðingi, þar af 79 strákar (71%) og 33 stelpur (29%). Um 73% þeirra sem fengu greiningu eða 82 nemendur fengu sérkennslu. Meðal nemenda sem fengu sérkennslu (185 nemendur) höfðu því 44% fengið slíka greiningu, en 4,5% af öðrum nemendum (mynd 5). Athygli vekur hve lítið hlutfall af sérkennslunemendum hafði fengið greiningu og tekið skal fram að mjög misjafnt var hvort umsjónarkennarar töldu sig vita af greiningum allra nemenda eða ekki.




**Mynd 5. Hlutfall nemenda sem höfðu fengið greiningu frá sérfræðingi, eftir því hvort þeir fengu sérkennslu eða ekki.**

Algengasta greiningin var sértækir námsörðugleikar (sjá kafla um hugtök) af einhverju tagi, sem 7,5% allra nemenda (64 nemendur) voru greind með. Auk þess voru 1,3% allra nemenda (11 nemendur) sagðir greindir með almenna námsörðugleika eða greindarskerðingu. Þannig voru alls tæplega 9% allra nemenda greindir með námserfiðleika. Tæp 5% nemenda (41 nemandi) voru greindir með ofvirkni, athyglisbrest, misþroska eða skyldar truflanir. Þá var nokkuð um að nemendur væru greindir með félags- og tilfinningalega eða geðræna örðugleika (2,1%). Þannig voru alls um 7% nemenda greindir með atferlis-, félagslegan eða geðrænan vanda. Auk þessa voru 8 nemendur (0,9%) greindir með málhömlun. Sextán nemendur höfðu annars konar greiningu, meðal annars Touretteheilkenni, Aspergerheilkenni og hreyfihömlun eða skerta hreyfifærni. Alls höfðu 36 nemendur fengið greiningu í fleiri en einum flokki.


Eins og fram kemur á mynd 6 fengu allir nemendur í 4. og 7. bekk með almenna námsörðugleika eða greindarskerðingu sérkennslu, flestir þeirra sem höfðu sértæka námsörðugleika og meirihluti í hópi þeirra sem höfðu málhömlun. Um þrjú fjórðu þeirra sem greindir voru með ofvirkni, athyglisbrest, misþroska eða aðrar hegðunartruflanir fengu sérkennslu, en ekki er unnt að segja til um hvort þeir voru í raun í þörf fyrir sérkennslu eða að þeim hefði hentað annað úrræði, s.s. atferlispjálfun eða viðtöl og hópstarf hjá námsráðgjafa. Meirihluti fékk einnig sérkennslu í hópi þeirra sem voru greindir með félags- og tilfinningalegar eða geðrænar truflanir, en aftur má velta fyrir sér hvort þessir hópar hefðu þurft á annars konar úrræðum að

halda, s.s. sálfræðilega meðferð eða félagsþjálfun. Hins vegar fékk innan við helmingur sérkennslu í hópi þeirra sem höfðu annars konar greiningu.

Hjá 23% þeirra sem höfðu greiningu og fengu sérkennslu í 4. og 7. bekk vissi umsjónarkennari til þess að greining hefði legið fyrir þegar ákveðið var að nemandinn fengi sérkennslu. Athygli vekur hve lágt hlutfall þetta er.



**Mynd 6. Fjöldi nemenda í 4. og 7. bekk sem höfðu fengið greiningu á mismunandi sviðum, eftir því hvort þeir fengu sérkennslu eða ekki (36 nemendur eru tvítaldir eða þrítaldir þannig að alls eru 158 greiningar flokkaðar í töflunni).**



**Mynd 7. Hlutfall nemenda með greiningu úr algengustu flokkunum sem fær sérkennslu.**

Mynd 7 sýnir m.a. að um 94% nemenda sem bæði eru með sértæka námsörðugleika og ofvirkni fá sérkennslu.

Athugað var hvort munur væri á sérkennsluástoð við nemendur í 4. og 7. bekk sem höfðu fengið greiningu um námsörðugleika (sértæka eða almenna), nemendur sem höfðu fengið annars konar greiningu og nemendur sem ekki höfðu fengið greiningu. Nemendur sem greindir voru með námsörðugleika, auk þess að vera með annars konar greiningu, teljast hér á eftir til nemenda sem greindir eru með námsörðugleika, þannig að í hópi nemenda með aðra greiningu eru engir nemendur greindir með námsörðugleika.

Þrjátíu nemendur sem ekki voru með sérkennslu höfðu fengið greiningu frá sérfræðingi. Þar af höfðu níu nemendur fengið sérkennslu fyrr á skólagerðunni og umsjónarkennari og/eða foreldrar töldu átta nemendur til viðbótar hafa þörf fyrir sérkennslu. Þrettán af þessum nemendum höfðu aldrei fengið sérkennslu og voru ekki

taldir hafa þörf fyrir hana. Í töflu 13 sést hvers konar greiningu nemendur í þessum hópi höfðu.

Sérkennsla virðist nýtt fyrir nemendur sem eru með námsvanda, en ekki að sama skapi fyrir nemendur með hegðunarvanda, enda í raun ekki skipulögð fyrir þá nemendur. Þeir þurfa oft og tíðum annars konar aðstoð en sérkennslu í námsgreinum (sjá kafla um námsgreinar í sérkennslu).


**Tafla 13. Fjöldi nemenda með greiningu frá sérfræðingi sem ekki fengu sérkennslu.**

	Námsörðugleikar	Önnur greining	Samtals
Aldrei fengið sérkennslu/ekki þörf fyrir sérkennslu	1	12	13
Aldrei fengið sérkennslu/þörf fyrir sérkennslu	2	6	8
Fengu sérkennslu fyrr á skólagöngunni	6	3	9
<b>Samtals</b>	<b>9</b>	<b>21</b>	<b>30</b>

#### *Niðurstöður prófa*


Umsjónarkennarar í 4. og 7. bekk voru spurðir um einkunnir nemenda sinna sem fengu sérkennslu til að sjá tengsl þar á milli.

Á mynd 8 sjást meðaleinkunnir nemenda í 4. og 7. bekk í lestri og stærðfræði vorið 1998 og á samræmdum prófum í íslensku og stærðfræði. Fylgni milli einkunna á vorprófi og samræmdu prófi í stærðfræði var í heildina  $r=+0,66$ . Hún var nokkuð misjöfn eftir skólum, hæst  $r=+0,91$  en lægst  $r=+0,48$ . Fylgni milli vorprófs í lestri og samræmds prófs í íslensku var í heild  $r=+0,56$  og var hún einnig misjöfn eftir skólum.




**Mynd 8. Meðaleinkunnir nemenda í 4. og 7. bekk á skólaprófum vorið 1998 og samræmdum prófum haustið 1998.**

Nemendur sem fengu sérkennslu höfðu fengið marktækt lægri meðaleinkunnir á öllum prófum en nemendur sem ekki fengu sérkennslu (mynd 9 og mynd 10) og átti þetta bæði við um stráka og stelpur. Þessi munur var tölfræðilega marktækur (viðauki 8). Aftur á móti vekur athygli að munurinn var ekki alltaf mikill, t.d. í lestri þar sem munaði aðeins 1,24.



**Mynd 9. Meðaleinkunnir nemenda í 4. bekk á skólaprófum og samræmdum prófum eftir því hvort þeir fengu sérkennslu eða ekki.**



**Mynd 10. Meðaleinkunnir nemenda í 7. bekk á skólaprófum og samræmdum prófum eftir því hvort þeir fengu sérkennslu eða ekki.**

Þrátt fyrir að meðaleinkunnir nemenda með sérkennslu væru lægri en meðaleinkunnir annarra nemenda var töluverð skörun milli einkunnna þessara hópa. Þannig voru alls 33 nemendur sem fengu enga sérkennslu þrátt fyrir að einkunnir þeirra á samræmdum prófum í íslensku og/eða stærðfræði væru lægri en meðaleinkunnir nemenda sem fengu sérkennslu. Eins fengu 8% nemenda sérkennslu í íslensku eða stærðfræði þrátt fyrir að einkunnir þeirra á samræmdum prófum í þessum greinum hefðu verið yfir landsmeðaltali (tafla 14).

**Tafla 14. Fjöldi nemenda sem höfðu fengið einkunn yfir landsmeðaltali á samræmdu prófi í þeirri grein sem þeir fengu sérkennslu aðstoð í.**

	Landsmeðaltal á samræmdu prófi	Fjöldi nem. með sérkennslu í viðk. grein og einkunn yfir landsmeðaltali	Hlutfall af nem. með sérkennslu í viðk. grein
Íslenska 4. bekkur	6,8	4	8,2%
Stærðfræði 4. bekkur	6,4	2	3,3%
Íslenska 7. bekkur	6,8	3	7,1%
Stærðfræði 7. bekkur	6,8	6	12,5%
<b>Samtals</b>	<b>6,7</b>	<b>15</b>	<b>8,1%</b>

Í töflu 15 er sýnt hvaða einkunn skilur að þau 20% nemenda sem höfðu lægstu einkunn og þá sem hærri voru á samræmdum prófum í íslensku og stærðfræði í 4. og 7. bekk. Einnig er sýnt hve hátt hlutfall sérkennslunemenda í 4. og 7. bekk var með


Þessa einkunn eða lægri, t.d. voru um 60% sérkennslunemenda í 7. bekk með 5,0 í einkunn eða lægri á samræmdu prófi í stærðfræði. Taflan sýnir að á bilinu 35-44% sérkennslunemenda í 4. og 7. bekk voru með einkunn hærri en 4,0 á samræmdu prófi í íslensku og stærðfræði. Sérkennsla í lestri og stærðfræði virðist því í einhverjum tilfellum notuð til að taka nemendur með hegðunarvanda út úr bekk.

**Tafla 15. Hlutfall allra nemenda í 4. bekk og sérkennslunemenda í 4. bekk með einkunn á samræmdu prófi lægri en 5,0 í íslensku og einkunn lægri en 4,0 í stærðfræði og hlutfall allra nemenda í 7. bekk og sérkennslunemenda í 7. bekk með einkunn á samræmdu prófi lægri en 5,5 í íslensku og einkunn lægri en 4,5 í stærðfræði.<sup>1</sup>**

	4. bekkur				7. bekkur			
	íslenska		stærðfræði		íslenska		stærðfræði	
	Viðmið. einkunn	Hlutf. m. viðmið. eink. eða lægra	Viðmið. einkunn	Hlutf. m. viðmið. eink. eða lægra	Viðmið. einkunn	Hlutf. m. viðmið. eink. eða lægra	Viðmið. einkunn	Hlutf. m. viðmið. eink. eða lægra
Sérkennsla	5,0	56%	4,0	60%	5,5	65%	5,0	60%
Allir nemendur	5,0	18%	4,0	17%	5,5	21%	5,0	19%


1) Í töflunni er miðað við einkunnir u.þ.b. 20% nemenda sem lægsta einkunn höfðu.

Athugað var hvort munur væri á einkunnum nemenda með sérkennslu á samræmdum prófum, eftir því hvort þeir höfðu greiningu um námsörðugleika, aðra greiningu eða enga greiningu (mynd 11). Í stærðfræði kom ekki fram tölfræðilega marktækur munur á einkunnum þessara hópa en tilhneiging var til þess að nemendur með aðra greiningu en námsörðugleika hefðu hærri einkunnir í stærðfræði en aðrir nemendur. Í íslensku voru nemendur með sértæka námsörðugleika eða greindarskerðingu með lægri einkunnir en nemendur með aðra greiningu en ekki var marktækur munur á einkunnum þeirra og nemenda sem enga greiningu höfðu (viðauki 8).




**Mynd 11. Einkunnir nemenda í 4. og 7. bekk á samræmdum prófum eftir greiningu.**


Fram kom samband milli einkunna og þess í hvaða námsgreinum nemendur í 4. og 7. bekk fengu sérkennslu, þannig að nemendur sem fengu sérkennslu í ákveðinni grein höfðu yfirleitt lægri meðaleinkunnir í viðkomandi námsgrein en nemendur sem fengu sérkennslu í öðrum greinum.



**Mynd 12. Meðaleinkunn í stærðfræðiprófum hjá nemendum í 4. og 7. bekk sem fengu sérkennslu í stærðfræði og nemendum sem fengu sérkennslu í öðrum greinum.**



**Mynd 13. Meðaleinkunn í lestri og íslensku hjá nemendum í 4. og 7. bekk sem fengu sérkennslu í lestri og nemendum sem fengu sérkennslu í öðrum greinum.**




**Mynd 14. Meðaleinkunn í lestri og íslensku hjá nemendum sem fengu sérkennslu í íslensku og nemendum sem fengu sérkennslu í öðrum greinum.**

Á mynd 12 sést að bæði skólaeinkunnir og einkunnir á stærðfræðiprófi voru lægri hjá nemendum sem fengu sérkennslu í stærðfræði en nemendum sem fengu sérkennslu í öðrum greinum. Lestrareinkunnir frá vori og samræmdar íslenskueinkunnir voru lægri hjá nemendum sem fengu sérkennslu í lestri en þeim sem fengu sérkennslu í öðrum greinum (mynd 13). Þá voru samræmdar íslenskueinkunnir lægri hjá þeim sem fengu sérkennslu í íslensku en þeim sem fengu sérkennslu í öðrum greinum, en lestrareinkunnir svipaðar (mynd 14). Þetta styður þá ályktun að sérkennsla í lestri og stærðfræði sé að einhverju leyti notuð til að taka nemendur með hegðunarfanda út úr tímum.


### Truflun í tíma og sérkennsla

Til að skoða betur tengsl sérkennslu og hegðunarvanda voru umsjónarkennarar í 4. og 7. bekk beðnir um upplýsingar um nemendur sem trufluðu í tímum. Að mati umsjónarkennara í 4. og 7. bekk trufluðu um 10% nemenda kennslu oft, 26% trufluðu stundum, en 64% trufluðu kennslu sjaldan eða aldrei. Strákar trufluðu kennslu mun meira en stelpur. Strákar sem fengu sérkennslu trufluð frekar kennslu að mati kennara en strákar sem ekki fengu sérkennslu, en stúlkur sem fengu sérkennslu virtust ekki trufla mikið meira en aðrar (mynd 15).




**Mynd 15. Mat kennara á því hve hátt hlutfall nemenda í 4. og 7. bekk truflar kennslu oft eða stundum, eftir kyni og því hvort nemendur fá sérkennslu eða ekki.**

Nemendur sem höfðu fengið sömu einkunnir á samræmdu prófi í íslensku eða stærðfræði voru mun líklegri til að fá sérkennslu í þeim greinum ef þeir trufluðu kennslu oft en ef þeir trufluðu kennslu stundum eða sjaldan (myndir 16 og 17). Nemendur sem trufluðu kennslu oft virtust því frekar fá sérkennslu en aðrir nemendur sem sýndu svipaða frammistöðu í námi. Um þriðjungur þeirra nemenda sem voru með sérkennslu, trufluðu oft og höfðu einkunnir á bilinu 4,1 til 8,0 á samræmdum prófum (dökku súlurnar á myndum 16 og 17) höfðu greiningu um ofvirkni, athyglisbrest eða skyldar raskanir samkvæmt upplýsingum frá kennurum.



**Mynd 16. Hlutfall nemenda í 4. og 7. bekk með einkunnirnar 4,1-8,0 á samræmdu prófi í íslensku sem fengu sérkennslu í íslensku, eftir því hve oft þeir trufluðu kennslu.**


Á mynd 17 sést hve mikil áhrif það hefur að nemendur trufla í tíma þegar nemendur eru valdir í sérkennslu. Þar virðist einkunn skipta litlu máli.



**Mynd 17. Hlutfall nemenda í 4. og 7. bekk með einkunnirnar 4,1-8,0 á samræmdu prófi í stærðfræði sem fengu sérkennslu í stærðfræði, eftir því hve oft þeir trufluðu kennslu.**


#### *Félagsleg staða nemenda*

Nemendur sem fengu sérkennslu í 4. og 7. bekk voru að mati umsjónarkennara frekar félagslega einangraðir en þeir nemendur sem ekki fengu sérkennslu, og síður líklegir til að vera vinsælir meðal jafnaldra sinna (mynd 18). Nemendur sem voru félagslega einangraðir að mati kennara virtust hins vegar ekki vera líklegri en aðrir nemendur með svipaðar einkunnir til að fá sérkennslu, ef tekið var tillit til þess hve oft þeir trufluðu kennslu.



**Mynd 18. Mat kennara á félagslegri stöðu nemenda í 4. og 7. bekk eftir því hvort þeir fengu sérkennslu eða ekki.**

Kennarar töldu um þriðjung nemenda vera vinsælan meðal jafnaldra sinna. Um 12% nemenda voru félagslega einangruð en 54% stóðu mitt á milli. Lítil munur var á félagslegri stöðu drengja og stúlkna. Meðal nemenda sem trufluðu kennslu oft voru hlutfallslega fleiri félagslega einangraðir að mati kennara en meðal þeirra sem trufluðu sjaldnar (mynd 19).




**Mynd 19. Félagsleg staða nemenda í 4. og 7. bekk að mati kennara, eftir því hve oft þeir trufla kennslu.**

### *Ástæður náms í sérdeild*

Foreldrar sækja skriflega um skólavist í sérdeild, að undangenginni heimsókn í viðkomandi sérdeild.

Ástæður sem tilgreindar eru í umsóknum um sérdeildir eru í langflestum tilfellum námsörðugleikar, hegðunar- og/eða samskiptavandamál eða hvort tveggja. Stundum eru gefnar upp aðrar ástæður auk þessa, svo sem tilfinningalegir eða geðrænir örðugleikar, félagslegar aðstæður og fleira. Í umsóknum um sérdeild 1997 og 1998 kemur fram að á unglingastigi voru námsörðugleikar langoftast gefnir upp sem ástæða umsóknar en á yngri stigum var jafnalgengt að ástæður væru námsvandi eða hegðun og/eða samskiptavandi. Þess ber að gæta að sérdeildir á unglingastigi í Bjarkahlíð, Breiðholtsskóla og jafnvel fleiri deildir hafa verið skilgreindar sérstaklega fyrir nemendur með félags- og hegðunarvanda.

Sú ástæða sem nefnd var fyrst var í tæpum 60% tilvika námsörðugleikar, en hegðunar- og/eða samskiptaörðugleikar í þriðjungi tilvika (sjá mynd 20). Tilfinningalegir eða geðrænir örðugleikar voru nefndir sem fyrsta ástæða hjá fjórum umsækjendum, félagslegar aðstæður hjá tveimur og aðrar ástæður hjá sex. Aðrar ástæður voru fyrst og fremst fatlanir og/eða sjúkdómar sem ekki féllu undir aðra flokka, til dæmis heyrnarskerðing, málhömlun, Touretteheilkenni og Landau-Kleffnersheilkenni.




Mynd 20. Hlutfallsleg skipting umsækjenda um sérdeild árin 1997 og 1998 eftir fyrstu ástæðu umsóknar.

#### Ástæður náms í sérskóla

Í könnun meðal foreldra barna í sérskólum kom fram að foreldrar barna í Öskjuhlíðarskóla sögðu í 46% tilvika að foreldrar og forráðamenn hafi átt frumkvæði að því að barn fari í sérskóla en í 32% tilvika hafi sérkennsluráðgjafar og aðrir sérfræðingar átt frumkvæði að því. Foreldrar barna í Safamýrarskóla sögðu að foreldrar hefðu átt frumkvæði í 33% tilvika en í 58% tilvika hafi aðrir haft þar mest áhrif.

Flestir foreldrar töldu að sú ákvörðun að barn færi í sérskóla væri í samræmi við óskir og vilja foreldra eða 80% foreldra barna í Öskjuhlíðarskóla og 83% foreldra barna í Safamýrarskóla (mynd 21). Rúmlega 5% foreldra barna í Öskjuhlíðarskóla sögðu að sú ákvörðun að barn færi í sérskóla hefði ekki verið í samræmi við óskir og vilja foreldra, þeir sögðu jafnframt að þeir hefðu ekki átt val um skólaúræði en hefðu viljað þjónustu við hæfi í heimaskóla. Um þrjú fjórðu þessara foreldra töldu samt sem áður að heimaskóli væri ekki í stakk búinn að veita þá þjónustu sem barnið þarfnadist.



Mynd 21. Ákvörðun um skólavist í sérskóla miðað við vilja foreldra.

Settar voru fram tíu staðhæfingar og foreldrar áttu að segja til um hversu miklu máli þær hefðu skipt þegar ákveðið var að barn færi í sérskóla. Það sem foreldrum barna í Öskjuhlíðarskóla þótti skipta mestu máli þegar barn hóf skólagöngu sína þar var að þeir töldu að barninu myndi líða betur í sérskóla og einnig að sérhæfð þekking kennara væri meiri þar. Einnig fannst þeim meiri stoðþjónusta í sérskólum skipta

máli, að barnið eignaðist frekar vini í sérskóla og að sérfræðingar ráðlögðu að barn færi í sérskóla. Foreldrum barna í Safamýrarskóla þótti mestu skipta að meiri stoðþjónusta væri í tengslum við sérskólann og einnig að sérhæfð þekking kennara væri meiri og barni myndi líða betur þar.

Flestir foreldrar sögðu að ef þeir ættu að velja skólaúrræði fyrir barnið sitt í dag myndu þeir velja sérskóla eða 75% foreldra barna í Öskjuhlíðaskóla og 58% foreldra barna í Safamýrarskóla. Um 16% foreldra í Öskjuhlíðaskóla og 8% foreldra barna í Safamýrarskóla sögðu að þeir myndu velja nám við hæfi með viðeigandi stuðningi í heimaskóla. Nánari upplýsingar úr könnun meðal foreldra nemenda í sérskólum er að finna í sérstakri skýrslu (Guðný Bergþóra Tryggvadóttir, 2000).

Í rannsókn Eyrúnar Gísladóttir (2000) um reynslu foreldra af ákvörðunum um námsúrræði fyrir fötluð börn og börn við mörk fötlunar, var rætt við foreldra 24 fatlaðra barna og unglunga á höfuðborgarsvæðinu. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að sumum foreldrum var mjög umhugað um að börn þeirra innrituðust í heimaskóla en fannst þeir koma að lokuðum dyrum almenna grunnskólans. Þeir lögðu áherslu á að sérdeildum eða áþekktum úrræðum yrði fjölgað í almennum grunnskólum. Foreldrar lögðu þó fyrst og fremst áherslu á barni þeirra liði vel í skóla og að það fengi námstilboð með hliðsjón af sérþörfum burtséð frá því hvort það stundaði nám í almennum bekk, sérdeild eða sérskóla.

#### *Samantekt og umræða*

Um 60% nemenda í sérkennslu og sama hlutfall nemenda í sérdeildum eru þar vegna námsvanda. Í könnun frá 1986 og 1992 kom fram að námsvandi eingöngu var ástæða sérkennslu í 50-70% tilfella. Um 15% nemenda í sérskólum og 37% nemenda í sérdeildum eru þar vegna hegðunarvanda eða félagslegra örðugleika. Allir nemendur með greiningu um greindarskerðingu og flestir nemendur með sértæka námsörðugleika fengu sérkennslu. Hlutfall nemenda í sérkennslu vegna félagslegra og tilfinningalegra örðugleika fer hækkandi.

Ekki virðist lögð á það áhersla í skólunum að greining á vanda sé undanfari sérkennslu og vekur það athygli. Aðeins 44% nemenda í sérkennslu í 4. og 7. bekk hafði fengið greiningu af einhverju tagi. Þetta verður að teljast lágt hlutfall og eru skýringar e.t.v. þær að greiningaraðilar og kennarar eiga ekki samstarf, greiningatæki gefa ekki leiðbeiningar um framkvæmd kennslunnar eða að greiningaraðilar eru að vinna með aðra nemendur en sérkennslunemendur. Ekki er síður athyglisvert að aðeins í 23% tilfella vissu umsjónarkennarar um að greining hefði legið fyrir þegar ákvörðun um sérkennslu var tekin sem getur bent til að gögn um niðurstöður greiningar séu ekki aðgengileg kennurum eða kennarar sjái ekki tilgang í að leita eftir þeim. Athyglisvert var að 71% nemenda í sérkennslu voru strákar og stelpur fá í mun færri tilfellum greiningu en strákar.

Einkunnir nemenda eru greinilega grunnur að ákvörðun um sérkennslu, en athygli vakti að talsvert var um að nemendur fengju sérkennslu í íslensku og stærðfræði þrátt fyrir að einkunnir þeirra á samræmdum prófum í þessum greinum voru talsvert háar og jafnvel yfir landsmeðaltali. Hér eru fyrst og fremst á ferð nemendur með hegðunarvanda. Nemendur sem trufluðu kennslu oft virtust frekar fá sérkennslu en aðrir sem sýndu svipaða frammistöðu í námi. Þessar niðurstöður vekja upp umhugsun um hvort ekki sé rétt að leita annarra úrræða en sérkennslu vegna nemenda með hegðunarvanda, t.d. breytta kennsluhætti, styrkari bekkjarstjórnun, atferlisþjálfun eða viðtöl og hópastarf hjá námsráðgjafa, og nýta sérkennslu fyrst og fremst fyrir nemendur með námserfiðleika.

Einnig er vert að skoða einkunnaviðmið um val á nemendum í sérkennslu. Miða mætti við að nemendur undir ákveðnu lágmarki í íslensku og stærðfræði í ákveðnum árgangi fengu sérkennslu. Til dæmis mætti miða við þau 11% nemenda sem fá 1,0 eða 2,0 í einkunn á samræmdum prófum í íslensku og stærðfræði í 4. bekk (hér er miðað við normaldreifða einkunn). Vilji menn stækka hlutfallið, mætti miða við einkunnina 3 sem 23% af heildarfjölda árgangs fær.

Algengast er að sótt sé um inngöngu í sérdeild vegna námsörðugleika nemenda á eldra stigi eða í um 60% tilfella. Á yngri stigum var samskipta og hegðunarvandi jafn algeng orsök og námsvandi.

Yfir 80% foreldra Öskjuhlíðarskóla og Safamýrarskóla sem svöruðu spurningalistanum töldu að sú ákvörðun að barn færi í sérskóla væri að nokkru leyti eða öllu leyti í samræmi við óskir þeirra.

### 3. Námsgreinar í sérkennslu

Í framhaldi af umfjöllun um ástæður sérkennslu er rétt að fjallað um það efni sem er til meðferðar í sérkennslutímum. Annars vegar er rætt um námsgreinar og þá einkum íslensku og stærðfræði, en hins vegar um þjálfun og þá einkum talþjálfun, en einnig hreyfiþjálfun og samskiptaþjálfun. Fjallað er sérstaklega um talkennslu í kafla 4.


**Tafla 16. Námsgreinar og fjöldi nemenda sem fær sérkennslu samkvæmt hópnámskrá haust 1998**

	Fjöldi nemenda	Hlutfall
Íslenska	508	38,7%
Íslenska og stærðfræði	307	23,4%
Stærðfræði	304	23,2%
Íslenska, stærðfræði og annað	126	9,6%
Hreyfiþjálfun	26	2,0%
Samskipti/vinnubrögð	13	1,0%
Annað	11	0,8%
Vantar uppl. um námsgrein	16	1,2%
<b>Samtals</b>	<b>1.311</b>	<b>100%</b>

Eins og sjá má á töflu 16 er algengast að nemendur sem fá sérkennslu samkvæmt hópnámskrá fái hana í íslensku (lestri) eða 72% nemenda. Um 57% nemenda fá sérkennslu í stærðfræði. Alls fengu um 96% nemenda sérkennslu í íslensku og stærðfræði samkvæmt hópnámskrá haustið 1998 samkvæmt árlegum upplýsingum frá skólum. Stór hópur nemenda, þ.e. 33% fá kennslu í báðum greinum. Einungis voru um 13 nemendur, eða um 1%, skráðir í sérkennslu með hópnámskrá vegna samskipta og vinnubragða. Má af þessu sjá að nær öll sérkennsla í hópum er í íslensku og stærðfræði. Athygli vekur að nemendur sem fá sérkennslu bæði í íslensku og stærðfræði skuli fá kennslu samkvæmt hópnámskrá þar sem ætla má að námsvandi þeirra sé víðtækur og þau hefðu þörf fyrir sérkennslu samkvæmt einstaklingsnámskrá (gætu engu að síður verið í hópkenndu eða í bekk).

Til að fá nánari upplýsingar um námsefni í sérkennslutímum voru umsjónarkennarar í 4. og 7. bekk spurðir um fjölda nemenda í sérkennslu í lestri, íslensku (einkum stafsetning), stærðfræði og öðrum greinum. Lítið munur var á því í hvaða námsgreinum nemendur í 4. og 7. bekk fengu sérkennslu, þar sem hjá öllum hópum var algengast að aðstoð væri veitt í íslensku og stærðfræði eins og fram kom hér að ofan. Nemendur með greiningu um námsörðugleika voru þó líklegri en aðrir sérkennslunemendur til að fá aðstoð í lestri á meðan nemendur með aðra greiningu voru heldur líklegri til að fá sérkennslu í íslensku og stærðfræði (mynd 22). Ef

nemandi var greindur með námsörðugleika virtist hlutfall milli lesturs, íslensku og stærðfræði skiptast nokkuð jafnt. Ef aftur á móti var um aðra greiningu að ræða, s.s. hegðunarörðugleika, virtust áherslur fremur vera á stærðfræði en lestur. Börn með greiningu sem ofvirk voru líkleg til að fá sérkennslu í stærðfræði enda krefst stærðfræði mikillar einbeitingar. Svipað mynstur kom fram í hópum nemenda sem fengu aðra greiningu en námsörðugleika og enga greiningu.




**Mynd 22. Hlutfall nemenda í 4. og 7. bekk með sérkennslu sem fá aðstoð í mismunandi námsgreinum eftir því hvaða greiningu þeir hafa.**

Eins og fram kemur í töflu 17 var algengast að nemendur í 4. og 7. bekk fengju sérkennslu í íslensku og/eða lestri eða 76% sem er mjög svipað hlutfall og kom fram í gögnum frá skólunum um sérkennslu almennt. Um 69% fengu kennslu í stærðfræði, sem er nokkuð hærra hlutfall en kom fram í gögnum frá skólum. Aðeins 9% nemenda í 4. og 7. bekk sem fengu sérkennslu nutu þeirrar aðstoðar að einhverju leyti í öðrum greinum en lestri, íslensku og stærðfræði. Meðalfjöldi tíma á viku var mestur hjá þeim nemendum sem fengu sérkennslu í öllum námsgreinum (tafla 17). Talþjálfun er ekki meðtalin hér. Eins og sjá má fá 99% þessara nemenda sérkennslu í íslensku og/eða stærðfræði. Þessar niðurstöður eru því í takt við niðurstöður úr árlegri gagnaöflun um sérkennslu sbr. töflu 16.

**Tafla 17. Fjöldi nemenda með sérkennslu og meðalfjöldi nemendastunda eftir námsgreinum í 4. og 7. bekk.**

Námsgreinar	Fjöldi nemenda	Hlutfall nemenda með sérkennslu	Meðalfjöldi nemendastunda
Lestur og íslenska eingöngu:			
Lestur eingöngu	16	8,7%	2,6
Íslenska (annað en lestur) eingöngu	21	11,4%	2,0
Lestur og íslenska	16	8,6%	3,7
Stærðfræði eingöngu	42	22,7%	2,5
Aðrar greinar eingöngu	2	1,1%	2,0
Íslenska/lestur og stærðfræði	73	39,5%	4,1
Íslenska/lestur og aðrar greinar	3	1,6%	2,3
Stærðfræði og aðrar greinar	1	0,5%	1,0
Íslenska/lestur, stærðfræði og aðrar greinar	11	5,9%	7,6
<b>Alls</b>	<b>185</b>	<b>100%</b>	<b>3,1</b>

Á mynd 23 sést hve hátt hlutfall nemenda í hvorum árgangi fyrir sig fékk sérkennslu í hverri námsgrein, en nemendur sem fengu sérkennslu í fleiri en einni grein eru þar tvítaldir. Þar kemur fram að hlutfallslega fengu mun fleiri nemendur í 4. bekk en í 7. bekk sérkennslu í lestri, sem eðlilegt má teljast, en svipað hlutfall nemenda í báðum árgöngum fékk sérkennslu í öðrum greinum.



**Mynd 23. Hlutfall af heildarfjölda nemenda sem fengu sérkennslu í mismunandi greinum í 4. og 7. bekk.**


#### *Samantekt og umræða*

Athygli vekur að 95-99% nemenda fá sérkennslu í íslensku og stærðfræði og virðist litlu skipta hvaða greiningu nemendur hafa fengið eða hvort þeir hafa yfirleitt fengið greiningu. Þetta gefur tilefni til að skoða greiningarvinnu og viðbrögð við henni. Í fyrsta lagi er hugsanlegt að niðurstöðum greininga sé skilað með þeim hætti að erfitt sé að nýta þær í kennslu. Í öðru lagi getur verið að kennara skorti þekkingu eða reynslu til að lesa úr og nýta greininganiðurstöður. Loks gæti þriðja skýringin verið sú að aðgangur kennara að greininganiðurstöðum sé takmarkaður.

## **4. Talkennsla**

Talkennsla er hluti af sérkennslu og fjármögnuð af framlögum til sérkennslu. Skólaárið 1998-1999 voru notaðar 145 vikustundir í talkennslu (sjá töflu 7). Sendur var spurningalisti til átta talkennara sem þjónuðu 20 skólum haustið 1998.

Samkvæmt upplýsingum frá talkennurum í þessum 20 skólum var áætlað að um 554 börn í 1.-7. bekk hefðu þörf fyrir talkennslu haustið 1998 eða um 7,1% allra nemenda í 1.-7. bekk. Þar af fengu 406 börn (85%) talkennslu veturinn 1998-1999 eða um 5,5% nemenda í 1.-7. bekk samkvæmt upplýsingum frá skólum.




**Mynd 24. Hlutfall nemenda í 1.-7. bekk sem þarf á talkennslu að halda að mati talkennara, og hlutfall sem fær talkennslu**

Á mynd 24 sést hve hátt hlutfall nemenda 1.-7. bekkjar í hverjum skóla fyrir sig af 20 skólum þurfti á talkennslu að halda að mati talkennara, og hve hátt hlutfall nemenda var áætlað að fengju talkennslu veturinn 1998-1999. Hlutfallið var hæst í Borgaskóla, þar sem tæp 13% nemenda voru talin þurfa talkennslu, en líkleg skýring á því er að þar voru aðeins nemendur í 1.-3. bekk og jafnan er mest þörf fyrir talkennslu í yngstu árgöngunum. Næsthæst var hlutfallið í Fellaskóla og þar á eftir í Breiðagerðisskóla. Í Háteigsskóla þurfti lægst hlutfall nemenda á talkennslu að halda að mati talkennara, en þar voru rúm 3% nemenda í 1.-7. bekk sem þurftu og fengu talkennslu.

Þessi mikli munur á milli skóla hvað varðar mat á þörf fyrir talkennslu vekur athygli. Ástæðan gæti legið í mismunandi viðmiðum við að meta hverjir þurfa talkennslu. Jafnframt getur verið munur á framkvæmd talkennslu, þ.e. hvort talkennarar kenna í hópum eða einstaklingslega.

Eins og sjá má á mynd 24 fengu allir nemendur sem á þurftu að halda talkennslu í 1.-7. bekk fimmtán skóla. Í fimm skólum fengu færri talkennslu en á þurftu að halda að mati talkennara, en þar var ekki talkennari á haustönn 1998.

Alls höfðu 14 nemendur í 8.-10. bekk brýna þörf fyrir talkennslu að mati talkennara. Þar af fengu 12 talkennslu haustið 1998. Af þeim tólf unglíngum sem fengu talkennslu voru tveir í sérdeild hreyfihamlaðra í Hlíðaskóla.




Mynd 25. Hlutfall af heildarfjölda nemenda í hverjum árgangi (1.-7. bekk) sem þarf á talkennslu að halda að mati talkennara, haustið 1998.

Á mynd 25 má sjá hvernig hlutfall nemenda með þörf fyrir talkennslu skiptist á árganga. Þar voru langflestir nemendur í 1.-3. bekk. Fleiri strákar höfðu þörf fyrir talkennslu en stelpur en um 65% nemenda sem hafa þörf fyrir talkennslu eru strákar.

#### Tímaffjöldi á nemanda í talkennslu

Í 20 skólunum voru samtals 113,5 stundir nýttar á viku í talkennslu fyrir 1.-7. bekk, eða 5,67 stundir á skóla að meðaltali. Fjöldi kennslustunda sem hver skóli fékk í talkennslu á viku fór eftir nemendafjölda. Í Borgaskóla var flestum stundum varið í talkennslu á viku ef miðað er við nemendafjölda eða 0,025 stundum á nemanda en Laugarnesskóli, Melaskóli og Háteigsskóli vorðu fæstum stundum til talkennslu eða 0,012 stundum á nemanda (mynd 26).



Mynd 26. Fjöldi stunda á viku í talkennslu á nemanda eftir skólum vorið 1999.

Meðalfjöldi kennslustunda á nemanda í 1.-7. bekk á viku er 0,015 stundir ef miðað er við þann stundafjölda sem hver skóli ráðstafaði og heildarfjölda nemenda í 1.-7. bekk (tafla 18). Tímamagn var nokkuð misjafnt eftir skólum sé miðað við nemendafjölda. Athygli er vakin á því að oft eru nemendur tímabundið í talkennslu, þ.e. ekki allt skólaárið og stundum er tveimur eða fleiri nemendum kennt saman.


**Tafla 18. Fjöldi stunda í talkennslu eftir skólum haustið 1998**

Skóli	Fjöldi nemenda í 1. - 7. bekk	Fjöldi tíma á viku	Stundir á nemanda á viku
Álftamýrarskóli	253	4,0	0,016
Borgaskóli <sup>1</sup>	79	2,0	0,025
Breiðagerðisskóli	325	6,0	0,018
Engjaskóli	426	7,0	0,016
Fellaskóli	424	7,0	0,017
Foldaskóli	498	7,0	0,014
Grandaskóli	458	7,0	0,015
Hamraskóli	263	4,0	0,015
Háteigsskóli	248	3,0	0,012
Hlíðaskóli	365	7,0	0,019
Hólabrekkuskóli	422	6,0	0,014
Húsaskóli	385	7,0	0,018
Hvassaleitisskóli	226	5,0	0,022
Langholtsskóli	380	5,0	0,013
Laugarnesskóli	511	6,0	0,012
Melaskóli	594	7,0	0,012
Rimaskóli	548	8,5	0,016
Seljaskóli	443	6,0	0,014
Vesturbæjarskóli	285	5,0	0,018
Vogaskóli	275	4,0	0,015
<b>Samtals</b>	<b>7.408</b>	<b>113,5</b>	<b>0,015</b>

1) Aðeins 1.-3. bekkur.

### Ástæður talkennslu

Framburðarörðugleikar voru langalgengasta ástæða þess að nemendur þurftu á talkennslu að halda, eða í meira en 70% tilvika (mynd 27). Um 18% nemenda þurftu á talkennslu á halda vegna þess að málproski þeirra var seinn og stam var ástæða talkennslu í 6% tilfella.



**Mynd 27. Hlutfallsleg skipting nemenda sem þurfa talkennslu að mati talkennara eftir tegund mál- og talörðugleika.**

Um 65% nemenda sem fá talkennslu eru drengir. Sú niðurstaða bendir til að mál- og talörðugleikar séu algengari meðal drengja.

### *Samantekt og umræða*

Um 7% nemenda í 1.-7. bekk voru talin þurfa talkennslu en þó var þörfin talin misjöfn eftir skólum eða frá um 3% upp í um 12%. Um 5,5% fengu talkennslu og var sami munur á milli skóla. Þetta er svipað hlutfall og fékk talkennslu samkvæmt könnun frá 1986 en þar kom fram að 6% nemenda var í sérkennslu vegna mál- og talvanda.

Athygli vekur að í þeim skólum sem könnunin náði til var þörf fyrir talkennslu fullnægt að mest leyti eða í um 85% tilfella, þrátt fyrir að skortur sé á talkennurum. Fjórir skólar keyptu talkennslu af verktökum. Ekki er vitað hvort allir nemendur í þeim skólum sem taldir voru í þörf fyrir talkennslu hafi fengið hana. Munur á milli skóla bendir til að viðmið um talkennslu séu mismunandi. Talkennarar í Reykjavík útbjuggu samræmda skimun fyrir nokkrum árum til að meta málþroska (mál og tal) nemenda í 1. bekk.

Í fjárhagsáætlun 2000 er fjármagn til talkennslu hluti af fé til sérkennslu sem útteilt er sem hlutfalli af fjölda nemenda í 1-10. bekk, þ.e. ekki er skilgreint sérstaklega fjármagn til talkennslu.

## **5. Kennslufyrirkomulag**

Í þessum kafla er fjallað um skipulag og framkvæmd sérkennslu í grunnskólum Reykjavíkur. Ekki var aflað gagna um kennsluaðferðir, námsgögn eða námsmat.


Skipulag sérkennslunnar er með ólíkum hætti í skólunum þar sem forsendur eru mismunandi hvað varðar rými, fagfólk og fleira. Kennsluaðstæður sem spurt var um voru fyrirfram skilgreindar: a) Getumiðaðir hópar þar sem tveir eða fleiri nemendur á svipuðu getustigi eða með svipaða færni innan sama árgangs fá sérkennslu. Kennslan getur verið með blönduðu fyrirkomulagi, inni í bekk eða í sérkennslurými; b) Sérkennsla inni í bekk eða tveggja kennara kerfi þar sem sérkennari og umsjónarkennari vinna saman að undirbúningi, kennslu og úrvinnslu fyrir hópinn/bekkinn eða tímar þar sem sérkennari kemur inn í bekkjarstarf ákveðna tíma á viku eða í ákveðinni námsgrein og sinnir ákveðnum nemendum; c) Einstaklingskennsla þar sem nemendur fá sérkennslu í einkatímum; d) Aldursblandaðir hópar þar sem nemendur úr fleiri en einum árgangi eru saman í hópi, kennslan fer fram utan bekkjar og er oftast einstaklingsmiðuð (sbr. kafla um hugtök).

Upplýsingar bárust um nýtingu 1.860 tíma, af þeim 2.033 sem úthlutað var til almennrar sérkennslu skólaárið 1998-1999 sem er rúmlega 91%. Ekki er vitað hvernig þeim 173 vikustundum sem ekki bárust upplýsingar um var varið.

**Tafla 19. Hlutfallsleg skipting tíma til almennrar sérkennslu eftir því hvernig þeir voru nýttir, skv. upplýsingum frá skólum haustið 1998.**

	Tímar á viku	Hlutfall af tímafjölda í sérkennslu sem upplýsingar bárust um (þ.e. hlutfall af 1860 tímum)
Getumiðaðir hópar	1.082	58%
Sérkennsla inni í bekk	257	14%
Einstaklingskennsla	239	13%
Aldursblandaðir hópar	63	3%
Fagstjórn/ráðgjöf	110	6%
Annað	109	6%
Upplýsingar bárust ekki um nýtingu	173	-
<b>Samtals</b>	<b>2.033</b>	<b>100%</b>

Tafla 19 sýnir hvernig tímar í sérkennslu skiptust eftir kennslufyrirkomulagi. Þar má sjá að meirihluta úthlutaðra sérkennslutíma var varið til kennslu getumiðaðra hópa, eða 58%. Um 14% tíma fóru í sérkennslu inni í bekk þar sem sérkennari og umsjónarkennari unnu saman og um 13% í einstaklingskennslu þar sem nemendur voru teknir út úr bekk. Það vekur athygli að tæplega 240 vikustundir voru notaðar þannig að einn kennari var með einn nemanda í kennslu (alls um 10 stöðugildi). Um 3% tímanna fóru í kennslu aldursblandaðra hópa þar sem nemendum úr fleiri en einum árgangi var kennt saman, en voru þó ekki skilgreindir sem sérdeild. Tímar til fagstjórnar voru 6% af heildartímamagni og um 6% fóru í annað sem getur verið af ýmsum toga, s.s greiningarvinna, námskeiðahald, fræðslufundir o.fl. (sjá nánar í kafla um mönnun).



**Mynd 28. Nemendur í 4. og 7. bekk sem fengu sérkennslu flokkaðir eftir kennsluaðstæðum.**

Þegar skoðað var hvernig sérkennslutímar skiptust í könnun sem gerð var á sérkennslu í 4. og 7. bekk kom í ljós að 68% tímanna voru nýtt til sérkennslu í hóp (mynd 28). Um 11% sérkennslunemenda fengu sérkennslu inni í bekk og tæp 10% fengu einstaklingstíma eingöngu. Til viðbótar fengu 11% sérkennslu í blönduðum aðstæðum, sem merkir að þeir fengu bæði einstaklingstíma og hóptíma, eða bæði hóptíma og sérkennslu í bekk. Þessi dreifing er nokkuð sambærileg við dreifinguna sem fram kemur í töflu 19. Athygli vekur hve lítið hlutfall nemenda fær sérkennslu inni í bekk.


Á mynd 29 má sjá hlutfallslega skiptingu stunda til almennrar sérkennslu eftir hverfum. Þar sést að í Grafarvogi eru nýttar flestar stundir fyrir getumiðaða hópa eða um 78%. Þrátt fyrir að flestum tímum í sérkennslu virðist varið í Grafarvogi til að

kenna sérkennslunemendum í hópi voru hlutfallslega fæstir nemendur með sérkennslu í því hverfi (sjá töflu 20). Virðast þó hópastærðir í Grafarvogi samt hafa verið sambærilegar við Vesturbæ/Miðbæ og Austurbæ. Athygli vekur að hópar í Árbæ og Breiðholti voru að jafnaði rúmlega helmingi stærri en í öðrum hverfum og skýrir það væntanlega hversu miklu fleiri nemendur, hlutfallslega, fengu sérkennslu í því hverfi.

**Tafla 20. Meðalnemendafjöldi í sérkennsluhópi eftir hverfum.**


	Fjöldi nemenda	Meðalfjöldi nemenda í hópi
Veturbær/Miðbær	274	5,0
Austurbær	271	4,9
Grafarvogur	267	5,0
Árbær/Breiðholt	326	11,3
Uppl. vantar um hópastærð	173	
<b>Samtals</b>	<b>1138</b>	<b>6,8</b>

Minnst var um það í Vesturbæ/Miðbæ að sérkennslutímar væru nýttir til kennslu getumiðaðra hópa og var hlutfallslega meira um sérkennslu inni í bekk og einstaklingstíma í Vesturbæ heldur en í öðrum hverfum. Algengara var að sérkennslutímar væru nýttir í annað starf en hefðbundna sérkennslu í Austurbæ en í öðrum hverfum (sjá mynd 29).



**Mynd 29. Hlutfallsleg skipting tíma til almennrar sérkennslu eftir því hvernig þeir voru nýttir samkvæmt upplýsingum frá skólum haustið 1998.**

Niðurstöður úr könnun á sérkennslu í 4. og 7. bekk benda til þess að nemendur með námsörðugleika hafi helst fengið sérkennslu í einstaklingstímum eða um 28% þeirra nemenda. Nemendur með aðra greiningu voru líklegri en aðrir til að fá sérkennsluástoð í bekk (mynd 30).



**Mynd 30. Hlutfall sérkennslunemenda í 4. - 7. bekk sem fengu einstaklingstíma eða sérkennslu inni í bekk eftir því hvaða greiningu þeir höfðu.**

### *Einstaklings- og hópnámskrár/áætlanir*

Reglugerð um sérkennslu kveður á um að gera skuli rökstuddar námsáætlanir fyrir hópa og einstaklinga sem fá sérkennslu (Reglugerð um sérkennslu, 1996, 3. gr.). Nemendum með mikil frávik frá markmiðum í hefðbundnu námi jafnaldrar er gjarnan kennt eftir einstaklingsnámskrá/einstaklingsáætlun. Námsefnið getur verið frábrugðið, annars vegar útgefið sérkennsluefni og hins vegar aðlagð námsefni miðað við getustig nemenda. Námsmat er oft markmiðabundið, sett fram fyrir hvern einstakling og útbúið sérstakt próf úr sérkennslunámsefni viðkomandi. Gera má ráð fyrir að allir nemendur í sérdeildum séu með einstaklingsáætlun en það var ekki kannað sérstaklega.

**Tafla 21. Fjöldi nemenda með sérkennslu í almennum grunnskólum að hausti skólárin 1996-1999 skipt eftir kennsluáðstæðum.**

	1996-1997		1997-1998		1998-1999		1999-2000	
	Fjöldi	Hlutfall (%) af heildarfj. <sup>1</sup>	Fjöldi	Hlutfall (%) af heildarfj. <sup>2</sup>	Fjöldi	Hlutfall (%) af heildarfj. <sup>3</sup>	Fjöldi	Hlutfall (%) af heildarfj. <sup>4</sup>
Sérkennsla samkvæmt hópnámskrá	1257	9,2%	1144	8,3%	1311	9,3%	1394	9,7%
Sérkennsla samkvæmt einstaklingsnámskrá (aðrir en sérdeildarnemendur)	678	4,9%	670	4,8%	650	4,6%	606	4,2%
Almennar sérdeildir 1.-7. bekkur	82	0,6%	74	0,5%	68	0,5%	81	0,6%
Almennar sérdeildir 8.-10. bekkur	80	0,6%	80	0,6%	87	0,6%	94	0,7%
<b>Samtals</b>	<b>2097</b>	<b>15,3%</b>	<b>1968</b>	<b>14,2%</b>	<b>2116</b>	<b>15,0%</b>	<b>2175</b>	<b>15,2%</b>

1) Heildarfjöldi nemenda í almennum grunnskólum: 13.707 nemendur 1996-1997.


2) Heildarfjöldi nemenda í almennum grunnskólum: 13.844 nemendur 1997-1998.

3) Heildarfjöldi nemenda í almennum grunnskólum: 14.103 nemendur 1998-1999.

4) Heildarfjöldi nemenda í almennum grunnskólum: 14.242 nemendur 1999-2000.

Tafla 21 sýnir hve margir nemendur í almennri sérkennslu í grunnskólum Reykjavíkur fengu sérkennslu samkvæmt hópnámskrá annars vegar og samkvæmt


einstaklingsnámskrá hins vegar á árunum 1996 til 1999 (sjá einnig mynd 31). Mikill meirihluti nemenda í almennri sérkennslu fékk kennslu samkvæmt hópnámskrá eða allt að 70% þeirra en svo virðist sem hlutfall nemenda með einstaklingsnámskrá hafi heldur farið lækkandi síðustu árin eða úr 35% sérkennslunemenda haustið 1996 í 30% haustið 1999. Þetta sést vel á mynd 31 sem sýnir hvernig hlutfall nemenda með einstaklingsnámskrá annars vegar og hópnámskrá hins vegar hefur þróast á árunum 1996 til 1999. Breytingin er ekki mikil en þróunin hefur verið í þá átt að nemendum með hópnámskrá hefur farið hlutfallslega fjölgandi.



**Mynd 31. Hlutfall af heildarnemendafjölda sem fékk sérkennslu skv. einstaklingsnámskrá annars vegar og hópnámskrá hins vegar, árin 1996-1999.**


Á mynd 32 má sjá hvernig einstakir skólar skipulögðu sérkennslu samkvæmt einstaklings- og hópnámskrá haustið 1998. Þar má sjá hve ólíkt skipulag skólanna er, allt frá því að skólar vinni nær eingöngu samkvæmt hópnámskrá í sérkennslu (t.d. Engjaskóli), til þess að rúmum 80% nemenda sem fá sérkennslu sé kennt samkvæmt einstaklingsnámskrá (Hólabrekkuskóli). Margt getur haft áhrif á þetta, til dæmis getur mat sérkennara á þörf á einstaklingsnámskrá fyrir einstaka nemendur verið ólíkt eftir skólum, en einnig getur hefð ráðið hér ferð.

Þegar athuguð voru tengsl á milli einstaklingsnámskráa í sérkennslu og menntaðra sérkennara af þeim sem sinntu sérkennslu kom í ljós að ekki reyndist marktæk fylgni milli hlutfalls menntaðra sérkennara og hlutfalls nemenda með einstaklingsnámskrá ( $r = 0,15$ ;  $p = 0,42$ ). Í skólum þar sem 20% eða færri kennara voru með sérkennslumenntun voru nemendur með einstaklingsnámskrá um 34% og í skólum þar sem meira en 20% kennara voru með sérmenntun voru nemendur með einstaklingsnámskrá um 38% ( $F_{1,28} = 0,248$ ;  $p = 0,60$ ).



Mynd 32. Hlutfall nemenda með sérkennslu samkvæmt einstaklings- og hópnámskrá af heildarfjölda nemenda sem fékk sérkennslu haustið 1998, eftir skólum.

Á mynd 33 má sjá að nokkur munur er eftir hverfum og er það fyrst og fremst Grafarvogshverfið sem sker sig úr með hlutfallslega mun færri einstaklingsnámskrár en önnur hverfi. Væntanlega skýrist þessi munur á Grafarvogi og öðrum hverfum fyrst og fremst af því að svo virðist sem eingöngu hafi verið unnið samkvæmt hópnaáskrá í Engjaskóla.



**Mynd 33 Hlutfall nemenda í almennri sérkennslu með hóp- og einstaklingsnámskrá eftir þjónustuhverfum, haustið 1998.**

Í könnun Jakobs Braga Hannessonar (1999) á nýtingu einstaklingsáætlana í sérdeildum í grunnskólum Reykjavíkur kom fram að skortur virtist á færni kennara til að nýta sér slíkar áætlanir og voru þær jafnvel ekki gerðar. Kennarar unnu einir sér með áætlanir sínar án samvinnu við aðra kennara og lítið samstarf var við nemendur sjálfa og foreldra þeirra.

#### *Samantekt og umræða*

Mikill meirihluti nemenda fékk sérkennslu í getumiðuðum hópi eða 56-58% samkvæmt tvenns konar gögnum sem skoðuð voru. Aðeins 11-14% nemenda fékk sérkennslu inni í bekk. Þetta er aðeins lægra hlutfall en kom fram í könnun frá 1992 þar sem um 17% nemenda fékk sérkennslu inni í bekk. Athygli vekur hve þetta hlutfall var lágt. Milli 10% og 13% nemenda voru í einstaklingstímum í sérkennslu. Hlutfallið milli einstaklings- og hópáætlunar hefur lítið breyst þegar á heildina er lítið á undanförunum árum og athygli vekur hve misjafnt er milli skóla hvort sérkennslunemendum er kennt samkvæmt einstaklingsnámskrá eða hópnaáskrá. Mat manna á besta eða hagkvæmasta fyrirkomulagi virðist því mjög misjafnt, en í 0 til 80% tilfella var kennt samkvæmt einstaklingsnámskrá. Meðalfjöldi nemenda í hópi í almennri sérkennslu var um 5 nemendur í þremur þjónustuhverfum, en um 11 í því fjórða.

## 6. Tímafjöldi á nemanda í sérkennslu

Í þessum kafla verður fjallað um hvernig úthlutuðum tímum er skipt á þá nemendur sem fá sérkennslu í skólunum.


**Tafla 22. Skipting tíma til almennrar sérkennslu á árganga og meðalfjöldi sérkennslutíma á viku á nemanda með sérkennslu samkvæmt upplýsingum frá skólum haustið 1998.**

Árgangur	Fjöldi nem. með sérk.	Hlutfall af heildar-nemendafj.	Heildarfj. tíma á viku á hvern árgang	Meðalfj. tíma á viku á nemanda	Meðalfj. tíma á viku á nem. í sérk. <sup>1</sup>	Hlutfall af heildartíma fj. til sérk.
1. bekkur	54	3,7%	53	0,04	2,07	2,6%
2. bekkur	252	17,3%	201	0,14	3,29	9,9%
3. bekkur	227	14,6%	221	0,14	3,22	10,9%
4. bekkur	283	19,0%	182	0,12	3,07	9,0%
5. bekkur	253	17,1%	195	0,13	3,22	9,6%
6. bekkur	211	15,5%	219	0,16	2,87	10,8%
7. bekkur	169	13,3%	154	0,12	3,28	7,6%
8. bekkur	156	13,0%	144	0,12	5,51	7,1%
9. bekkur	194	14,7%	151	0,11	4,45	7,4%
10. bekkur	159	11,4%	120	0,11	4,57	5,9%
Uppl. vantar um nem.	3					
Uppl. vantar um tíma			393			19,3%
<b>Samtals</b>	<b>1961</b>		<b>2033</b>	<b>0,12</b>	<b>3,56</b>	<b>100%</b>

1) Sumir tímar eru taldir oftari en einu sinni þar sem útreikningar miðast við einstaka nemendur og oft er kennt í hópi.


Í töflu 22 má m.a. sjá hlutfall nemenda haustið 1998 sem fékk sérkennslu og meðaltímafjölda á nemanda í sérkennslu eftir árgöngum. Þar kemur fram að meðaltímafjöldi á nemanda í sérkennslu var 3,6 stundir (ýmist í hópi eða einstaklingstímum). Tímum fjölgaði þegar upp kom á unglingsstigi og voru flestir í 8. bekk að meðaltali, eða 5,5 stundir á nemanda á viku. Athyglisvert er að fæstir nemendur fengu sérkennslu í 1. bekk eða 3,7% árgangsins, þrátt fyrir ítarleg skil leikskóla og Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins á greiningum til skólanna undanfarin ár. Ætla má að stöður stuðningsfulltrúa hafi að einhverju leyti komið til móts við þarfir umsjónarkennara fyrir stuðning í 1. bekk. Einnig má gera ráð fyrir að í 1. bekk hafi farið fram meiri sérkennsla á vorönn, þar sem hóppróf (Tove Krogh o.fl.) til að meta þörf fyrir sérkennslu í árganginum eru oftast lögð fyrir á haustönn og fylgt eftir með sérkennslutímum á vorönn, að sögn sérkennara. Hæst var hlutfall nemenda í sérkennslu í 4. bekk.

Til að fá fram enn skýrari mynd af fjölda tíma á hvern nemanda í sérkennslu voru umsjónarkennarar í 4. og 7. bekk spurðir um fjöldi tíma sem nemendur fengu í sérkennslu, í nemendastundum talið. Fram kom að þeir voru allt frá hálf tíma upp í samtján tíma á viku. Þó voru mjög fáir sem fengu sérkennslu meira en sex tíma á viku, og algengast var að nemendur fengju tvo tíma á viku eða minna (mynd 34). Alls fengu um 73% nemenda í sérkennslu 4 kennslustundir eða minna, ýmist var um einkatíma eða hóptíma að ræða.



**Mynd 34. Nemendur í 4. og 7. bekk sem fengu sérkennslu flokkaðir eftir fjölda kennslustunda á viku.**

Meðalfjöldi tíma á viku var svipaður hjá nemendum í báðum árgöngum, 3,5 tímar í 4. bekk en 3,4 tímar í 7. bekk sem er sambærilegt við það sem fram kom í heildaryfirliti yfir fjölda tíma á viku á nemanda hér að framan (úr árlegri könnun um sérkennslu). Ekki var munur á fjölda tíma á viku í sérkennslu í 4. og 7. bekk eftir því hvort nemendur höfðu fengið greiningu um námsörðugleika, aðra greiningu eða enga greiningu (mynd 35 og viðauki 8). Það vekur athygli því ætla hefði mátt að nemendur með greiningu fengju fleiri tíma heldur en þeir sem enga greiningu hafa. Reikna mætti með að nemendur sem fara í greiningu þyrftu frekar á sérkennslu að halda en aðrir.



**Mynd 35. Meðalfjöldi sérkennslutíma á viku eftir greiningu í 4. og 7. bekk.**

Meðal nemenda sem fengu sérkennslu í 4. og 7. bekk höfðu einkunnir á samræmdum prófum og skólaprófum afar litla fylgni við fjölda sérkennslutíma á viku (tafla 23). Markviss dreifing tíma með hliðsjón af greiningu og einkunnum virðast ekki fyrir hendi. Þetta vekur ekki síður athygli en þáttur greiningarinnar, ætla hefði mátt að nemendur með lágur einkunnir þyrftu meiri sérkennslu en hinir.

**Tafla 23. Fylgni (r) milli einkunna og fjölda tíma á viku í sérkennslu, hjá nemendum sem fengu sérkennslu í 4. og 7. bekk.**

Fylgni (r) milli tíma á viku og einkunna	
Lestur eingöngu	-0,15
Stærðfræði vor	-0,11
Samræmt próf íslensku	-0,10
Samræmt próf	-0,10

*Tímaffjöldi í sérkennslu skipt eftir kennslufyrirkomulagi*

**Tafla 24. Meðalfjöldi sérkennslutíma á viku á nemanda með sérkennslu, haustið 1998.**

Árgangur	Einstaklingsnámskrá		Hópnámskrá	
	Meðalfj. tíma/viku	Fjöldi nemenda	Meðalfj. tíma/viku	Fjöldi nemenda
1. bekkur	1,81	38	2,69	16
2. bekkur	4,60	96	2,49	156
3. bekkur	3,63	109	2,84	118
4. bekkur	4,40	102	2,32	181
5. bekkur	4,17	89	2,70	164
6. bekkur	3,79	71	2,41	140
7. bekkur	4,69	69	2,31	100
8. bekkur	5,14	22	5,57	134
9. bekkur	5,10	30	4,33	164
10. bekkur	4,61	24	4,56	135
<b>Heild</b>	<b>4,17</b>	<b>650</b>	<b>3,27</b>	<b>1308<sup>1</sup></b>

1) Upplýsingar vantar um árgang þriggja nemenda með hópnámskrá.


Í töflu 24 sést að meðaltímaffjöldi á viku fyrir nemanda sem kennt var samkvæmt hópnámskrá haustið 1998 var 3,3 stundir, á meðan nemendur með einstaklingsnámskrá fengu 4,2 stundir á viku að meðaltali. Það sem kemur helst á óvart er að ekki skuli vera meiri munur á tímaffjölda miðað við eðli námskrárgerðarinnar. Þó má segja að fjöldi nemenda með hópnámskrá hafi verið um helmingi meiri en fjöldi nemenda með einstaklingsnámskrá, þannig að mönnun á hvern nemanda með einstaklingsnámskrá var því væntanlega mun meiri. Algengast var að nemendum með einstaklingsnámskrá væri kennt í getumiðuðum hópum eða rúmlega helmingi nemenda. Um 21% nemenda var kennt með blönduðu fyrirkomulagi, þ.e. í hópi, bekk eða einstaklingslega.

Í töflu 25 kemur einnig fram að meðaltímaffjöldi fyrir aldursblandaða hópa var rúmlega 6 stundir á viku og sker sá tímaffjöldi sig nokkuð úr. Hér getur verið um að ræða nokkurs konar óformlega sérdeild innan skóla þar sem nemendum sem geta illa nýtt sér kennslu í bekk með sínum árgangi var kennt í smærri sérkennsluhópi, oft í öllum grunnfögum bóknáms. Þetta á þó eingöngu við um lítinn hóp nemenda (17 nemendur alls).

**Tafla 25. Kennslufyrirkomulag og meðalfjöldi tíma á viku hjá nemendum sem fá sérkennslu skv. einstaklingsnámskrá haustið 1998.**

	Fjöldi nemenda	Hlutfall (af þeim sem uppl. bárust um)	Meðalfj. tíma/viku
Getumiðaðir hópar	322	50,6%	3,75
Blandað fyrirkomulag	134	21,0%	5,31
Einstaklingtímar	83	13,0%	3,32
Getublandaðir hópar	81	12,7%	4,36
Aldursblandaðir hópar	17	2,7%	6,59
Uppl. vantar um kennsluáðstæður	13	-	-
<b>Alls</b>	<b>650</b>	<b>100,%</b>	<b>4,17</b>

Í könnun á sérkennslu í 4. og 7. bekk kom í ljós að þeir nemendur sem fengu sérkennslu í bekk eða í blönduðum aðstæðum fengu að meðaltali flesta tíma á viku (mynd 36), en þeir sem fengu einstaklingstíma eingöngu fengu færsta tíma á viku.



**Mynd 36. Meðalfjöldi tíma á viku í sérkennslu eftir kennsluáðstæðum**

#### *Tímajöldi eftir hverfum*

Í töflu 26 sést hvernig úthlutaður tímajöldi skiptist til almennrar sérkennslu og sérdeilda eftir hverfum. Tímajöldi á nemanda í almennri sérkennslu ræðst af því hvernig skólarnir skipuleggja kennsluna. hlutfall sérkennslutíma á nemanda var lægst í Árbæ/Breiðholti og er það í samræmi við fyrri upplýsingar um fjölda nemenda sem fær sérkennslu í hverfunum, en þar voru nemendur hlutfallslega flestir í sérkennslu eða um 16% nemenda, sbr. töflu 12.

**Tafla 26. Fjöldi úthlutaðra tíma eftir þjónustuverfum og fjöldi tíma á hvern nemanda í almennri sérkennslu og sérdeildum haustið 1998.**

	Fjöldi nem. með alm. sérkennslu	Hlutfallsl. fj. nem. með sérkennslu af heildarfj.	Fjöldi úthlutaðra tíma	Tímar pr. nem. í sérk.	Fjöldi nem. í alm. sérdeildum	Hlutfallsl. fj. nem. í sérdeild af heildarfj.	Fjöldi úthlutaðara tíma til sérdeilda	Tímar pr. nem. í sérd.
Vesturbær /Miðbær	480	14,2%	488	1,02	19	0,6%	142	7,47
Austurbær	418	12,8%	462	1,11	54	1,7%	313	7,45
Grafarvogur	344	12,1%	436	1,27	27	1,0%	169	6,76
Árbær /Breiðholt	711	16,1%	647	0,91	55	1,2%	355	6,57
Uppl. vantar um nem.	8							
<b>Samtals</b>	<b>1.961</b>		<b>2.033</b>	<b>1,07</b>	<b>155</b>		<b>979</b>	<b>7,07</b>

Megináhersla er lögð á að sérdeildir þjóni þyngstu nemendum innan hverfis. Bjarkarhlíð, sérdeild staðsett í Austurbæ, er undantekning frá því, þar sem hún þjónar öllum hverfum borgarinnar sem neyðarúrræði fyrir nemendur með félags- og tilfinningalega örðugleika sem þurfa tímabundið skólavist utan heimaskóla. Tímar á hvern nemanda í sérdeild eru þó breytilegir eftir deildum þar sem nemendafjöldinn getur breyst, jafnvel á miðju skólaári, með útskrift og innritun í hálf pláss. Að meðaltali var um 1% nemenda í sérdeild. Þetta hlutfall var hæst í Austurbæ eða 1,3% og lægst í Grafarvogi eða 0,9%.

#### *Samantekt og umræða*

Meðaltímafjöldi á nemanda í sérkennslu í Reykjavík var 3,56 kennslustundir á viku. Langflestir nemendur eða 73% fengu 4 kennslustundir eða minna á viku í sérkennslu. Fjöldi stunda var þó mjög misjafn og gat farið upp í allt að 17 stundir á viku sem var þó trúlega undantekningartilfelli. Athyglisvert er að greining eða einkunnir á prófum höfðu ekki áhrif á tímafjölda í sérkennslu. Þessar niðurstöður benda til að viðmið um tímafjölda í sérkennslu séu mjög óljós. Til samanburðar má minna á að um 83% nemenda voru í 4 klst. eða minna í sérkennslu á viku samkvæmt könnun frá 1992.

## **7. Mönnun, fagstjórn og ráðgjöf**

#### *Kennarar í sérkennslu*

Árið 1998-1999 önnuðust 268 kennarar sérkennslu í Reykjavík, af þeim voru 53 með sérkennaramenntun samkvæmt upplýsingum frá skólum (tafla 27). Þar er átt við framhaldsnám í sérkennslu sem getur verið allt frá einu ári upp í fjögur ár eða meira. Þegar lítið er yfir fimm síðastliðin ár, kemur fram lítilsháttar fækkun kennara með sérmenntun í sérkennslu við grunnskóla Reykjavíkur af heildarfjölda kennara sem sinnir sérkennslu.

**Tafla 27. Fjöldi kennara sem sinnt hefur sérkennslu í grunnskólum Reykjavíkur frá 1994.<sup>1</sup>**

	Heildarfjöldi	Fjöldi með sérkennaramenntun	Hlutfall af heildarfjölda
1994-1995	273	63	23,1%
1995-1996	207	73	35,3%
1996-1997	276	64	23,2%
1998-1999	268	53	19,8%

1) Upplýsingar vantar frá vetrinum 1997-1998.

Skólaárið 1998-1999 voru um 26 sérkennarar með eins árs framhaldsmenntun starfandi í grunnskólunum og 27 sérkennarar með tveggja ára framhaldsnám eða meira, eða tæp 20% af heildarfjölda kennara sem sinntu sérkennslu í grunnskólum Reykjavíkur.

Þegar sérkennsla fór að ryðja sér til rúms efndi Kennaraháskólinn til náms í sérkennslu, fyrst í Reykjavík en síðan úti um landið. Á þeim tíma var þetta eina framhaldsmenntunin sem kennarar áttu vól á hér á landi. Nú er hægt að taka eins árs diplómunám og tveggja ára mastersnám í sérkennslu. Auk þess er nú boðið upp á framhaldsnám á mörgum öðrum sviðum þannig að möguleikar á framhaldsnámi fyrir kennara eru nú fjölbreyttari en áður.

**Tafla 28. Tímafjöldi í sérkennslu eftir menntun kennara haustið 1998.**

	Fjöldi tíma í almennri sérkennslu	Fjöldi tíma í sérdeildum	Samtals
Kennarar með sérkennslumenntun	764 (42%)	274 (31%)	1.038 (38%)
Kennrar án sérkennslumenntunar	1.037 (56%)	552 (61%)	1.589 (58%)
Leiðbeinendur	39 (2%)	72 (8%)	111 (4%)
<b>Samtals</b>	<b>1.840 (100%)</b>	<b>898 (100%)</b>	<b>2.738 (100%)</b>

Tafla 28 sýnir hvernig tímafjöldi í sérkennslu skiptist á kennara eftir menntun. Kennarar með sérmenntun kenndu um 38% af heildartímafjölda í sérkennslu á skólaárinu 1998-1999. Einnig má sjá að um 4% kennslutíma, eða um 111 stundir, voru kenndar af 9 leiðbeinendum, þar með taldir þroskaþjálfar og atferliþjálfar (fólk með BA-próf í sálfræði, auk starfsþjálfunar). Flestir sérkennslutímar, eða 58%, voru kenndir af 206 kennurum með almennt kennarapróf. Kennarar geta kennt örfáa tíma í sérkennslu á viku til viðbótar við almenna kennslu, allt upp í að kenna eingöngu sérkennslu í fullu starfi.

Félag íslenskra sérkennara óskaði eftir því við aðila sem vinna að rannsókn á þróun og færnikröfum starfa að starf sérkennara yrði skoðað með aðferðum rannsóknarinnar. Í viðtölum við 20 sérkennara kom fram að 75% þeirra töldu að starfið hefði orðið flóknara síðan þeir hófu störf, um 25% töldu starfið óbreytt, en engum fannst það einfaldara nú (meðalstarfsaldur var 14 ár, en starfsaldur á núverandi vinnustað rúm 6 ár). Mikið reyndi á samskipti í starfinu, en viðmælendur unnu þó ekki mjög oft með öðrum fullorðnum að verkefnum, 65% sögðust verja minna en helmingi vinnutímans í slíkt samstarf. Viðmælendur töldu notkun gagna og upplýsinga mjög mikilvægan færniþátt, en aðeins um helmingur taldi sig vel í stakk búinn að sinna honum. Sérkennararnir virtust búa við mikið sjálfstæði í starfi og þeim fannst starfið fjölbreytt. Símenntun viðmælenda var 8-15 dagar á ári og áhugi á símenntun var einkum á sviði úrvinnslu greiningarprófa, lestrarerfiðleika og tölvunotkunar (Gerður G. Óskarsdóttir og Hildur Björk Svavarsdóttir, 2000)

### *Stuðningsfulltrúar*

Stuðningsfulltrúar í grunnskólum veita nemendum með sérþarfir tilsjón og stuðning í bekkjarstarfi undir verkstjórn kennara eða sérkennara. Þeir geta fylgt að mestu einum nemanda eða farið á milli bekkja og sinnt mörgum nemendum. Aðstoð þeirra getur falist í að styðja nemanda við að einbeita sér að náminu, beita skriffærum eða leysa verkefni. Einnig taka þeir nemendur út úr bekk og finna þeim verkefni annars staðar eða fylgja nemendum á ferðum þeirra um skólann eða í frímínútum. Stuðningsfulltrúar aðstoða stundum kennara við að undirbúa verkefni og fjölfalda

kennslugögn eða sjá til þess að tæki sem nota á séu tiltæk (sjá starfslýsingu frá 1999 sem unnin var af starfshópi skipuðum af Fræðslumiðstöð Reykjavíkur).

Starf stuðningsfulltrúa var eitt af 101 starfi sem skoðað var í rannsókn á þróun og færnikröfum starfa sem ekki krefjast starfsmenntunar úr skóla (Gerður G. Óskarsdóttir og Hildur Björk Svavarsdóttir, 1998). Samkvæmt niðurstöðum virtist starfið fjölbreytt, aðeins um 15% viðmælenda sagðist vinna sama verkið á sama hátt aftur og aftur. Mikill meirihluti viðmælenda sagði að yfirmenn ákvæðu oft *hvernig* og *hvenær* viðfangsefnum væri sinnt. Meirihlutinn taldi leiðsögn í upphafi starfs hafa verið of litla, 95% töldu meiri þjálfun vera gagnlega og þá helst á sérstöku námskeiði fremur en á vinnustað.

Hausti 1998 og 1999 störfuðu rúmlega 80 stuðningsfulltrúar í grunnskólum Reykjavíkur í tæplega 55 stöðugildum. Þeim hafði þá fjölgað nokkuð frá árinu 1997, en þá voru þeir rúmlega 60 í 47 stöðugildum (sjá fylgiskjal í starfsáætlunum fræðslumála fyrir árin 1998, 1999 og 2000). Af þessum hópi starfaði um fjórðungur í sérskólum. Því er rúmlega eitt stöðugildi stuðningsfulltrúa að meðaltali í hverjum almennum grunnskóla. Frá hausti 1997 hafa allir skólar með 1. bekk fengið úthlutað hálfu stöðugildi stuðningsfulltrúa (alls um 15 stöðugildi). Hluta stöðugilda stuðningsfulltrúa er úthlutað til skólanna sérstaklega vegna nemenda með mikla fötlun (alls um 17 stöðugildi, sbr. kafla um fjármögnun hér að framan). Eftir að skólarnir fengu fjárhagslegt sjálfstæði er það á valdi skólastjóra í hverjum skóla að ráðstafa fjárhagsramma skólans og þar með forgangsröðun starfa, t.d. gæti skóli valið að nýta hluta af fjármagni til sérkennslu eða hluta af fjárframlögum í aðra starfsmenn skóla í starf stuðningsfulltrúa.

Hausti 1999 samdi Fræðslumiðstöð við Borgarholtsskóla um fagnám fyrir stuðningsfulltrúa á framhaldsskólastigi. Vorið 2000 luku 25 stuðningsfulltrúar úr grunnskólum Reykjavíkur fystu lotu þess náms eða 10-12 framhaldsskólaeiningum. Um páska vorið 2000 hófu 12 stuðningsfulltrúar til viðbótar fullt nám. Stefnt er að því að fagnamið verði alls um 30 einingar og geti menn lokið því í tveimur eða þremur lotum.

#### *Atferlisþjálfar*

Hlutverk atferlisþjálfara er að þjálfa einhverfa nemendur með aðferðum atferlismótunar í almennum grunnskólum. Þjálfunin er einstaklingsmiðuð og er í almennum námsgreinum s.s. lestri, skrift og stærðfræði en tekur einnig til annarra sviða svo sem tals, samskipta, leikja o.s.frv. Árið 1998-1999 voru um 5 stöður atferlisþjálfara nýttar fyrir 8 einhverfa nemenendur, en árið 1999-2000 voru tæplega 12 stöður nýttar fyrir 19 einhverfa nemendur. Árið 1999 komu inn 11 einhverfir nemendur í 1. bekk. Fjölgun atferlisþjálfara á milli ára er um 57%. Atferlisþjálfar gætu að sjálfsögðu sinnt nemendum með margs konar annan atferlisvanda en einhverfu.

#### *Námsráðgjafar*

Námsráðgjafar í grunnskólum sinna nemendum vegna persónulegra vandamála sem tengjast námi nemenda, leiðbeina um vinnubrögð og námstækni, skipuleggja starfsfræðslu og halda námskeið um ákveðin efni.

Í könnun á störfum og starfsaðstæðum námsráðgjafa í grunn- og framhaldsskólum á Íslandi (Hugrún Björk Hafliðadóttir, Ólafur Finnbogason og Una Björg Bjarnadóttir, 1998) kom fram að námsráðgjafar í grunnskólum veita nemendum ráðgjöf í einkamálum og vegna erfiðleika tengdum námi. Allir þátttakendur í könnuninni sem störfuðu í grunnskólum leiðbeindu nemendum um vinnubrögð í námi og um helmingur hafði staðið fyrir námskeiðum um námstækni og um þriðjungur fyrir námskeiðum um prófkvíða. Ráðgjöf um náms- og starfsval er hluti af verkefnum

námsráðgjafa og fer hún fram með viðtölum og hópráðgjöf. Um 85% námsráðgjafa í grunnskólum hafði lagt áhugasviðskannanir fyrir nemendur og um helmingur kenndi starfsfræðslu. Í yfir 90% tilfella veittu námsráðgjafar endurtekin viðtöl vegna kvíða, í yfir 80% tilfella vegna samskiptaerfiðleika við aðra fjölskyldumeðlimi, í tæplega 70% tilfella vegna áfengis- og fíkniefnavanda og í tæplega 60% tilfella vegna þunglyndis, svo dæmi séu tekin. Þetta bendir til að námsráðgjafar sinni nemendum í félagslegum vanda talsvert.

Kristrún Guðmundsdóttir (1999) gerði könnun á störfum námsráðgjafa í grunnskólum Reykjavíkur og þá einkum á viðhorfum námsráðgjafa og skólastjórnenda til hlutverks og starfa námsráðgjafa. Könnunin var lögð fyrir alla námsráðgjafa í grunnskólum Reykjavíkur og skólastjóra og aðstoðarskólastjóra í skólum þeirra. Fram kom að hugmyndir námsráðgjafa sjálfra annars vegar og skólastjórnenda hins vegar voru mismunandi varðandi ákveðna þætti, t.d. lögðu stjórnendur meiri áherslu á að námsráðgjafar sinntu fræðslu um fíkniefni en ráðgjafarnir sjálfir og mismunandi viðhorf komu fram til skipulags starfskynninga og vinnu námsráðgjafa utan kennsluársins. Um 67% námsráðgjafanna sögðu að kennarar leituðu eftir aðstoð þeirra vegna vandamála í bekk *mjög oft* eða *oft*. Um 82% námsráðgjafa taldi *mjög mikilvægt* eða *mikilvægt* að námsráðgjafi talaði við nýja nemendur í skólanum (aðra en 1. bekkina). Yfir 45% námsráðgjafa og um 34% skólastjórnenda töldu að byrja ætti að þjálfva nemendur í námstækni á yngri barna stigi. Þessi athugun bendir einnig til þess að námsráðgjafar sinni nemendum í vanda og fyrirbyggjandi starfi.

Haustið 1999 störfuðu 23 námsráðgjafar í 13 stöðugildum við grunnskóla Reykjavíkur. Námsráðgjafi starfaði við alla skóla með unglíngastig í a.m.k. hálfu starfi og tvo skóla með barnastig.

Meirihluti námsráðgjafa við grunnskóla Reykjavíkur hefur lokið viðbótarnámi í námsráðgjöf. Boðið hefur verið upp á eins árs viðbótarnám í námsráðgjöf við Háskóla Íslands í 10 ár eða frá árinu 1990.

#### *Fagstjórn og ráðgjöf*

Um 6% af úthlutuðum tímum til sérkennslu í skólum er nýttur í fagstjórn og dreifast á árganga eftir skipulagi í skólum. Mismunandi er hvort skólar nota hluta af sérkennsluúthlutun til fagstjórnar í sérkennslu eða nýta tíma af stjórnunarkvóta skólanna í stjórnun sérkennslu.

Í 23 skólum var tímum varið til fagstjórnar í sérkennslu haustið 1998. Einn til þrjú kennarar sinntu fagstjórn á þessu sviði í hverjum skóla, alls 34 kennarar. Að meðaltali voru 4,7 kennslutímar á viku nýttir til fagstjórnar í þessum 24 skólum. Misjafnt var þó á milli skóla hver tímafjöldinn var, allt frá einum tíma (Laugalækjarskóli) upp í 11 tíma (Fellaskóli). Umfang starfs fagstjóra eða yfirmanna sérkennslu og verklýsingar hafa víða verið til umræðu og bent hefur verið á nauðsyn þess að skilgreina hlutverk þeirra og samræma á milli skóla.

Um 6% tíma fer í önnur störf svo sem greiningarvinnu, námskeiðahald, o.fl.

Sérskólar hafa veitt ráðgjöf vegna sérhæfðra mála til almennra skóla samkvæmt beiðnum. Hjá lestrarmiðstöð Kennaraháskóla Íslands fengu 20 skólar lestrargreiningu og ráðgjöf vegna samtals 47 nemenda á skólaárinu 1998-1999.

#### *Samantekt og umræða*

Kennarar með sérmenntun í sérkennslu kenna rúmlega þriðjung af allri sérkennslu, hlutfall þeirra er lægra í sérdeildum en í almennri sérkennslu og hefur þetta hlutfall farið heldu lakkandi síðustu ár. Ástæða þess að hlutfallslega færri kennarar í sérkennslu hafa nú sérmenntun en var fyrir nokkrum árum getur verið sú að kennarar

sem áhuga hafa á að fara í framhaldsnám eiga nú kost á fleiri námsleiðum en sérkennslu, sérkennarar geta verið hættir sérkennslu og farnir að kenna almenna kennslu eða farnir í önnur störf utan skólanna og loks má geta þess að allnokkrir sérkennarar eru nú í stjórnunarstöðum innan skólakerfisins.

Aðrar stéttir hafa í auknum mæli komið inn í skólana á undanförunum árum og sinna nemendum í margskonar vanda, s.s. stuðningsfulltrúar, atferlisþjálfar og námsráðgjafar. Æskilegt væri að skilgreina betur en gert hefur verið hlutverk hvers og eins í þeim efnum, þótt reikna megi með að víðast vinni allar stéttir sem hér um ræðir saman og þverfaglega að málum nemenda.

Ekki er ólíklegt að stærra hlutfall af fjármagni til sérkennslu verði nýtt í ráðgjöf innan skólanna við bekkjarkennara á næstu árum. Ætla má að sérmenntun sérkennara nýtist nemendum vel með þeim hætti, þar sem þeir miðla reynslu sinni og þekkingu til annarra kennara.

## **8. Þjónusta frá Fræðslumiðstöð vegna einstakra nemenda og nemendahópa**

Á Fræðslumiðstöð Reykjavíkur er veitt ráðgjöf og aðstoð vegna einstakra nemenda í náms- eða hegðunarvanda og nemendahópa. Umboðsmaður foreldra og skóla sinnir málum sem berast frá foreldrum eða skólum vegna misbrests á skólasókn, brottvísana úr skóla o.fl. Forstöðumaður þjónustusviðs annast einkum barnaverndarmál og þung ofbeldismál, auk mála vegna fötlunar. Sálfræðingar á sálfræðideild á þjónustusviði (10 stöðugildi) sinna málum samkvæmt óskum sem berast frá skólunum í þremur af þjónustuhverfunum fjórum. Í Miðgarði í Grafarvogi starfa sálfræðingar sem sinna grunnskólum í Grafarvogi. Á kennsludeild þjónustusviðs er veitt ráðgjöf vegna náms og kennslu og bekkjarstarfs (alls starfa þar um 10 manns), en einnig vegna málefna einstaklinga (þrír starfsmenn af 10 sinna þeim). Segja má að um 15 manns á Fræðslumiðstöð sinni einstaklingsmálum eingöngu eða sem hluta af starfi sínu.

*Einstaklingsmál hjá umboðsmanni foreldra og skóla*

Umboðsmaður foreldra og skóla sinnir málefnum einstakra barna sem berast frá foreldrum og skólum (tafla 29).

**Tafla 29. Einstaklingsmál sem bárust umboðsmanni foreldra og skóla 1997-1999.**

Tilefni	1997	1998	1999		
			Frá for.	Frá skólum	Alls
Lélég skólasókn	15	13	2	12	14
Aga- og hegðunarvandi	12	12	3	6	9
Skipt um skóla	10	9	6	12	18
Einelti/vanlíðan /skólafælni	14	13	15	2	17
Vímuefnavandi	8	17	4	13	17
Námserfiðleikar /sérúrræði	12	11	10	2	12
Erfiðar félagslegar aðstæður	7	2	3	10	13
Geðræn vandamál	6	5	4	5	9
Misþroski/ofvirkni /Asperger/Tourette /einhverfa	7	8	7	1	8
Óánægja vegna skóla eða kennara	7	12	11	0	11
Þátttaka í atvinnulífi	5				0
Ofbeldi/afbrot			3	5	8
Námi flýtt			1	0	1
Líkamlegir sjúkdómar /fötlun			3	5	8
<b>Samtals</b>	<b>103</b>	<b>102</b>	<b>72</b>	<b>73</b>	<b>145</b>

Tafla 30 sýnir kyn og aldursdreifingu þeirra barna sem vísað var til umboðsmanns, annars vegar frá foreldrum og hins vegar frá skólum.

**Tafla 30. Fjöldi mála sem sinnt var af umboðsmanni foreldra og skóla eftir skólastigum og tilvísunaraðila árið 1999.**

Skólastig	Drengir		Stúlkur		Alls	
	Frá foreldrum	Frá skólum	Frá foreldrum	Frá skólum	Frá foreldrum	Frá skólum
Yngri barna stig, 1.-4. bekkur	19	2	3	1	20	3
Miðstig, 5.-7. bekkur	18	2	6	1	24	3
Unglingastig, 8.-10. bekkur	16	36	12	18	28	54
<b>Samtals</b>	<b>53</b>	<b>40</b>	<b>19</b>	<b>20</b>	<b>72</b>	<b>60</b>

Eins og sjá má var mest sóst eftir aðstoð vegna nemenda á unglingastigi, eða í um 62% tilvika og drengir voru í miklum meirihluta eða 66%. Einnig má sjá að málum sem vísað var til umboðsmanns foreldra og skóla fjölgaði allnokkuð milli árána 1998 og 1999. Fjölgunin varð aðallega á málum sem flokkast undir erfiðar félagslegar aðstæður og ofbeldi en sá flokkur var nýr árið 1999. Málum barna á yngri barna stigi og miðstigi er einnig í auknum mæli vísað til umboðsmanns foreldra og skóla.

### *Einstaklingsmál á þjónustusviði*

Á hverju ári koma upp þung mál einstaklinga í skólum sem vísað er til forstöðumanns þjónustusviðs. Eins og sjá má á töflu 31 vann hann samtals að málum 80 einstaklinga á árinu 1999 og var fjöldi þeirra mestur í janúar og febrúar (42).

**Tafla 31. Mál sem vísað var til forstöðumanns þjónustusviðs eftir ástæðu tilvísunar.**

Hegðun/félagslegir erfiðleikar	28
Fötlun	17
Lögreglu- og barnaverndarmál	12
Barnaverndarmál/félagslegir erfiðleikar	6
Ofbeldi/misþyrmingar	6
Samskipti foreldra og kennara	4
Einelti	4
Fíkniefni/áfengisvandi	3
<b>Samtals</b>	<b>80</b>

Yfirgnæfandi meirihluti mála sem vísað var til forstöðumanns þjónustusviðs vörðuðu drengi eða 69 en aðeins 11 vörðuðu stúlkur. Málum fór fjölgandi eftir því sem ofar dró í aldri eins og sést á töflu 32.

**Tafla 32. Mál sem vísað var til forstöðumanns þjónustusviðs eftir skólastigum.**

Skólastig	Fjöldi mála
1-4. bekkur	22
5.-7. bekkur	26
8.-10. bekkur	32
<b>Samtals</b>	<b>80</b>

### *Sálfræðiþjónusta*

Sálfræðideild Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur sem er á þjónustusviði annast sálfræðiþjónustu við grunnskóla borgarinnar. Grunnskólum í Grafarvogi er þó þjónað frá Miðgarði, fjölskyldumiðstöð í Grafarvogi, og Klébergsskóli á Kjalarnesi kaupir sálfræðiþjónustu af verktaka. Sérskólarnir Öskjuhlíðarskóli og Vesturhlíðarskóli kaupa einnig sálfræðiþjónustu af verktökum, Einholtsskóli fær þjónustu frá sálfræðingum Stuðla og Dalbrautarskóli frá Barna- og unglingsgeðdeild Landspítalans.

**Tafla 33. Tilvísanir til sálfræðideildar 1996 til 1999.**

	1996-1997	1997-1998	1998-1999
Fjöldi tilvísana	681	547	632
Hlutfall drengja	66,5%	64,5%	65,5%
Hlutfall stúlkna	33,5%	35,5%	34,5%
Hlutfall mála á biðlista að vori	14,5%	4,6%	5,2%

Málum sem vísað var til sálfræðideildar Fræðslumiðstöðvar fjölgaði um 15% milli 1997-1998 og 1998-1999, eða um 85 mál. Aukninguna má að hluta rekja til þess að á sálfræðideild störfuðu færri sálfræðingar 1997-1998 en árin á undan og eftir. Á þessum árum voru nemendur sem vísað var til sálfræðiþjónustu um 6% af heildarnemendafjölda í þeim skólum sem nutu þjónustunnar, sem er sama hlutfall og um 10 árum áður (sjá hér að framan). Drengir eru um 2/3 hluti þeirra sem njóta sálfræðiþjónustu og hefur það hlutfall ekki breyst undanfarin ár (tafla 33). Sálfræðiþjónusta dreifðist nokkuð jafnt á alla árganga grunnskólans.

**Tafla 34. Þrjár algengustu tilvísunarástæður drengja og stúlkna skólaárið 1998-1999.**

	Drengir		Stúlkur		Heild	
	Fjöldi	Hlutfall <sup>1</sup>	Fjöldi	Hlutfall <sup>1</sup>	Fjöldi	Hlutfall <sup>1</sup>
Nám	85	21,5%	51	24,6%	136	22,6%
Hegðun/samskipti	95	24,1%	28	13,5%	123	20,4%
Líðan	37	9,4%	44	21,3%	81	13,5%
Fleiri en ein <sup>2</sup>	88	22,3%	23	11,1%	111	18,4%
<b>Samtals</b>	<b>305</b>	<b>77,3%</b>	<b>146</b>	<b>70,5%</b>	<b>451</b>	<b>74,9%</b>

1) Hlutfall af þeim málum þar sem vísað var um tilvísunarástæðu. Upplýsingar vantaði um tilvísunarástæðu í málum 19 drengja og 11 stúlkna.

2) Mál þar sem fleiri en ein af þremur algengustu tilvísunarástæðunum vógu jafnþungt.

Örlítill breyting varð á tilvísunarástæðum milli skólaára, þ.e. fleiri stúlkum var vísað til sálfræðideildar vegna vanlíðan en skólárið á undan (tafla 34). Þær tilvísunarástæður sem kennarar merkja við þegar máli er vísað til sálfræðideildar gefa til kynna mat þeirra á því í hverju vandinn sé fólgin, þannig að sveiflur milli skólaára geta bent til breytinga á mati kennara milli ára.

#### *Kennsluráðgjöf*

Kennsluráðgjöf sem veitt er frá Fræðslumiðstöð Reykjavíkur má í grófum dráttum skipta í þrennt. Ráðgjöf vegna náms og kennslu almennt, ráðgjöf vegna bekkjarstarfs og ráðgjöf vegna einstaklinga. Ráðgjöf vegna bekkjarstarfs í ákveðnum bekkjum felur í sér athugun og ráðgjöf vegna heilla bekkja og geta ástæður ýmist verið erfiðleikar í bekk eða að kennari óskar eftir utanaðkomandi aðstoð vegna sérstakra verkefna eða fyrirhugaðra breytinga á kennsluháttum. Samtals fóru kennsluráðgjafar í 147 heimsóknir í 54 bekki í þessum tilgangi á árinu 1999 (sjá töflu 35). Þetta er nokkur fækkun frá fyrra ári og skýrist hún aðallega af færri starfsmönnum á kennsludeild seinni hluta árs 1999. Sum þessara mála komu til vegna einstakra nemenda.

**Tafla 35. Yfirlit yfir ráðgjöf við kennara vegna bekkjarstarfs og heimsóknir í bekki.**

Skólastig	Fjöldi bekkja	Fjöldi heimsókna
Yngri barna stig, 1.-4. bekkur	33	74
Miðstig, 5.-7. bekkur	17	50
Unglingastig, 8.-10. bekkur	4	23
<b>Samtals</b>	<b>54</b>	<b>147</b>

Þrír starfsmenn kennsludeildar, þ.e. deildarstjóri og tveir sérkennsluráðgjafar, vinna að málum einstakra nemenda sem vísað er til deildarinnar. Á árinu 1999 var unnið að málum 257 nemenda á kennsludeild. Í töflu 36 má sjá hverjar ástæður tilvísana voru.

**Tafla 36. Einstaklingsmál sem bárust kennsludeild.**

Ástæða	Fjöldi einstaklinga
Hegðun og samskipti	68
Fötlun	62
Námsvandi	45
Nemendur í sérdeild/sérskóla	39
Flutningur milli sveitarfélaga/landa	38
Annað	5
<b>Samtals</b>	<b>257</b>

#### *Samantekt og umræða*

Starfsmenn Fræðslumiðstöðvar unnu að málum yfir 1.000 nemenda á árinu 1999. Umboðsmaður foreldra og skóla tók við um 130 málum, forstöðumaður þjónustusviðs um 80 málum og kennsludeild sinni a.m.k. 260 einstaklingsmálum á árinu 1999. Þetta voru alls 470 nemendamál en fjöldi þeirra var rúmlega 3% af heildarnemendafjölda. Yfir 600 málum var vísað til sálfræðinga skólaárið 1998-1999 (úr þremur þjónustuhverfum af fjórum) sem var tæplega 6% af nemendafjölda þeirra skóla sem sálfræðingarnir sinntu. Líkur eru á að tölur hér að ofan skarist að einhverju marki, þ.e. tveir aðilar sinni máli sama nemanda. Þess skal getið að auk þessa vinna starfsmenn á Fræðslumiðstöð að einstaklingsmálum nýbúa, en málefni þeirra voru ekki viðfangsefni þessarar rannsóknar. Hlutur sálfræðinga er stærstur af ofangreindum málum, en oft koma þeir fyrstir að máli sem þarf úrlausn með greiningarvinnu. Mikilvægt er að greiningar sálfræðinga nýtist kennurum við val á nemendum í sérkennslu og skipulag inntaks hennar, sbr. niðurstöður hér að framan. Velta má fyrir sér hvort mál sem koma t.d. til úrvinnslu forstöðumanns þjónustusviðs og kennsludeildar árlega séu í raun ekki of mörg og hvort mögulegt væri að styrkja skólana sjálfa til að leysa úr vanda sem allra flestra nemenda.

## IV. UMRÆÐA

Stór hópur nemenda í grunnskólum Reykjavíkur nýtur sérkennslu eða séraðstoðar að einhverju tagi. Mikilvægt er að þessi aðstoð sé sem allra best á hverjum tíma og nýtist nemendum á leið þeirra til aukins þroska. Farið var af stað með þá rannsókn sem hér hefur verið lýst í þeim tilgangi að nýta niðurstöður hennar til þess að bæta enn frekar framkvæmd sérkennslu í skólunum. Við upphaf könnunarinnar voru settar fram eftirfarandi spurningar: Hve margir nemendur fá sérkennslu í grunnskólum Reykjavíkur? Hvers vegna fá nemendur sérkennslu í grunnskólum Reykjavíkur og hverjir taka ákvörðun þar um? Hvað er kennt í sérkennslu? Hvernig er skipulag og framkvæmd sérkennslu í grunnskólum Reykjavíkur? Hver eru viðhorf foreldra nemenda í sérskólum til skólagöngu barna sinna? Til að svara þessum spurningum var unnið úr gögnum sem safnað hefur verið árlega á Fræðslumiðstöð Reykjavíkur um framkvæmd sérkennslu í skólunum, tekin voru viðtöl við fjölda umsjónarkennara í 4. og 7. bekkjum í Reykjavík þar sem a.m.k. einn nemandi var í sérkennslu, spurningalisti sendur til talkennara og loks var spurningalisti sendur til foreldra nemenda í tveimur sérskólum. Auk þess voru ýmis fyrirliggjandi gögn skoðuð, s.s. nemendaskrá, vinnugögn við gerð starfsáætlunar og ársskýrslur.

Niðurstöður gefa allskýra mynd af framkvæmd sérkennslu í grunnskólum Reykjavíkur og mun skýrari mynd en áður hefur legið fyrir. Mikilvægt er að kortleggja með þessum hætti framkvæmd á mikilvægum þætti skólastarfsins bæði til þess að skólar og skólayfirvöld geti byggt ákvarðanir um breytingar og framtíðarþróun á grunni upplýsinga og ráðgjafar á þessu sviði á Fræðslumiðstöð geti mótað sér stefnu um þjónustu sína á grunni ítarlegra upplýsinga. Þannig tryggjum við nemendum okkar besta mögulega kennslu á hverjum tíma.

### Helstu niðurstöður

Hér verða helstu niðurstöður dregnar saman og ræddar. Rannsóknarspurningunum er svarað í stuttu máli og fjallað um helstu niðurstöður úr einstökum þáttum könnunarinnar.

#### *Um 19,5% nemenda í sérkennslu og sérúrræðum*

Þessari könnun var ætlað að leiða í ljós hve stórt hlutfall af grunnskólanemendum í Reykjavík væri í sérkennslu, sérdeildum eða sérskólum. Niðurstöður leiddu í ljós að um 14% nemenda að meðaltali voru í almennri sérkennslu, þó misjafnt eftir árgöngum eða frá um 4% í 1. bekk upp í 19% í 4. bekk að meðaltali og misjafnt eftir skólum eða frá 6% upp í 24%, um 3% í talkennslu (geta skarast á við nemendur í almennri sérkennslu), rúmlega 1% í sérdeildum allan skóladaginn eða hluta hans og um 1,5% grunnskólanemenda í Reykjavík voru í sérskólum og sérhæfðum sérdeildum. Hluti nemenda í sérskólum og sérhæfðum deildum eiga lögheimili utan Reykjavíkur, en voru hér meðtaldir. Því eru tæplega 20% nemenda í sérkennslu og sérúrræðum í Reykjavík sem er hærra en í Noregi, Danmörku og New Brunswick í Kanada, svo nefnd séu dæmi sem fjallað var um hér að framan. Hlutfall nemenda í sérkennslu virðist hafa hækkað smám saman frá því sérkennsla hófst með skipulegum hætti fyrir nokkrum áratugum.

Munur á milli skóla vakti athygli. Ekki var unnt að sjá að mismunandi bakgrunnur nemenda í hverfi skýrði muninn. Skýringa á þessum mun getur verið að leita í framkvæmd sérkennslunnar. Sums staðar eru margir nemendur í sérkennslu af því að nokkrum nemendum er gjarnan kennt saman og í fáa tíma á viku, en annars

staðar getur verið að mikið sé um einstaklingskennslu og hver nemandi fái marga tíma á viku í sérkennslu og allt þar á milli. Hér gætu hefðir innan einstakra skóla ráðið ferð. Talsverður munur kom einnig fram á milli hverfa. Í þjónustuhverfunum fjórum voru allt frá um 13% nemenda í sérkennslu eða sérdeild upp í 17% að talkennslu undanskilinni. Munur á félagslegum bakgrunni var ekki skýring á þessum mun.

Þegar reynt var að kanna „þörf“ fyrir sérkennslu með því að spyrja umsjónarkennara þar um, kom í ljós að um þriðjungur nemenda var sagður í þörf fyrir sérkennslu. Stór hluti þessara nemenda var með einkunnir vel yfir 20% lægstu einkunna. Þegar hlutfall nemenda sem taldir eru í þörf fyrir sérkennslu er orðið svo hátt, vaknar sú spurning hvort ekki þurfi fremur að endurskoða kennsluhætti í almenntri kennslu þar sem þeir virðast ekki henta stórum hluta nemenda. E.t.v. má aðlaga kennslu í bekk betur að nemendum.

Sótt er um fyrir talsvert fleiri nemendur í sérdeild en fá inngöngu. Það bendir til að menn hafi trú á að sérdeildir gagnist nemendum vel. Mun fleiri nemendur eru í sérdeild á unglingsstigi en á yngsta og miðstigi og algengara er að nemendur með hegðunarvanda séu í sérdeild á yngri stigum en unglingsstigi. Þannig virðist ekki áhersla á að sérdeildir séu fyrst og fremst fyrirbyggjandi aðgerðir snemma á skólagöngu. Sérhæfðum sérdeildum er greinilega að fækka og sumar að hverfa.

Hlutfall nemenda í sérkennslu og sérúrræðum er talsvert hátt. Vert er að skoða hvort stefna ætti að því að sinna nemendum með „væga“ sérkennsluþörf í meira mæli í bekk með breyttum kennsluháttum, sjá umræðu hér síðar.

#### *Sérkennsla vegna námsvanda en einnig hegðunarvanda*

Í öðru lagi var þessari athugun ætlað að svara því hvers vegna nemendur væru í sérkennslu og hverjir tækju ákvörðun þar um. Fram kom að meginástæður þess að nemendur fá sérkennslu samkvæmt einstaklingsnámskrá sé námslegur og hegðunarlegur vandi. Um 60% nemenda í sérkennslu og um 60% nemenda í almennum sérdeildum eru þar vegna námsvanda af ýmsum toga, bæði almenns og sértæks. Það kemur að sjálfsögðu ekki á óvart. Um 15% nemenda í sérkennslu eru þar vegna félags- og tilfinningalegra örðugleika eða hegðunarvanda og um 37% nemenda í sérdeildum eru þar vegna hegðunarvanda, tilfinningalegra og geðrænna örðugleika og félagslegra aðstæðna. Um 25% nemenda í almenntri sérkennslu eru þar vegna fjölbættra vandamála, fötlunar, slysa o.fl.

Í könnun meðal umsjónarkennara í 4. og 7. bekk kom í ljós að um 13% allra nemenda í þessum bekkjum eða 112 nemendur af 851 nemanda höfðu fengið greiningu hjá sérfræðingi og voru um 73% þar af í sérkennslu. Aðeins höfðu um 44% nemenda í sérkennslu í þessum bekkjum fengið greiningu. Umsjónarkennarar vissu til þess að greining hefði legið fyrir þegar ákveðið var að nemandi fengi sérkennslu í tilviki 23% nemenda í sérkennslu í þessum bekkjum. Þetta bendir til þess að greining sé ekki mikið notuð sem grunnur að ákvörðun um að nemandi fari í sérkennslu.

Einkunnir virðast fremur vera notaðar sem viðmið þegar ákveðið er að nemandi fái sérkennslu en greining sérfræðinga. Athygli vakti þó að sumir nemendur í sérkennslu höfðu fengið nokkuð háar einkunnir á samræmdum prófum, jafnvel einkunnir yfir landsmeðaltali. Nemendur sem voru með einkunnir í hærri kantinum og trufluðu kennslu oft að mati umsjónarkennara voru líklegri til að fá sérkennslu en nemendur með sömu einkunnir sem sjaldan trufluðu kennslu. Um 40% nemenda í sérkennslu voru með einkunnir yfir um 20% lægstu einkunn. Álykta má af niðurstöðum að sérkennsla í lestri og stærðfræði sé að einhverju leyti notuð til að taka nemendur með hegðunarvanda úr út tímum.

Einnig vekur athygli að sérkennslan virðist að miklum meirihluta vera nýtt fyrir drengi, en þeir voru yfir 70% nemenda í almennri sérkennslu og voru 66% þeirra sem vísað var til sálfræðinga.

Einkunnir virðast að hluta notaðar sem viðmið um sérkennslu, en greining sérfræðinga mun minna. Þetta bendir til að brýnt sé að skilgreina viðmið um val á nemendum í sérkennslu.

#### *Lestur og stærðfræði helstu námsgreinar í sérkennslu*

Þriðja spurningin sem lögð var til grundvallar þessari athugum beindist að námsgreinum í sérkennslu. Niðurstöður voru skýrar, um 95-99% nemenda í sérkennslu fá hana í íslensku, þ.e. lestri og stafsetningu, og stærðfræði.

#### *Tæplega 6% nemenda í 1.-7. bekk í talkennslu*

Í könnun meðal átta talkennara sem sinntu 20 skólum kom fram að um 7% nemenda í 1.-7. bekk hefðu þörf fyrir talkennslu að þeirra mati og þá langmest í 1.-3. bekk, en tæplega 6% fengu talkennslu haustið 1998. Í um 15 skólum af 20 virtist þörf fullnægt, en athygli vekur hve mikill munur var á skólum hvað varðaði þörf fyrir talkennslu að mati talkennara. Þessi munur getur stafað af mun á viðmiðum þegar þörf er skilgreind. Því er ekki síður brýnt að skilgreina viðmið um val á nemendum í talkennslu en aðra sérkennslu.

#### *Meðaltímafjöldi á nemanda í almennri sérkennslu á viku um 3,6 kennslustundir*

Skoðað var hve sérkennslunemendur fengu margar kennslustundir í sérkennslu að meðaltali á viku. Í ljós kom að stundir í sérkennslu á nemanda voru 3,6 að meðaltali. Þetta var þó mjög misjafnt eftir aldri nemenda. Fæstar voru stundirnar í 1. bekk eða rúmlega tvær á viku, en flestar á unglingsstigi. Í könnun meðal umsjónarkennara í 4. og 7. bekk kom fram að meirihluti nemenda í sérkennslu í þessum bekkjum eða um 73% voru fjórar stundir eða færri í sérkennslu á viku. Athygli vakti hvað stundirnar gátu orðið margar. Tekið skal fram að nemendur í talkennslu og sérdeildum eru ekki taldir hér með.

#### *Um 60-70% stunda í hópkenndu, 10-15% í kenndu inni í bekk og 10-15% í einstaklingskenndu*

Þessari könnun á sérkennslu í grunnskólum Reykjavíkur var m.a. ætlað að svara því hvernig skipulag og framkvæmd sérkennslu væri. Nemendum er ýmist kennt einum sér eða í litlum hópum í sérkennslu. Meirihluti kennslustunda í sérkennslu eða 60-70% eru nýtt fyrir nemendahópa þar sem nemendur af svipaðri getu eru saman (getumiðaðir hópar) og er þá kennt ýmist eftir hópáætlun eða einstaklingsáætlun. Um 10-15% stunda voru nýtt fyrir sérkennslu inni í bekk sem er nokkuð lágt hlutfall með hliðsjón af stefnu um blöndun. Svo virðist sem þetta hlutfall hafi farið lakkandi síðastliðinn áratug, en í könnun frá 1992 var þetta hlutfall 17%. Um 10-15% stunda í sérkennslu voru nýtt fyrir einstaklingskenndu sem segja má að sé nokkuð hátt hlutfall. Í blönduðu fyrirkomulagi (10-20%) eru einnig einstaklingstímar.

Nemendur eru í sérkennslu samkvæmt sérkennsluáætlun, annað hvort einstaklingsáætlun eða hópáætlun. Athygli vakti hve ólíkt var milli skóla hvort nemendur í sérkennslu lærðu samkvæmt einstaklingsáætlun eða hópáætlun (einstaklingsnámskrá eða hópáætlun). Í sumum skólum er sérkennsla nánast eingöngu samkvæmt hópáætlun og í öðrum er yfir 80% kennslunnar samkvæmt einstaklingsáætlun. Einnig kom fram munur á hverfum hvað varðar námsáætlanir, t.d. var minna um að nemendur fengu sérkennslu eftir einstaklingsáætlun í Grafarvogi en í hinum þjónustuhverfunum þremur. Meðaltímafjöldi á viku var hærrí hjá nemendum

með einstaklingsáætlun (4,2) en hjá nemendum með hópáætlun (3,3). Ætla má að árangursríkara sé fyrir hvern og einn að gerð sé fyrir hann einstaklingsáætlun.

*Nám í tveimur sérskólum í yfir 80% tilfella í samræmi við óskir foreldra*

Fimmta og síðasta spurningin sem lá að baki þessari athugun var um viðhorf foreldra nemenda í sérskólum til náms barna sinna. Fram kom að yfir 80% foreldra nemenda í Öskjuhlíðarskóla og Safamýrarskóla sem svöruðu könnun þar um sögðu að ákvörðun um nám í sérskóla hefði verið í samræmi við vilja og óskir foreldra.

Staða sérskólanna er að breytast. Staða Vesturhlíðarskóla breytist þegar skólinn verður tvíburaskóli við Hlíðaskóla. Umræða hefur lengi staðið um sameiningu Safamýrarskóla og Öskjuhlíðarskóla. Staða Dalbrautarskóla er í athugun og rætt um að bjóða fyrst og fremst upp á sjúkrahúskennslu á Barna- og unglingsgeðdeild fyrir nemendur sem þar eru lagðir inn eins og gert er á barnadeildum sjúkrahúsa, en stofnað verði langtímaskólaúrræði fyrir mikið geðfatlaða nemendur (gæti verði sérdeild við skóla). Loks mætti athuga samhengi í rekstri og samvinnu Einholtsskóla og Bjarkarhlíðar í Réttarholtsskóla, en þessi úrræði miðast við nemendur í miklum félagslegum vanda.

## **Nýting niðurstaðna**

Mikilvægt er að nýta þær niðurstöður sem hér hafa verið kynntar. Er hægt að setja skýrari viðmið um val á nemendum í sérkennslu? Hvernig má bæta kennsluhætti í sérkennslu, þ.m.t. niðurröðun tíma, áætlanir, hópastærðir og kennsluaðferðir? Má aðgreina betur en gert hefur verið viðbrögð við margs konar vanda? Má nýta greiningu og ráðgjöf sálfræðinga betur? Má fækka nemendum í sérkennslu með því að breyta kennsluháttum í almenntri kennslu og auka ráðgjöf til kennara innan skólanna?

*a) Sett verði viðmið um val á nemendum í sérkennslu*

Ljóst er af niðurstöðum þessarar athugunar að viðmið um val á nemendum í sérkennslu liggja ekki fyrir í skólunum. Einkunnir virðast nýttar að hluta en ljóst er að sérfræðigreining, einkum frá sálfræðingum, er ekki nýtt að því marki sem búast hefði mátt við. Séu einkunnir notaðar við ákvörðun um að nemandi fari í sérkennslu, þarf að liggja fyrir hvaða einkunn t.d. í lestri á ákveðnu prófi eða prófum verður til þess að nemandi í ákveðnum árgangi fái sérkennslu. Jafnframt þarf að endurskoða með hvaða hætti sálfræðingar leggja fram greiningu á námslegri stöðu nemenda og tryggja að greiningin nýtist umsjónarkennurum til að meta stöðu nemenda sinna þegar ákvarðanir eru teknar um sérkennslu eða ekki. Lagt er til að sálfræðingar beini ráðgjöf sinni í auknum mæli að aðstæðum nemenda í bekk og viðbrögðum kennara við greiningu. Jafnframt þarf kennurum að standa til boða námskeið um nýtingu sálfræðilegra greininga.

*b) Mismunandi viðbrögð við námsvanda og hegðunarvanda*

Niðurstöður benda til að brugðist sé við námsvanda og hegðunarvanda á svipaðan hátt, þ.e. með sérkennslu í lestri og íslensku almennt og stærðfræði. Ætla má að oft henti það viðkomandi nemendum, en einnig má ætla að nemendur með hegðunarvanda hafi þörf fyrir annars konar viðbrögð. Því er hér lagt til að skólar hugi að því að aðgreina viðbrögð við námsvanda annars vegar og hegðunarvanda hins vegar. Nemendur í námsvanda hafa væntanlega þörf fyrir aðstoð í grunngreinum eins og lestri eða íslensku og stærðfræði. Aftur á móti er hér lagt til að þróaðar verða nýjar leiðir til að koma til móts við nemendur með hegðunarvanda. Þar má nefna styrkari bekkjarstjórnun, breytta kennsluhætti, atferlisþjálfun og námsráðgjöf. Eigi atferlisþjálfun að verða liður í viðbrögðum skólanna við hegðunarvanda, þarf að vinna

að því að komið verði á námi eða þjálfun fyrir kennara eða fólk t.d. með BA-próf í sálfræði eða uppeldisfræði í atferlisþjálfun. Hér á landi hefur nokkur hópur fólks hlotið slíka þjálfun.

#### *c) Einstaklingsáætlanir fyrir alla nemendur í sérkennslu*

Í niðurstöðum þessarar athugunar kom fram að aðeins um þriðjungur nemenda í sérkennslu stundaði námið samkvæmt einstaklingsáætlun eða einstaklingsnámskrá. Vel getur verið að kennarar veigri sér við að gera einstaklingsáætlanir ef þeir hafa ekki fengið þjálfun í slíkum vinnubrögðum. Fræðslumiðstöð hefur boðið upp á námskeið í gerð einstaklinganámskráa og þarf trúlega að fjölga þeim tilboðum. Ætla má að sé gerð áætlun um nám nemenda í sérkennslu þar sem sett eru einstaklingsmiðuð markmið til að keppa að, sækist nemendum námið betur.

#### *d) Aðlöguð kennsla*

Fram kom í könnun meðal umsjónarkennara í 4. og 7. bekk að um þriðjungur nemenda væri í þörf fyrir sérkennslu að mati þeirra og foreldra. Þetta er hátt hlutfall. Það leiðir hugann að því að e.t.v. þyrfti að breyta með einhverjum hætti kennsluháttum svo þeir komi til móts við alla nemendur en ekki aðeins hluta. E.t.v. má huga að því að gera námið meira nemendamíðað en nú er með einhvers konar áætlunum einstakra nemenda þar sem sett eru fram skammtíma- og langtíma-markmið, viðhafa sem fjölbreyttastar kennsluáðferðir þar sem mismunandi aðferðir henta mismunandi nemendum, nýta mismunandi námsefni fyrir nemendur þótt allir séu í raun að vinna að sama verkefni og hópaskiptingu innan bekkjar. Hér er í raun átt við samvirkt nám (multilevel instruction) til þess að koma til móts við margbreytileikann í nemendahópnum. Loks má nefna aukið samstarf kennara og tveggja kennara kerfi sem gæti komið nemendum að gagni sem þurfa meiri aðstoð en aðrir. Minnt er á að í aðalnámskrá fyrir grunnskóla almennum hluta er fjallað um sveigjanlega kennsluhætti og nauðsyn þess að aðlaga kennsluna að færni og þroska nemenda. Æskilegt er að hver skóli setji sér stefnu í sérkennslumálum og komi hún fram í starfsáætlun skóla/skólanámskrá.

#### *e) Ráðgjöf innan skólanna*

